# Nokia 5500 Sport Notendahandbók

3. útgáfa, IS

LEYFISYFIRLÝSING
Við, NOKIA CORPORATION, lýsum því yfir að framleiðsluvaran RM-86 er í samræmi við eftirfarandi samþykkt: 1999/5/EC. Afrit af Samræmisyfirlýsingunni má finna á http://www.nokia.com/phones/declaration_of_conformity/

CE0434

Merkið sem sýnir yfirstrikaða ruslafötu táknar að innan Evrópusambandsins verði að fara með vöruna á sérstaka staði til förgunar að líftíma hennar liðnum. Þetta á við um tækið þitt en einnig um þá aukahluti sem merktir eru á þennan hátt. Hendið þessum vörum ekki með heimilisúrgangi.

Copyright © 2007 Nokia. Allur réttur áskilinn.

Hvers konar afritun, yfirfærsla, dreifing eða varðveisla á hluta skjals þessa eða skjalsins alls er óheimil nema að fyrir fram fengnu skriflegu samþykki Nokia.

Nokia, Visual Radio, Nokia Connecting People, og Pop-Port eru vörumerki eða skrásett vörumerki Nokia Corporation. Önnur vöruheiti eða heiti fyrirtækja sem nefnd eru hér geta verið vörumerki eða vöruheiti viðkomandi eigenda.

Nokia tune og Visual Radio eru vörumerki Nokia Corporation.

This product includes software licensed from Symbian Software Ltd. © 1998-2007. Symbian and Symbian OS are trademarks of Symbian Ltd.

Java™ and all Java-based marks are trademarks or registered trademarks of Sun Microsystems, Inc.

US Patent No 5818437 and other pending patents. T9 text input software Copyright © 1997-2007. Tegic Communications, Inc. All rights reserved.

This product is licensed under the MPEG-4 Visual Patent Portfolio License (i) for personal and noncommercial use in connection with information which has been encoded in compliance with the MPEG-4 Visual Standard by a consumer engaged in a personal and noncommercial activity and (ii) for use in connection with MPEG-4 video provided by a licensed video provider. No license is granted or shall be implied for any other use. Additional information, including that related to promotional, internal, and commercial uses, may be obtained from MPEG LA, LLC. See <http://www.mpegla.com>.

Þessi vara er háð leyfinu MPEG-4 Visual Patent Portfolio License (i) til einkanotkunar og án viðskiptatilgangs í tengslum við upplýsingar sem hafa verið kótaðar samkvæmt staðlinum MPEG-4 Visual Standard af neytanda í persónulegum tilgangi og án viðskiptatilgangs og (ii) til notkunar í tengslum við MPEG-4 hreyfimynd sem fengin er hjá hreyfimyndaveitu með leyfi. Ekkert leyfi er veitt eða undirskilið til neinnar annarrar notkunar. Viðbótarupplýsingar, svo sem notkun í auglýsingum, innan fyrirtækis og í viðskiptum, má fá hjá MPEG LA, LLC. Sjá <http://www.mpegla.com>.

Nokia framfylgir stefnu sem felur í sér stöðuga þróun. Nokia áskilur sér rétt til að gera breytingar og úrbætur á hvers konar vöru sem getið er í þessu skjali án undangenginnar tilkynningar.

Nokia ber undir engum kringumstæðum ábyrgð á tapi gagna eða tekjutapi og ekki á beinu eða óbeinu tjóni, þar á meðal útlögðum kostnaði, tekjutapi eða missi ágóða, af hvaða orsökum sem tjón kann að vera.

Inntak þessa skjals er afhent „eins og það kemur fyrir". Umfram það, er lög áskilja, er engin ábyrgð veitt, hvorki berum orðum eða undirskilin, á nákvæmni, áreiðanleika eða inntaki þessa skjals, á það meðal annars, en ekki eingöngu, við um söluhæfni eða ábyrgð á að varan hentl tiltekinni notkun. Nokia áskilur sér rétt til að endurskoða skjalið eða draga það tilbaka hvenær sem er án undangenginnar tilkynningar.

Birgðir á tilteknum vörum geta verið breytilegar eftir svæðum. Kannaðu málið hjá næsta söluaðila Nokia.

Þetta tæki uppfyllir ákvæði tilskipunar 2002/95/EC um takmarkanir á notkun tiltekinna hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði.

Tæki þetta kann að innihalda vörur, tækni eða hugbúnað sem lýtur útflutningslögum og reglugerðum í Bandaríkjunum og öðrum löndum. Breytingar á flutningsleiðum sem ekki samræmast lögum eru óheimilar.

YFIRLÝSING FCC/INDUSTRY CANADA

Tækið þitt getur valdið truflunum á sjónvarpi eða útvarpi (til dæmis þegar sími er notaður nálægt viðtökutæki). FCC eða Industry Canada gætu krafist þess að þú hættir að nota símann ef ekki er hægt að koma í veg fyrir slíkar truflanir. Ef þú þarft aðstoð skaltu hafa sambandi við þjónustuaðila í nágrenni við þig. Þetta tæki er í samræmi við 15. hluta af reglum FCC. Notkun þess er háð eftirfarandi tveimur skilyrðum: (1) Tækið má ekki valda skaðlegum truflunum; og (2) Tækið verður að taka við öllum truflunum sem það verður fyrir, þ.m.t. truflunum sem geta valdið óæskilegri virkni þess. Sérhverjar breytingar sem Nokia hefur ekki samþykkt geta ógilt heimild notandans til notkunar búnaðarins.

ÁN ÁBYRGÐAR
Þau forrit frá þriðju aðilum sem finna má í tækinu kunna að hafa verið búin til og vera í eigu aðila eða fyrirtækja sem ekki tengjast Nokia. Nokia á ekki höfundarréttindi eða hugverkaréttindi að þessum forritum þriðju aðila. Nokia tekur því hvorki ábyrgð á aðstoð við notendur, virkni þessara forrita eða þeim upplýsingum sem fylgja forritunum eða efninu. Nokia veitir enga ábyrgð á þessum forritum þriðju aðila. MEÐ NOTKUN SINNI VIÐURKENNIR NOTANDINN AÐ FORRITIN ERU AFHENT EINS OG ÞAU KOMA FYRIR ÁN ÞESS AÐ NOKKUR ÁBYRGÐ SÉ VEITT, BERUM ORÐUM EÐA ÓBEINT, AÐ ÞVÍ MARKI SEM HEIMILT ER Í VIÐKOMANDI LÖGUM. NOTANDINN VIÐURKENNIR JAFNFRAMT AÐ HVORKI NOKIA NÉ TENGD FÉLÖG VEITA NOKKURS KONAR FYRIRSVAR EÐA ÁBYRGÐ, BERUM ORÐUM EÐA ÓBEINT, ÞAR Á MEÐAL EN EKKI EINGÖNGU ÁBYRGÐ Á EIGNARRÉTTI, SÖLUHÆFNI EÐA HÆFNI TIL TILTEKINNAR NOTKUNAR, EÐA ÞVÍ AÐ FORRITIN BRJÓTI EKKI GEGN EINKARÉTTI, HÖFUNDARRÉTTI, VÖRUMERKJARÉTTI EÐA ÖÐRUM RÉTTINDUM ÞRIÐJA AÐILA.

3. útgáfa, IS

# Efni


**Öryggisatriði ..... 6**

**Almennar upplýsingar ..... 9**
Listi yfir aðgerðir ..... 9
Aðgangslyklar ..... 9
Aðstoð og þjónustuupplýsingar um Nokia ..... 10

**1. Hafist handa ..... 11**
SIM-kort, microSD-kort og rafhlaða sett í símann ..... 11
Rafhlaðan hlaðin ..... 13
Kveikt og slökkt á símanum ..... 13
Tími og dagsetning stillt ..... 13
Hefðbundin notkunarstaða ..... 13
Samskipanastillingar ..... 14

**2. Síminn þinn ..... 15**
Takkar og hlutar ..... 15
Biðhamur ..... 16
Stöður ..... 17
Vísar ..... 17
Fletta og velja ..... 18
Valmynd ..... 18
Kennsluforrit ..... 19
Hjálp ..... 19
Stilling hljóðstyrks ..... 19
Takkalás (Takkavari) ..... 20
Vasaljós ..... 20

**3. Símtöl ..... 20**
Hringt úr símanum ..... 20
Símtali svarað eða hafnað ..... 22
Notkunarskrá ..... 23

**4. Ritun texta ..... 24**
Hefðbundin textaritun ..... 24
Flýtiritun ..... 25
Afrita og eyða texta ..... 26

**5. Skilaboð ..... 26**
Skilaboð rituð og send ..... 27
Innhólf—taka á móti skilaboðum ..... 29
Mínar möppur ..... 30
Pósthólf ..... 30
Úthólf ..... 31
Skilaboð á SIM-kortinu skoðuð ..... 32
Endurvarpi ..... 32
Ritill þjónustuskipana ..... 32
Stillingar skilaboða ..... 32
Skilaboðalesari ..... 36

**6. Tengiliðir ..... 36**
Haldið utan um tengiliði ..... 37
Umsjón með tengiliðahópum ..... 37
Hringitónn settur inn ..... 37
Símanúmer tengt við hraðvalstakka ..... 38

**7. Gallerí ..... 38**
Aðgerðir í galleríinu ..... 38
Skrám hlaðið niður ..... 39

**8. Miðlunarbúnaður ..... 39**
Myndavél ..... 39
RealPlayer ..... 40
Upptaka ..... 41
Flash Player ..... 42

**9. Þjónusta (netvafri) ..... 42**
Síminn settur upp fyrir vefþjónustuna ..... 42
Tengingu komið á ..... 43
Bókamerki skoðuð ..... 43
Öryggi tenginga ..... 44
Vefsíður skoðaðar ..... 44
Niðurhleðsla ..... 45
Tenging rofin ..... 45
Skyndiminni tæmt ..... 45
Stillingar vafra ..... 46

**10. Eigin forrit ..... 46**
Þemu ..... 46
Staðsetning ..... 47
Leiðsögn ..... 47
Leiðarmerki ..... 48

**11. Skipuleggjari ............ 48**
Klukka ............ 48
Dagbók ............ 48
Umreiknari ............ 50
Minnismiðar ............ 51
Reiknivél ............ 51
Skráarstjórn ............ 51
Minniskort ............ 52
Zip-stjórnkerfi ............ 53

**12. Verkfæri ............ 54**
Raddskipanir ............ 54
Talhólf ............ 55
Hraðval ............ 55
Snið ............ 55
Stillingar ............ 56
Stjórnandi forrita ............ 66
Opnunarlyklar ............ 67
Stjórnun tækis ............ 68
Gagnaflutningur ............ 69
Talstilling ............ 69
Stillingahjálp ............ 70
Bankstillingar ............ 70

**13. Tengingar ............ 70**
PC Suite ............ 70
Bluetooth-tenging ............ 70
Spjall ............ 73
Stjórnandi tenginga ............ 78
Kallkerfi ............ 78
Ytri samstilling ............ 83
Innrauð tenging ............ 84
Mótald ............ 85
USB-gagnasnúra ............ 86

**14. Tónlist ............ 86**
Tónlistarspilari ............ 86
Visual Radio ............ 88

**15. Íþróttir ............ 92**
Æfingar ............ 93
Markmið sett ............ 93
Af stað ............ 93
Dagbók ............ 94
Próf ............ 94
Stillingar ............ 95
Nokia Sports Manager ............ 95

**16. Upplýsingar um rafhlöðu ............ 95**
Hleðsla og afhleðsla ............ 95
Leiðbeiningar um sannvottun á rafhlöðum frá Nokia ............ 96

**Umhirða og viðhald ............ 98**

**Viðbótaröryggisupplýsingar ............ 99**

**Atriðisorðaskrá ............ 102**

# Öryggisatriði

Lesið þessar einföldu leiðbeiningar. Sé þeim ekki fylgt getur það verið hættulegt eða varðað við lög. Lesa skal alla notendahandbókina til að fá nánari upplýsingar.

ÖRYGGI ÞEGAR KVEIKT ER Á TÆKINU
Ekki kveikja á símanum þar sem notkun þráðlausra síma er bönnuð eða þar sem hún kann að valda truflunum eða hættu.

UMFERÐARÖRYGGI GENGUR FYRIR
Fara skal að öllum staðbundnum lögum. Ætíð skal hafa hendur frjálsar til að stýra ökutækinu við akstur. Umferðaröryggi skal ganga fyrir í akstri.

TRUFLUN
Allir þráðlausir símar geta verið næmir fyrir truflunum, sem getur haft áhrif á virkni þeirra.

SLÖKKT SKAL Á SÍMANUM Á SJÚKRASTOFNUNUM
Virða skal allar takmarkanir. Slökkva skal á símanum nálægt lækningabúnaði.

HAFA SKAL SLÖKKT Á SÍMANUM Í FLUGVÉLUM
Virða skal allar takmarkanir. Þráðlaus tæki geta valdið truflunum í flugvélum.

SLÖKKT SKAL Á SÍMANUM ÁÐUR EN ELDSNEYTI ER TEKIÐ
Ekki nota símann nærri eldsneytisdælu. Notist ekki í námunda við eldsneyti eða sterk efni.

SLÖKKVA SKAL Á SÍMANUM ÞAR SEM VERIÐ ER AÐ SPRENGJA
Virða skal allar takmarkanir. Ekki nota símann þar sem verið er að sprengja.

NOTIST AF SKYNSEMI
Notist aðeins í hefðbundinni stöðu eins og lýst er í leiðbeiningum með vörunni. Forðast skal óþarfa snertingu við loftnetið.

NOTIST AF SKYNSEMI
Aðeins viðurkennt starfsfólk má setja upp eða gera við þessa vöru.

AUKAHLUTIR OG RAFHLÖÐUR
Aðeins má nota samþykkta aukahluti og rafhlöður. Ekki má tengja saman ósamhæf tæki.

VATNSHELDNI
Símtækið er ekki vatnshelt. Halda skal því þurru.

ÖRYGGISAFRIT
Muna skal að taka öryggisafrit eða halda skrá yfir allar mikilvægar upplýsingar sem geymdar eru í símanum.

**TENGING VIÐ ÖNNUR TÆKI**
Þegar tækið er tengt öðru tæki skal lesa notendahandbók með því vandlega, einkum upplýsingar um öryggi. Ekki má tengja saman ósamhæf tæki.

**NEYÐARSÍMTÖL**
Tryggja skal að kveikt sé á símanum og hann sé virkur. Til að hreinsa skjáinn og fara aftur í upphafsskjáinn skaltu styðja eins oft og þarf á hætta-takkann. Sláðu inn neyðarnúmerið og ýttu á hringitakkann. Gefa skal upp staðarákvörðun. Ekki má slíta símtali fyrr en að fengnu leyfi til þess.

## Um tækið

Þráðlausa tækið sem lýst er í þessari handbók er samþykkt til notkunar í GSM 900, 1800 og 1900 símkerfunum. Þjónustuveitan gefur nánari upplýsingar um símkerfi.

Hlíta skal öllum lögum og virða einkalíf og lögbundin réttindi annarra við alla notkun þessa tækis.

Þegar myndir eða myndinnskot eru tekin eða notuð skal fylgja öllum lögum og virða staðbundna siði auk einkalífs og lögbundinna réttinda annarra, þar á meðal höfundarréttar.

**Viðvörun:** Við notkun allra aðgerða í þessu tæki, annarra en vekjara, þarf að vera kveikt á tækinu. Ekki skal kveikja á tækinu þegar notkun þráðlausra tækja getur valdið truflun eða hættu.

## Sérþjónusta

Til að hægt sé að nota símann verður áskrift að þjónustuveitu fyrir þráðlausa síma að vera fyrir hendi. Margar aðgerðir í þessu tæki eru háðar því að aðgerðir í þráðlausa símkerfinu virki. Þessi sérþjónusta er hugsanlega ekki fyrir hendi í öllum símkerfum eða þörf getur verið á sérstökum ráðstöfunum hjá þjónustuveitunni áður en hægt er að nota sérþjónustu. Þjónustuveitan getur þurft að gefa viðbótarfyrirmæli um notkun og útskýra hvaða gjöld eiga við. Sum símkerfi kunna að hafa takmarkanir sem hafa áhrif á hvernig hægt er að nota sérþjónustu. Sum símkerfi styðja t.d. ekki alla séríslenska bókstafi og þjónustu.

Þjónustuveitan kann að hafa beðið um að tilteknar aðgerðir væru hafðar óvirkar eða ekki gerðar virkar í tækinu. Ef svo er birtast þær ekki í valmynd tækisins. Tækinu kann einnig að hafa verið sérstaklega samskipað. Þessi samskipan kann að fela í sér breytingar á valmyndarheitum, röð valmynda og táknum. Þjónustuveitan gefur nánari upplýsingar.

Þetta tæki styður WAP 2.0 samskiptareglur (HTTP og SSL) sem keyra á TCP/IP samskiptareglum. Sumar aðgerðir þessa tækis, svo sem netvafur, tölvupóstur, kallkerfi, spjall og margmiðlunarboð krefjast símkerfisstuðnings við þessa tækni.

## ■ Aukahlutir, rafhlöður og hleðslutæki

Athuga ber tegundarnúmer hleðslutækja áður en þau eru notuð með þessu tæki. Þetta tæki er ætlað til notkunar þegar það er hlaðið orku frá AC-3 eða AC-4 hleðslutæki. Þetta tæki notar BL-5B rafhlöður.

**Viðvörun:** Aðeins skal nota rafhlöður, hleðslutæki og aukahluti sem Nokia hefur samþykkt til nota með þessari tilteknu tegund. Ef notaðar eru aðrar gerðir gæti öll ábyrgð og samþykki fallið niður og slíkri notkun getur fylgt hætta.

Seljandi símans veitir upplýsingar um fáanlega aukahluti sem samþykktir eru til notkunar.

Nokkur holl ráð varðandi fylgibúnað og aukahluti:

- Alla aukahluti og fylgibúnað skal geyma þar sem lítil börn ná ekki til.
- Þegar aukahlutur eða fylgibúnaður er tekinn úr sambandi skal taka í klóna, ekki leiðsluna.
- Athuga skal reglulega hvort aukahlutir fyrir bíla séu vel festir og vinni rétt.
- Uppsetningu flókinna aukahluta í bíla skal fela fagmönnum.

# Almennar upplýsingar

## Listi yfir aðgerðir

Síminn býður upp á ýmsa notkunarmöguleika sem koma sér vel í dagsins önn og má þar nefna dagbók, tölvupóst, klukku, vekjaraklukku, XHTML-netvafra og útvarp. Síminn er einnig með eftirfarandi aðgerðir:

- Skiptitakka til að skipta á fljótlegan hátt milli síma-, íþrótta- og tónlistarstöðu.
- Skilaboðalesara til að geta hlustað á textaskilaboð.
- Tónlistarspilara með stuðningi fyrir MP3, WMA, AAC og eAAC+ skrár.
- Íþróttastöðu sem inniheldur æfingavöktun, skrefmæli, æfingadagbók og æfingaáætlun.
- Bankskipanir til að geta hlustað á textaskilaboð, upplýsingar um æfingar og stjórnað tónlistarspilun.
- 2-megapixla myndavél með myndbandsupptöku.
- Raddstýrðar hringingar og raddskipanir.
- Bluetooth og innrauða tengingu.

## Aðgangslyklar

### Númerakóði læsingar

Númerakóði læsingar (5-10 tölustafir) hindrar að síminn sé notaður í leyfisleysi. Forstillta númerið er 12345. Breyttu númerinu, og geymdu nýja númerið á leyndum og öruggum stað sem er fjarri símanum. Í „Öryggi“ á bls. 62 er fjallað um það hvernig númerinu er breytt og síminn stilltur þannig að hann biðji um númerið.

Ef þú slærð inn rangt læsingarnúmer fimm sinnum í röð hundsar síminn frekari innslátt þess. Bíddu í fimm mínútur og sláðu númerið inn aftur.

Þegar tækið er læst kann að vera hægt að hringja í opinbera neyðarnúmerið sem er forritað í tækið.

### PIN-númer

- PIN-númerið (Personal Identification Number) og UPIN-númerið (universal personal identification number) (4-8 tölustafir) hindra að SIM-kortið sé notað í leyfisleysi. Sjá „Öryggi“ á bls. 62. PIN-númerið fylgir yfirleitt með SIM-kortinu.

- PIN2-númerið (4-8 tölustafir) fylgir hugsanlega SIM-kortinu og er nauðsynlegt til að komast í sumar aðgerðir.
- Nauðsynlegt er að slá inn PIN-númer öryggiseiningar til að fá aðgang að upplýsingum í öryggiseiningunni. PIN-númer öryggiseiningar fylgir SIM-kortinu ef það inniheldur öryggiseiningu.
- PIN-númer undirskriftar er nauðsynlegt fyrir rafrænu undirskriftina. PIN-númer undirskriftar fylgir SIM-kortinu ef það inniheldur öryggiseiningu.

## PUK-númer

PUK- (personal unblocking key) og UPUK-númerin (universal personal unblocking key) (8 tölustafir) þarf til að breyta lokuðum PIN- og UPIN-númerum. PUK2-númer er nauðsynlegt til að breyta læstu PIN2-númeri.

Hafi númerin ekki fylgt SIM-kortinu skaltu hafa samband við þjónustuveituna til að fá þau.

## Lykilorð útilokunar

Lykilorðs vegna útilokunar er krafist þegar *Útilokanir* er notaðar. Sjá „Útilokanir símtala“ á bls. 65. Þú getur fengið lykilorðið hjá þjónustuveitunni þinni.

Ef þú slærð inn rangt útilokunarlykilorð þrisvar sinnum í röð lokast lykilorðið. Hafðu samband við þjónustuveituna eða símafyrirtækið.

# ■ Aðstoð og þjónustuupplýsingar um Nokia

Á www.nokia.com/support eða staðbundnu vefsetri Nokia er hægt að finna nýjustu útgáfuna af þessari handbók, viðbótarupplýsingar, efni til niðurhals og þjónustu sem tengist Nokia-vörunni.

Á vefsetrinu er hægt að fá upplýsingar um notkun á Nokia-vörum og þjónustu. Ef hafa þarf samband við þjónustuborð skal skoða listann yfir staðbundna Nokia-þjónustuaðila (Nokia contact centers) á www.nokia.com/customerservice.

Vegna viðhaldsþjónustu skal finna næsta Nokia-þjónustuaðila (Nokia services center) á www.nokia.com/repair.

**Uppfærsla hugbúnaðar**

Nokia framleiðir stundum uppfærð forrit sem geta innihaldið nýjar aðgerðir eða virkað betur og afkastað meiru. Það kann að vera hægt að biðja um þessar uppfærslur með Nokia Software Updater forritinu. Til að uppfæra hugbúnað tækisins þarf Nokia Software Updater forritið og samhæfa tölvu með Microsoft Windows 2000 eða XP stýrikerfi, breiðbands-internetaðgang og samhæfa gagnasnúru til að tengja tækið við tölvuna.

Nánari upplýsingar um Nokia Software Updater forritið og niðurhal á því er að finna á www.nokia.com/softwareupdate eða vefsetri Nokia í eigin landi.

# 1. Hafist handa

## SIM-kort, microSD-kort og rafhlaða sett í símann

Alltaf skal slökkva á tækinu og aftengja hleðslutækið áður en rafhlaðan er fjarlægð.

Öll SIM-kort skal geyma þar sem lítil börn ná ekki til.

Geyma skal microSD-kort þar sem lítil börn ná ekki til.

Upplýsingar um framboð og notkun SIM-korta má fá hjá seljanda SIM-kortsins. Þetta getur verið þjónustuveitan, símafyrirtækið eða annar söluaðili.

Aðeins skal nota samhæf microSD-kort með þessu tæki. Önnur minniskort, svo sem Reduced Size MultiMedia-kort, passa ekki í raufina fyrir microSD-kortið og eru ekki samhæf þessu tæki. Notkun ósamhæfs minniskorts getur skemmt minniskortið og einnig tækið, og gögn sem eru geymd á ósamhæfa kortinu geta skaddast.

Aðeins skal nota microSD-kort sem Nokia hefur viðurkennt til notkunar með þessu tæki. Nokia notar minniskort samkvæmt viðurkenndum stöðlum en ekki er víst að öll önnur vörumerki virki rétt eða séu alveg samhæf þessu tæki.

1. Snúðu símanum þannig að bakhliðin snúi að þér og losaðu bakhliðina af honum með því að snúa skrúfunni um 90 gráður rangsælis, t.d. með smápeningi. Fjarlægðu bakhliðina.




2. Fjarlægðu rafhlöðuna með því að lyfta henni upp eins og sýnt er.



3. Til að losa SIM-kortsfestinguna skaltu renna henni í átt að örinni og lyfta henni svo upp. Komdu kortinu fyrir þannig að skábrúnin á SIM-kortinu snúi að skáhorninu. Snúðu SIM-kortsfestingunni niður og renndu henni í gagnstæða átt til að læsa henni.




4. Til að losa microSD-kortsfestinguna skaltu renna henni í átt að örinni og lyfta henni svo upp. Komdu microSD-kortinu fyrir þannig að gyllti snertiflöturinn fari fyrst inn og snertiflöturinn snúi niður þegar festingunni er snúið niður. Snúðu microSD-kortsfestingunni niður og renndu henni í gagnstæða átt til að læsa henni.




5. Settu rafhlöðuna aftur á sinn stað.




6. Settu bakhliðina aftur á. Gættu þess að þéttingar bakhliðarinnar séu á sínum stað. Læstu bakhliðinni með því að snúa skrúfunni um 90 gráður réttsælis.



# Rafhlaðan hlaðin



Stingdu hleðslutækinu í samband við rafmagnsinnstungu. Stingdu snúrunni úr hleðslutækinu í samband við hleðslutækistengið á símanum.

Ef rafhlaðan er alveg tæmd geta liðið nokkrar mínútur þar til hleðsluvísirinn birtist á skjánum eða þar til hægt er að hringja.

Hleðslutíminn fer eftir hleðslutækinu og rafhlöðunni. Hleðsla á BL-5B rafhlöðu með AC-3 hleðslutæki tekur um 2 klukkustundir og 20 mínútur og með AC-4 hleðslutæki um 1 klukkustund og 20 mínútur.

# Kveikt og slökkt á símanum



Styddu á rofann og haltu honum inni.

Ef beðið er um PIN-númer skaltu slá það inn og velja **Í lagi**.

Ef beðið er um læsingarnúmer skaltu slá það inn og velja **Í lagi**. Upphaflega stillingin á læsingarnúmerinu er 12345.

# Tími og dagsetning stillt

Til að stilla rétt tímabelti, tíma og dagsetningu skaltu velja núgildandi borg eða næstu borg á listanum sem er í sama tímabelti og slá síðan inn staðartíma og dagsetningu.

# Hefðbundin notkunarstaða

Síminn notist aðeins í hefðbundinni stöðu.

Í tækinu er innbyggt loftnet.



**Til athugunar:** Forðast skal óþarfa snertingu við loftnetið þegar kveikt er á tækinu eins og gildir um öll önnur tæki sem senda frá sér útvarpsbylgjur. Snerting við loftnetið hefur áhrif á móttökuskilyrði og getur valdið því að tækið noti meiri sendiorku en nauðsynlegt er. Ef forðast er að snerta loftnetssvæðið þegar tækið er notað verður virkni loftnetsins og líftími rafhlöðunnar líkt og best verður á kosið.



## Samskipanastillingar

Áður en hægt er að nota margmiðlunarboð, spjall, kallkerfi, tölvupóstforrit, samstillingu, straumspilun og vafra, verður að slá inn réttar samskipanastillingar í símanum. Síminn kann að setja sjálfkrafa upp stillingar fyrir vafra, margmiðlunarboð, aðgangsstað og straumspilun samkvæmt SIM-kortinu sem notað er. Stillingarnar er einnig hægt að fá í samskipanaboðum og þá þarf að vista þær í símanum. Nánari upplýsingar má fá hjá þjónustuveitunni eða næsta viðurkennda söluaðila Nokia.

Þegar stillingarnar berast í samskipanaboðum, og þær eru ekki vistaðar og virkjaðar sjálfkrafa, birtist *1 ný skilaboð* á skjánum. Veldu **Sýna** til að opna skilaboðin. Veldu **Valkostir** > *Vista* til að vista stillingarnar. Ef síminn biður um *PIN-númer fyrir stillingar:* skaltu slá inn PIN-númerið fyrir stillingarnar og velja **Í lagi**. Upplýsingar um PIN-númerið fást hjá þjónustuveitunni.

# 2. Síminn þinn

## Takkar og hlutar

Eyrnatól (1)

Vasaljós (2)

Hátalari (3)

Rofi (4)

Skruntakki (5)

Skiptitakki (6)

Valtakkar (7)

Hringitakki (8)

Hætta-takki (9)

Valmyndartakki (10)

Hreinsitakki (11)

Talnatakkar (12)

Innrautt tengi (13)

Ritfærslutakki (14)

Myndavélarlinsa (15)

Kallkerfistakki (16)

Hljóðstyrkstakkar (17)

Skrúfa á bakhlið (18)

Tengi fyrir hleðslutæki (19)

Þráðarauga fyrir úlnliðsól (20)

Pop-Port™ tengi (21)






# Biðhamur

Þegar kveikt er á símanum, og hann er skráður hjá símafyrirtæki, er hann í biðham og tilbúinn til notkunar.




Sendistyrkur (1)

Klukka (2)

Símafyrirtæki (3)

Dagsetning eða virkt snið (4)

Rafhlöðuvísir (5)

Flýtivísir vinstri valtakka (6)

Flýtivísir hægri valtakka (7)

Heiti virka sniðsins birtist í stað dagsetningar ef annað snið en *Almennt* eða *Ótengdur* er virkt.

Ef skipta á um snið er stutt á rofann og sniðið valið.

Styddu á hringitakkann til að opna lista yfir númer sem hringt hefur verið í nýlega.

Haltu hægri valtakkanum inni til að nota raddskipanir.

Tengingu er komið á við vefinn með því að halda inni **0**.

## Flýtivísar skruntakka í biðham

Ekki er hægt að nota flýtivísa skruntakka þegar tækið er í biðham.

Til að opna *Tengiliðir* skaltu skruna niður eða styðja á skruntakkann. Skrunaðu upp til að ræsa myndavélina. Til að opna *Dagbók* skaltu skruna til hægri. Til að skrifa textaboð skaltu skruna til vinstri.

Til að breyta flýtivísum skruntakka, sjá „Biðhamur“ í „Stillingar“ á bls. 57.

Sumir flýtivísar kunna að vera fastir og þeim er ekki hægt að breyta.

## Virkur biðskjár

Þegar tækið er í virkum biðham er hægt að nota aðalskjáinn til að opna mest notuðu forritin á fljótlegan hátt. Til að velja hvort virkur biðskjár birtist skaltu velja **Valmynd** > *Verkfæri* > *Stillingar* > *Sími* > *Biðhamur* > *Virkur biðskjár* > *Virkur* eða *Óvirkur*.

Á virkum biðskjá birtast sjálfgefnu forritin efst á skjánum og þar fyrir neðan dagbókin, verkefni og upplýsingar um það sem verið er að spila hverju sinni. Veldu forrit eða færslu og styddu á skruntakkann.

# Stöður

Símann er hægt að nota í þrem mismunandi stöðum: síma-, tónlistar- og íþróttastöðu. Í íþróttastöðunni er hægt að vakta afköst á æfingum, skipuleggja æfingar, setja sér markmið, vinna úr árangri og taka próf. Í tónlistarstöðunni er beint aðgengi að tónlistarspilaranum.

## Úr einni stöðu í aðra

Styðja skal á skiptitakkann til að skipta milli síma-, tónlistar- og íþróttastöðu. Ljósið á skruntakkanum verður rautt í smástund þegar íþróttastaðan er ræst, grænt þegar tónlistarstaðan er ræst og hvítt þegar síminn er ræstur.

# Vísar

Síminn tengist GSM-símkerfi.

Ein eða fleiri skilaboð hafa borist í möppuna *Innhólf* í *Skilaboð*.

Skilaboð bíða sendingar í *Úthólf*. Sjá „Úthólf" á bls. 31.

Þú hefur ekki svarað einhverjum símtölum. Sjá „Nýleg símtöl" á bls. 23.

Birtist ef *Gerð hringingar* er stillt á *Án hljóðs* og *Viðv.tónn skilaboða* og *Viðv.tónn tölvupósts* er stillt á *Óvirkt*. Sjá „Snið" á bls. 55.

Takkaborðið er læst. Sjá „Takkalás (Takkavari)" á bls. 20.

Það er kveikt á hátalaranum.

Vekjarinn er á.

**2** Símalína 2 er í notkun. Sjá *Lína í notkun* í „Símtöl" á bls. 58.

/

Öll móttekin símtöl eru flutt yfir í talhólf eða annað númer. Ef þú hefur tvær símalínur er flutningsvísirinn fyrir fyrri línuna **1** og fyrir þá síðari **2**.

Höfuðtól er tengt við símann.

Hljóðmöskvi er tengdur við símann.

Tengingin við Bluetooth-höfuðtól rofnaði.

**D / D⁺** Gagnasímtal er virkt.

Pakkagagnatenging er tiltæk.

Pakkagagnatenging er virk.

Pakkagagnatenging er í bið.

Kveikt er á Bluetooth.

Verið er að flytja gögn um Bluetooth. Sjá „Bluetooth-tenging“ á bls. 70.

Innrauð tenging er virk. Þegar innrauð tenging er virk en ekki í notkun blikkar vísirinn.

USB-tenging er virk.

Aðrir vísar kunna einnig að birtast. Upplýsingar um kallkerfisvísa, sjá „Kallkerfi“ á bls. 78.

## ■ Fletta og velja

Styddu á brún skruntakkans til að skruna til vinstri eða hægri, upp eða niður. Styddu á miðju skruntakkans til að velja auðkennda hluti.

### Hlutir í forriti merktir eða afmerktir

Til að merkja eða afmerkja hlut í forriti skaltu halda ritfærslutakkanum inni og styðja á skruntakkann. Til að merkja eða afmerkja nokkra hluti í röð skaltu halda ritfærslutakkanum inni og skruna upp eða niður.

## ■ Valmynd

Úr aðalvalmyndinni er hægt að komast í forrit símans. Aðalvalmyndin er opnuð með því að velja **Valmynd**.

Forrit og möppur eru opnaðar með því að skruna að þeim og styðja á skruntakkann.

Veldu **Valmynd** > **Valkostir** > *Breyta útliti* > *Tafla* eða *Listi* til að breyta útliti valmyndarinnar.

Ef röð aðgerða er breytt í valmyndinni getur hún verið önnur en hin sjálfgefna röð sem lýst er í þessari notendahandbók.

Til að loka forriti eða möppu skaltu velja **Til baka** og **Hætta** eins oft og þörf krefur til að fara aftur í biðham, eða velja **Valkostir** > *Hætta*.

Til að birta og skipta milli opinna forrita skaltu halda valmyndartakkanum inni. Skiptigluggi forrita opnast þá með lista yfir þau forrit sem eru opin. Skrunaðu að forriti og veldu það.

Keyrsla forrita í bakgrunni krefst aukinnar rafhlöðuorku og minnkar líftíma rafhlöðunnar.

## ■ Kennsluforrit

Í kennsluforritinu er kynning á aðgerðum símans og sýnt er hvernig á að nota hann. Kennsluforritð fer sjálfkrafa í gang þegar kveikt er á símanum í fyrsta skipti. Til að ræsa kennsluforritið handvirkt skaltu velja **Valmynd** > *Kennsla* og eitthvert atriði.

## ■ Hjálp

Tækið inniheldur hjálpartexta fyrir valmyndir þess. Þá má opna í forritum tækisins eða í aðalvalmyndinni.

Til að skoða hjálpartexta þegar forrit er opið skaltu velja **Valkostir** > *Hjálp*. Til að skipta milli hjálpartextans og forritsins sem er opið í bakgrunninum skaltu velja **Valmynd** og halda inni. Veldu **Valkostir** og úr eftirtöldum valkostum:

*Skrá yfir efni* — til að skoða skrá yfir tiltæk efni í viðkomandi flokki.

*Skrá yfir hjálparfl.* — til að skoða skrá yfir hjálparflokka.

*Leita e. efnisorðum* — til að leita að hjálparefni með lykilorðum.

Til að opna hjálpina úr aðalvalmyndinni skaltu velja *Verkfæri* > *Hjálp*. Í skránni yfir hjálparflokka skaltu velja forrit til að sjá hjálpartexta þess. Til að skipta milli hjálparskráarinnar, sem táknuð er með , og lykilorðalista, sem táknaður er með abc, skaltu skruna til vinstri eða hægri. Styddu á skruntakkann til að birta hjálpartextann.

## ■ Stilling hljóðstyrks

Til að stilla hljóðstyrk eyrnatóls eða hátalara meðan símtal fer fram eða þegar hlustað er á hljóðskrá skaltu styðja á hljóðstyrkstakkana.

Til að gera hátalarann virkan meðan símtal fer fram skaltu velja **Hátalari**.

Til að gera hátalarann óvirkan meðan símtal fer fram skaltu velja **Símtól**.

**Viðvörun:** Ekki skal halda tækinu nálægt eyranu þegar hátalarinn er notaður því hljóðstyrkur getur verið mjög mikill.

## ■ Takkalás (Takkavari)

Til að koma í veg fyrir að eitthvað gerist þegar stutt er óvart á takkana skaltu styðja á vinstri valtakkann og * innan 1,5 sekúndu til að læsa takkaborðinu.

Til að taka læsinguna af skaltu velja **Úr lás** og styðja á * innan 1,5 sekúndu.

Þegar takkarnir eru læstir kann að vera hægt að hringja í opinbera neyðarnúmerið sem er forritað í tækið.

## ■ Vasaljós

Til að kveikja og slökkva á vasaljósinu í biðham skaltu halda * inni.

# 3. Símtöl

## ■ Hringt úr símanum

1. Sláðu inn svæðis- og símanúmerið í biðham. Styddu á hreinsitakkann til að fjarlægja tölu.

   Þegar hringt er til útlanda skaltu styðja tvisvar á * til að fá fram alþjóðlega forskeytið (+ kemur í stað alþjóðlega svæðisnúmersins) og slá inn landsnúmerið, svæðisnúmerið (án 0, ef með þarf) og svo símanúmerið.

2. Styddu á hringitakkann til að hringja í númerið.

   Til að stilla hljóðstyrk meðan á símtali stendur skaltu styðja á hljóðstyrkstakkana.

3. Styddu á hætta-takkann að leggja á eða hætta við að hringja.

Þegar öryggisaðgerðir sem takmarka símtöl eru í notkun (svo sem útilokun, lokaður notendahópur og fast númeraval) kann að vera hægt að hringja í opinbera neyðarnúmerið sem er forritað í tækið.

Til að hringja úr *Tengiliðir* skaltu velja **Valmynd** > *Tengiliðir*. Skrunaðu að tilteknu nafni eða sláðu fyrstu stafi nafnsins og skrunaðu að nafninu. Styddu á hringitakkann til að hringja í númerið.

Til að hringja í talhólfið (sérþjónusta) skaltu halda **1** inni þegar síminn er í biðham. Tilgreina verður númer talhólfs til að hægt sé að hringja í það. Sjá „Talhólf“ á bls. 55.

Til að hringja í nýlega valið númer skaltu styðja á hringitakkann í biðham. Listi yfir þau 20 númer sem þú hefur hringt í eða reynt að hringja í birtist. Skrunaðu að númerinu sem þú vilt hringja í og styddu á hringitakkann.

Til að hringja kallkerfissímtal, sjá „Kallkerfi“ á bls. 78.

## Hraðval

Hægt er að tengja símanúmer við einn af hraðvalstökkunum **2** til **9**.
Sjá „Símanúmer tengt við hraðvalstakka“ á bls. 38.

Hringdu í hraðvalsnúmer með því að nota aðra hvora þessara aðferða:

- Styddu á hraðvalstakkann og síðan á hringitakkann.
- Ef *Hraðval* er stillt á *Virkt* skaltu halda hraðvalstakkanum inni þar til síminn hringir í númerið. Til að stilla *Hraðval* á *Virkt* skaltu velja **Valmynd** > *Verkfæri* > *Stillingar* > *Hringing* > *Hraðval* > *Virkt*.

## Raddstýrðar hringingar

Þú getur hringt með því að bera fram raddmerki sem hefur verið vistað í tengiliðalista símans. Raddskipun bætist sjálfkrafa við allar færslur í tengiliðalista símans.

Nota skal löng nöfn og forðast áþekk nöfn fyrir mismunandi númer.

### Hringt með raddstýringu

Ef forrit er að nota pakkagagnatenginguna til að senda eða taka á móti gögnum þarf fyrst að loka forritinu svo hægt sé að hringja með raddskipun.

**Til athugunar:** Notkun raddmerkja getur verið erfið í hávaðasömu umhverfi eða í neyðartilvikum, því ætti ekki að treysta eingöngu á raddstýrt val við allar aðstæður.

1. Haltu hægri valtakkanum inni þegar síminn er í biðham. Stuttur tónn heyrist og textinn *Tala núna* birtist á skjánum.

   Ef þú notar samhæft höfuðtól með höfuðtólstakka skaltu halda honum inni.

2. Berðu raddskipunina skýrt fram. Síminn spilar raddskipun þeirrar færslu sem passar best. Eftir 1,5 sekúndu hringir síminn í númerið; ef niðurstaðan er röng skaltu velja **Næsta** og síðan aðra færslu til að hringja í númer hennar.

   Þegar hringt er þjóna raddskipanir og raddstýrð hringing sama tilgangi.
   Sjá „Raddskipanir“ á bls. 54.

## Símafundi komið á

Símafundir eru sérþjónusta.

1. Hringdu í fyrsta þátttakandann.
2. Til að hringja í annan þátttakanda skaltu velja **Valkostir** > *Ný hringing*. Fyrra símtalið er sjálfkrafa sett í bið.

3. Til að tengja fyrsta þátttakandann við símafundinn þegar nýju hringingunni er svarað skaltu velja **Valkostir** > *Símafundur*.
   - Endurtaktu skref 2 ef þú vilt bæta nýjum þátttakanda við símtalið og veldu **Valkostir** > *Símafundur* > *Bæta í símafund*. Síminn styður símafundi með allt að sex þátttakendum.
   - Til að tala einslega við einn þátttakandann skaltu velja **Valkostir** > *Símafundur* > *Einkamál*. Veldu þátttakandann og styddu á **Einkamál**. Símafundurinn er settur í bið í símanum þínum. Aðrir þátttakendur geta haldið símafundinum áfram. Til að fara aftur á símafundinn skaltu velja **Valkostir** > *Bæta í símafund*.
   - Til að loka á þátttakanda skaltu velja **Valkostir** > *Símafundur* > *Sleppa þátttakanda*, skruna að þátttakandanum og velja **Sleppa**.
4. Styddu á hætta-takkann til að slíta símafundinum.

## ■ Símtali svarað eða hafnað

Styddu á hringitakkann til að svara símtali.

Til að stilla hljóðstyrk meðan á símtali stendur skaltu styðja á hljóðstyrkstakkana.

Til að taka hljóðið af áður en þú svarar skaltu velja **Hljótt**.

**Ábending:** Ef samhæft höfuðtól er tengt við símann er hægt að styðja á takka höfuðtólsins til að svara símtali og leggja á.

Styddu á hætta-takkann til að hafna símtalinu. Sá sem hringir heyrir þá „á tali" tón. Ef þú hefur virkjað *Símtalsfl.*-valflokkinn *Ef á tali* er símtal einnig flutt ef því er hafnað.

To send a text message to the caller informing why you cannot answer the call, select **Valkostir** > *Senda textaskilaboð*. Þú getur breytt texta skilaboðanna áður en þú sendir þau. Sjá *Hafna símtali með SMS* og *Texti skilaboða* í „Símtöl" á bls. 57.

### Símtal í bið

Til að gera aðgerðina *Símtal í bið* virka (sérþjónusta) skaltu velja **Valmynd** > *Verkfæri* > *Stillingar* > *Hringing* > *Símtal í bið* > *Gera virkt*.

Þegar talað er í símann er hægt að svara símtali í bið með því að styðja á hringitakkann. Fyrra símtalið er sett í bið. Styddu á hætta-takkann til að leggja á þann sem þú ert að tala við.

Til að skipta á milli símtalanna tveggja skaltu velja **Víxla**.

## Valkostir meðan á símtali stendur

Margir þeirra valkosta sem hægt er að nota meðan á símtali stendur flokkast undir sérþjónustu. Símafyrirtækið eða þjónustuveitan veitir nánari upplýsingar um það hvaða valkostir eru í boði.

Veldu **Valkostir** meðan á símtali stendur til að nýta þér einhvern af eftirfarandi valkostum:

*Hljóðnemi af* eða *Hljóðn. á*; *Virkja símtól*, *Virkja hátalara* eða *Virkja höfuðtól* (ef samhæft Bluetooth-höfuðtól er tengt); *Slíta símtali í gangi* eða *Slíta öllum símtölum*; *Ný hringing*; *Símafundur*; *Svara*; *Hafna*; *Víxla*; *Í bið* eða *Úr bið*; og *Opna virkan biðskjá*.

*Færa* — til að tengja símtal í bið við virkt símtal og aftengja sjálfan þig.

*Skipta um* — til að ljúka virku símtali og svara símtali í bið.

*Senda DTMF-tóna* — til að senda DTMF-tónastrengi (t.d. lykilorð). Sláðu inn DTMF-strenginn eða leitaðu að honum í *Tengiliðir*. Til að slá inn biðstaf (**w**) eða hléstaf (**p**) skaltu styðja endurtekið á *****. Til að senda tóninn skaltu velja **Í lagi**.

**Ábending:** Hægt er að bæta DTMF-tónum við reitina *Símanúmer* eða *DTMF-tónar* á tengiliðaspjaldi.

# Notkunarskrá

Í notkunarskránni geturðu skoðað upplýsingar um símtöl, textaskilaboð, pakkagagnatengingar og fax- og gagnasímtöl sem síminn hefur skráð.

Tengingar við ytra pósthólfið, margmiðlunarboðastöðina eða vefsíður eru sýndar sem gagnasendingar eða pakkagagnatengingar í almennu notkunarskránni.

**Til athugunar:** Reikningar þjónustuveitunnar fyrir símtöl og þjónustu kunna að vera breytilegir eftir eiginleikum símkerfisins, sléttun fjárhæða við gerð reikninga, sköttum og öðru slíku.

Sumir tímamælar, þar á meðal taltímamælir, kunna að verða endurstilltir við uppfærslu á þjónustu eða hugbúnaði.

## Nýleg símtöl

Síminn skráir móttekin símtöl, símtöl sem ekki er svarað og númer sem hringt var í ásamt áætlaðri lengd símtalanna. Númer móttekinna símtala og símtala sem ekki er svarað eru aðeins skráð ef símafyrirtækið styður þessar aðgerðir, ef kveikt er á símanum og hann innan þjónustusvæðis.

Til að sjá nýleg símtöl (sérþjónusta) skaltu velja **Valmynd** > *Notk.skrá* > *Síðustu símtöl* og tegund símtals.

**Listum yfir síðustu símtöl eytt**

Til að hreinsa alla lista yfir nýleg símtöl á skjánum *Síðustu símtöl* skaltu velja **Valkostir** > *Eyða síðustu símt.*. Ef þú vilt aðeins hreinsa einn lista skaltu opna listann sem þú vilt hreinsa og velja **Valkostir** > *Hreinsa skrá*.

## Almenn notkunarskrá

Til að skoða almennu notkunarskrána skaltu velja **Valmynd** > *Notk.skrá* og skruna til hægri.

Til að sía skrána skaltu velja **Valkostir** > *Sía* og tegund síu.

Til að eyða varanlega öllu innihaldi notkunarskrárinnar skaltu velja **Valkostir** > *Hreinsa notkun.skrá* > **Já**.

# 4. Ritun texta

Hægt er að slá inn texta, t.d. skilaboð, á hefðbundinn hátt eða með flýtiritun. Þegar texti er sleginn inn birtist efst til hægri á skjánum sem gefur til kynna flýtiritun, en gefur til kynna hefðbundinn innslátt. Til að kveikja eða slökkva á flýtiritun meðan texti er ritaður skaltu styðja tvisvar á **#** innan 1,5 sekúndu, eða styðja á ritfærslutakkann og velja *Kveikja á flýtiritun* eða *Flýtiritun* > *Slökkt á flýtiritun*.

**Abc**, **abc** eða **ABC** birtist við hliðina á innsláttarvísinum og gefur til kynna há- eða lágstafi. Til að skipta milli há- og lágstafa skaltu styðja á **#**.

**123** gefur til kynna tölustafastillingu. Til að skipta milli bókstafa- og tölustafastillingar skaltu halda **#** inni eða styðja á ritfærslutakkann og velja *Tölustafir* eða *Bókstafir*.

## ■ Hefðbundin textaritun

Styddu endurtekið á einhvern talnatakka (**1** til **9**) þar til tiltekinn stafur birtist. Það eru fleiri stafir á talnatakka en þeir sem eru prentaðir á hann. Það veltur á tungumálinu hvaða stafi er hægt að velja. Sjá *Tungumál texta* í „Sími" á bls. 56.

Ef næsti stafur sem slá skal inn er á sama takka og stafurinn sem þú varst að rita skaltu bíða þar til bendillinn birtist (eða skruna áfram til að ljúka biðtímanum) og slá inn stafinn.

Til að rita tölustaf skaltu styðja á talnatakkann og halda honum inni.

Alengustu greinarmerki og sérstafi er að finna á takka **1**. Til að fá fram fleiri stafi skaltu styðja á ***** eða á ritfærslutakkann og velja *Bæta í tákni*.

Styddu á hreinsitakkann til að eyða staf. Haltu hreinsitakkanum inni til að eyða fleiri en einum staf.

Styddu á **0** til að setja inn bil. Styddu þrisvar sinnum á **0** til að færa bendilinn í næstu línu.

## ■ Flýtiritun

Með flýtiritun er hægt að slá inn hvaða staf sem er með því að styðja aðeins einu sinni á hvern takka. Flýtiritunin er gerð virk með því að styðja á ritfærslutakkann og velja *Kveikja á flýtiritun*. Þá er flýtiritunin virk í öllum ritlum símans.

1. Til að rita tiltekið orð skaltu styðja á takka **2**—**9**. Styddu aðeins einu sinni á hvern takka fyrir hvern staf. Orðið breytist í hvert sinn sem þú styður á takka.

   Til að fá fram algengustu greinarmerkin skaltu styðja á **1**. Til að fá fram fleiri greinarmerki og sérstafi skaltu halda ***** inni eða styðja á ritfærslutakkann og velja *Bæta í tákni*.

   Styddu á hreinsitakkann til að eyða staf. Haltu hreinsitakkanum inni til að eyða fleiri en einum staf.

2. Þegar þú hefur slegið inn orð og það er rétta orðið skaltu staðfesta það með því að skruna áfram eða styðja á **0** til að setja inn bil.

   Ef orðið er rangt, getur þú valið úr eftirtöldum kostum:

   - Til að skoða samsvarandi orð sem orðabókin hefur fundið skaltu styðja endirtekið á *****.
   - Til að sjá lista yfir samsvarandi orð skaltu styðja á ritfærslutakkann og velja *Flýtiritun* > *Finna svipað*. Skrunaðu að orðinu sem þú vilt nota og styddu á skruntakkann til að velja það.

   Ef **?** birtist aftan við orðið er orðið sem þú vildir rita ekki að finna í orðabókinni. Til að bæta við orði í orðabókina skaltu velja **Stafa** eða styðja á ritfærslutakkann og velja *Flýtiritun* > *Bæta í orði*. Sláðu inn orðið (hámark 32 stafi) með hefðbundnum innslætti og veldu **Í lagi**. Orðinu er bætt í orðabókina. Þegar orðabókin er orðin full er elsta orðinu sem var sett inn í hana skipt út fyrir nýjasta orðið.

   Til að opna skjá þar sem þú getur breytt orðinu (þessi valkostur er aðeins til staðar ef orðið er virkt (undirstrikað)) skaltu styðja á ritfærslutakkann og velja *Flýtiritun* > *Breyta orði*.

### Ritun samsettra orða

Sláðu inn fyrri hluta samsetts orðs og staðfestu það með því að skruna áfram. Sláðu inn síðari hluta samsetta orðsins og til að ljúka innslætti á samsetta orðinu, skaltu styðja á **0** takkann til að bæta inn bili.

## ■ Afrita og eyða texta

1. Til að velja bókstafi og orð skaltu halda ritfærslutakkanum inni og skruna samtímis til vinstri eða hægri. Textinn er auðkenndur um leið og valið færist. Til að velja textalínur skaltu halda ritfærslutakkanum inni og skruna samtímis upp eða niður.
2. Til að afrita texta á klemmuspjald skaltu halda ritfærslutakkanum inni og velja samtímis **Afrita**.

   Ef þú vilt eyða valda textanum úr skjalinu skaltu styðja á hreinstakkann.
3. Til að setja textann inn á tiltekinn stað skaltu skruna þangað, halda ritfærslutakkanum inni og velja samtímis **Líma**.

# 5. Skilaboð

Þú getur búið til, sent, tekið á móti, skoðað, breytt og skipulagt textaboð, margmiðlunarboð, tölvupóstskeyti, kynningar og skjöl. Þú getur einnig tekið við skilaboðum og gögnum um Bluetooth-tengingu, tekið við og áframsent myndskilaboð, tekið við þjónustuboðum og skilaboðum frá endurvarpa og sent þjónustuskipanir.

Til að opna *Skilaboð* skaltu velja **Valmynd** > *Skilaboð*. Þá geturðu séð aðgerðina *Ný skilaboð* og lista yfir sjálfgefnar möppur:

*Innhólf* — inniheldur móttekin skilaboð, fyrir utan tölvupóstskeyti og skilaboð frá endurvarpa. Tölvupóstskeyti eru vistuð í möppunni *Pósthólf*. Til að lesa skilaboð frá endurvarpa skaltu velja **Valkostir** > *Upplýs. frá endurv.*.

*Mínar möppur* — til að skipuleggja skilaboðin þín með því að raða þeim í möppur.

*Pósthólf* — til að tengjast ytra pósthólfinu þínu til að sækja ný tölvupóstskeyti eða skoða áður sótt tölvupóstskeyti án tengingar. Þegar þú hefur tilgreint stillingar fyrir nýtt pósthólf birtist nafnið á því pósthólfi í stað *Pósthólf*.

*Uppköst* — vistar drög að skilaboðum sem hafa ekki verið send.

*Sendir hlutir* — vistar skilaboðin sem send hafa verið, utan þeirra sem send hafa verið um Bluetooth-tengingu. Þú getur breytt því hversu mörg skilaboð eru vistuð. Sjá „Aðrar stillingar“ á bls. 36.

*Úthólf* — vistar tímabundið skilaboð sem bíða sendingar.

*Tilkynningar* (sérþjónusta) — vistar skilatilkynningar textaboða, sérstakra skilaboðategunda, svo sem nafnspjalda, og margmiðlunarboða sem þú hefur sent. Hugsanlega geturðu ekki fengið skilatilkynningar um margmiðlunarboð sem hafa verið send á tölvupóstfang.

## Skilaboð rituð og send

Þráðlausa símkerfið kann að takmarka stærð MMS-skilaboða. Ef myndin sem bætt er inn fer yfir þessi mörk getur tækið minnkað hana þannig að hægt sé að senda hana með MMS.

Tækið styður sendingu textaskilaboða sem eru lengri en sem nemur lengdartakmörkunum á stökum skilaboðum. Lengri skilaboð verða send sem röð tveggja eða fleiri skilaboða. Þjónustuveitan tekur hugsanlega gjald í samræmi við það. Stafir sem nota kommur eða önnur tákn og stafir úr sumum tungumálakostum, eins og kínversku, taka meira pláss sem takmarkar þann fjölda stafa sem hægt er að senda í einum skilaboðum.

**Til athugunar:** Aðeins tæki með samhæfar aðgerðir geta tekið á móti og birt margmiðlunarskilaboð. Útlit skilaboða getur verið breytilegt eftir móttökutækinu.

Áður en þú getur sent og tekið á móti SMS-skilaboðum, margmiðlunarboðum eða tölvupósti, eða tengst við ytra pósthólf, verða réttar tengistillingar að vera fyrir hendi. Sjá „Stillingar skilaboða“ á bls. 32.

1. Til að búa til skilaboð skaltu velja **Valmynd** > *Skilaboð* > *Ný skilaboð* og úr eftirfarandi valkostum:

   *SMS-skilaboð* — til að búa til textaskilaboð.

   *Margmiðlunarboð* — til að búa til margmiðlunarboð (MMS).

   *Tölvupóstur* — til að búa til tölvupóstskeyti. Ef þú hefur enn ekki sett upp tölvupóstfang er spurt hvort þú viljir gera það.

   *Hljóðskilaboð* — til að búa til hljóðskilaboð. Sjá „Nokia Xpress hljóðskilaboð“ á bls. 28.

2. Í reitinn *Viðtak.* skaltu slá inn símanúmer eða netfang viðtakandans. Til að velja viðtakendur eða hópa úr *Tengiliðir* skaltu styðja á skruntakkann. Aðgreindu viðtakendur með semíkommu (;).
3. Þegar tölvupóstur eða margmiðlunarboð eru búin til skaltu skruna niður í efnisreitinn og slá inn hvert efni skilaboðanna er.
4. Skrunaðu niður til að fara í textasvæði skilaboðanna.

5. Skrifaðu skilaboðin.

   Þegar þú skrifar skilaboðin sýnir lengdarvísir skilaboðanna hve marga stafi þú getur slegið inn. Til dæmis merkir 10 (2) að enn megi bæta 10 stöfum í texta sem sendur verður í tveim hlutum.

   Til að nota sniðmát fyrir skilaboðin skaltu velja **Valkostir** > *Bæta í* > *Sniðmáti*. Til að búa til kynningu með sniðmáti sem senda skal sem margmiðlunarboð skaltu velja **Valkostir** > *Búa til kynningu*. Til að nota sniðmát fyrir margmiðlunarboðin skaltu velja **Valkostir** > *Setja inn hlut* > *Sniðmát*.

   Til að setja miðlunarhlut inn margmiðlunarskilaboð skaltu velja **Valkostir** > *Setja inn hlut* > *Mynd*, *Hljóðskrá* eða *Myndskeið*. Til að búa til og bæta við nýjum miðlunarhlut skaltu velja **Valkostir** > *Setja inn nýja* > *Mynd*, *Hljóðskrá*, *Myndskeið* eða *Skyggnu*. Þegar hljóði hefur verið bætt við birtist táknið .

   Til að bæta miðlunarhlut við tölvupóstskeyti skaltu velja **Valkostir** > *Bæta í* > *Mynd*, *Hljóðskrá*, *Myndskeið*, *Minnismiða* eða *Sniðmáti*.

6. Til að senda skilaboðin skaltu velja **Valkostir** > *Senda* eða styðja á hringitakkann.

Höfundarréttarvarnir geta komið í veg fyrir að hægt sé að afrita, breyta, flytja eða framsenda sumar myndir, tónlist (þar á meðal hringitóna) og annað efni.

## Nokia Xpress hljóðskilaboð

Hljóðskilaboð eru margmiðlunarboð með einu hljóðinnskoti. Til að búa til og senda hljóðskilaboð:

1. Veldu **Valmynd** > *Skilaboð* > *Ný skilaboð* > *Hljóðskilaboð*.
2. Í reitinn *Viðtak.* skaltu slá inn símanúmer eða netfang viðtakandans. Til að velja viðtakendur eða hópa úr *Tengiliðir* skaltu styðja á skruntakkann. Skrunaðu niður í skilaboðareitinn.
3. Til að taka upp nýtt hljóðinnskot skaltu velja **Valkostir** > *Setja inn hljóðskrá* > *Ný hljóðskrá*. Upptaka hefst.

   Til að nota áður upptekið hljóðinnskot skaltu velja **Valkostir** > *Setja inn hljóðskrá* > *Úr Galleríi*, skruna að hljóðinnskotinu og velja það.

4. Til að senda skilaboðin skaltu velja **Valkostir** > *Senda*.

## Stillingar fyrir tölvupóst

Áður en þú getur sent, tekið á móti, sótt, svarað og framsent tölvupóst verður þú að:

- Samstilla netaðgangsstað (IAP) á réttan hátt. Sjá „Tenging“ á bls. 58.

- Tilgreina stillingar tölvupósts á réttan hátt. Sjá „Stillingar fyrir tölvupóst“ á bls. 34.

Fylgdu leiðbeiningunum frá ytra pósthólfinu og internetþjónustuveitunni.

## ■ Innhólf—taka á móti skilaboðum

Veldu **Valmynd** > *Skilaboð* > *Innhólf*.

Þegar ólesin skilaboð eru í innhólfinu breytist táknið í .

Til að opna móttekin skilaboð skaltu velja **Valmynd** > *Skilaboð* > *Innhólf* og viðkomandi skilaboð.

**Mikilvægt:** Fara skal með gát þegar skilaboð eru opnuð. Hlutir í margmiðlunarboðum geta innihaldið skaðlegan hugbúnað eða skaðað tölvuna eða tækið á einhvern annan hátt.

### Margmiðlunarhlutir skoðaðir

Til að sjá lista yfir miðlunarhluti sem eru í margmiðlunarboðunum skaltu opna skilaboðin og velja **Valkostir** > *Hlutir*. Hægt er að vista skrána í símanum eða senda hana um Bluetooth-tengingu eða sem margmiðlunarboð til annars samhæfs tækis.

### Sérstakar skilaboðategundir

Síminn getur tekið á móti margs konar skilaboðum, svo sem skjátáknum símafyrirtækis, nafnspjöldum, dagbókarfærslum og hringitónum.

Til að opna móttekin skilaboð skaltu velja **Valmynd** > *Skilaboð* > *Innhólf* og viðkomandi skilaboð. Hægt er að vista innihald skilaboðanna í símanum. Til að vista t.d. móttekna dagbókarfærslu í dagbókinni skaltu velja **Valkostir** > *Vista í dagbók*.

**Til athugunar:** Myndboð er eingöngu hægt að nota ef símafyrirtæki eða þjónustuveita styðja aðgerðina. Aðeins samhæf tæki með möguleika á myndboðum geta tekið á móti og birt myndboð. Útlit skilaboða getur verið breytilegt eftir móttökutækinu.

### Þjónustuboð

Þjónustuboð (sérþjónusta) eru tilkynningar (svo sem fréttafyrirsagnir) og geta innihaldið textaboð eða veffang vafraþjónustu. Nánari upplýsingar um framboð og áskrift fást hjá þjónustuveitu.

## ■ Mínar möppur

Hægt að raða skilaboðum í möppur, búa til nýjar möppur og endurnefna og eyða möppum.

Veldu **Valmynd** > *Skilaboð* > *Mínar möppur*. Til að búa til möppu skaltu velja **Valkostir** > *Ný mappa* og slá inn heiti möppunnar.

## ■ Pósthólf

Veldu **Valmynd** > *Skilaboð* > *Pósthólf*.

Þegar þú opnar þessa möppu getur þú tengst ytra pósthólfinu (sérþjónusta) og gert eftirfarandi:

- Sótt tölvupóstsfyrirsagnir eða tölvupóst.
- Skoðað póstfyrirsagnir eða tölvupóst sem þú hefur áður sótt án þess að tengjast.

Þegar þú skrunar að pósthólfinu þínu og styður á skruntakkann spyr síminn hvort þú viljir *Tengjast pósthólfi?*. Veldu *Já* til að tengjast við pósthólfið eða *Nei* til að skoða tölvupóst sem þú hefur áður sótt án þess að tengjast.

Til að tengjast síðan pósthólfinu skaltu velja **Valkostir** > *Tengja*.

Þegar þú býrð til nýtt pósthólf kemur heiti þess pósthólfs sjálfkrafa í stað *Pósthólf* í aðalvalmynd skilaboða. Þú getur haft allt að sex pósthólf.

Þegar tenging er virk skaltu velja **Valkostir** > *Aftengja* til að rjúfa gagnasendinguna eða pakkagagnatenginguna við ytra pósthólfið.

### Tölvupóstur sóttur úr pósthólfi

1. Veldu **Valmynd** > *Skilaboð* > *Pósthólf* > **Valkostir** > *Tengja*. Tengingu hefur komið á við ytra pósthólfið.
2. Veldu **Valkostir** > *Sækja tölvupóst* og úr eftirtöldum valkostum:

   *Nýjan* — til að flytja allan nýjan tölvupóst í símann.

   *Valinn* — til að flytja aðeins þann tölvupóst sem hefur verið merktur.

   *Allan* — til að flytja allan tölvupóst úr pósthólfinu.
3. Eftir að þú hefur sótt tölvupóstinn getur þú skoðað hann á meðan tengingin er ennþá virk. Veldu **Valkostir** > *Aftengja* ef þú vilt loka tengingunni og skoða tölvupóstinn án tengingar.
4. Til að opna tölvupóst skaltu skruna að því tölvupóstskeyti sem þú vilt skoða og styðja á skruntakkann. Ef tölvupóstskeytið hefur ekki verið sótt, síminn er ekki nettengdur og þú velur *Opna* er spurt hvort þú viljir sækja tölvupóstinn úr pósthólfinu.

Til að skoða tölvupóstsviðhengi sem sýnd eru með 🖇 skaltu velja **Valkostir** > *Viðhengi*. Þú getur sótt, opnað eða vistað viðhengi með skráarsniði sem síminn styður. Þú getur einnig sent viðhengi um Bluetooth.

**Mikilvægt:** Fara skal með gát þegar skilaboð eru opnuð. Tölvupóstboð geta innihaldið skaðlegan hugbúnað eða skaðað tölvuna eða tækið á einhvern annan hátt.

## Tölvupósti eytt

### Eytt úr símanum

Til að eyða tölvupósti úr símanum en geyma hann samt áfram í ytra pósthólfinu skaltu velja **Valmynd** > *Skilaboð* > *Pósthólf* > **Valkostir** > *Eyða* > *Síma eingöngu*.

Fyrirsögn tölvupóstsins verður áfram í símanum. Ef þú vilt einnig fjarlægja fyrirsögnina þarftu fyrst að eyða tölvupóstinum úr ytra pósthólfinu og síðan að koma aftur á tengingu milli símans og ytra pósthólfsins til að uppfæra stöðuna.

### Eytt úr síma og miðlara

Til að eyða tölvupósti úr símanum og ytra pósthólfinu skaltu velja **Valkostir** > *Eyða* > *Síma og miðlara*.

### Hætt við að eyða

Til að hætta við að eyða tölvupósti bæði úr símanum og miðlara, skaltu fletta að tölvupóstinum sem hefur verið merktur þannig að það eigi að eyða honum við næstu tengingu og velja **Valkostir** > *Afturkalla*.

# ■ Úthólf

Mappan *Úthólf* er tímabundinn geymslustaður fyrir skilaboð sem bíða sendingar.

Til að opna *Úthólf* skaltu velja **Valmynd** > *Skilaboð* > *Úthólf*. Staða skilaboða:

*Sendir* — Síminn er að senda skilaboðin.

*Í bið*/*Í biðröð* — Síminn bíður eftir að geta sent skilaboð eða tölvupóst.

*Senda aftur kl. ...* (tími) — Sending hefur mistekist. Síminn reynir að senda skilaboðin aftur þegar tiltekinn tími er liðinn. Til að hefja sendingu strax aftur skaltu velja **Valkostir** > *Senda*.

*Seinkað* — Til að setja skjöl í bið meðan þau eru í möppunni *Úthólf* skaltu skruna að skilaboðum sem verið er að senda og velja **Valkostir** > *Seinka sendingu*.

*Mistókst* — Hámarksfjölda senditilrauna hefur verið náð.

## Skilaboð á SIM-kortinu skoðuð

Áður en þú getur skoðað SIM-skilaboð þarftu að afrita þau í möppu í símanum.

1. Veldu **Valmynd** > *Skilaboð* > **Valkostir** > *SIM-skilaboð*.
2. Merktu skilaboðin sem þú vilt afrita.
3. Til að afrita merktu skilaboðin skaltu velja **Valkostir** > *Afrita*, og möppuna sem afrita á skilaboðin í. Til að hefja afritun skaltu velja **Í lagi**.

## Endurvarpi

Þú getur tekið á móti boðum um mismunandi efni frá þjónustuveitunni, til dæmis um veður og umferð (sérþjónusta). Hafðu samband við þjónustuveituna til að fá upplýsingar um tiltæk málefni og efnisnúmer þeirra. Til að kveikja á þjónustunni, sjá *Upplýs. frá endurv.* í „Stillingar fyrir endurvarp“ á bls. 35.

Veldu **Valmynd** > *Skilaboð* > **Valkostir** > *Upplýs. frá endurv.*. Á skilaboðalistanum getur þú séð stöðu málefnisins, númer þess, heiti og hvort það hefur verið merkt (⚑) til uppfærslu.

Pakkagagnatenging getur hindrað móttöku upplýsinga frá endurvarpa.

## Ritill þjónustuskipana

Til að slá inn og senda þjónustuskipanir (einnig þekktar sem USSD-skipanir) til þjónustuveitunnar þinnar, s.s. skipanir um ræsingu símkerfisþjónustu, skaltu velja **Valmynd** > *Skilaboð* > **Valkostir** > *Þjónustuskipun*. Til að senda skipunina skaltu velja **Valkostir** > *Senda*.

## Stillingar skilaboða

### Stillingar fyrir textaboð

Veldu **Valmynd** > *Skilaboð* > **Valkostir** > *Stillingar* > *SMS-skilaboð* og úr eftirtöldum valkostum:

*Skilaboðamiðstöðvar* — sýnir lista yfir allar tilgreindar skilaboðamiðstöðvar.

*Skb.miðstöð í notkun* — tilgreinir hvaða skilaboðamiðstöð er notuð til að senda textaboð og sérstakar skilaboðategundir, svo sem nafnspjöld.

*Umritun stafa* > *Fullur stuðningur* — til að velja að allir stafirnir í sendum skilaboðum birtist. Ef þú velur *Minni stuðningur* kunna stafir með kommum og öðrum merkingum að breytast í aðra stafi.

*Fá tilkynningu* — Þegar stillt er á *Já* er staða sendra skilaboða (*Bíður*, *Mistókst*, *Skilað*) birt í *Tilkynningar* (sérþjónusta).

*Gildistími skilaboða* — Ef ekki næst í viðtakanda skilaboðanna á gildistímanum er boðunum eytt úr skilaboðastöðinni. Athugaðu að símkerfið verður að styðja þennan möguleika. *Hámarkstími* — Hámarkstíminn sem símakerfið leyfir að skilaboðin séu gild.

*Skilaboð send sem* — til að tilgreina hvernig skilaboðin eru send. Sjálfgefinn máti er *Texti*.

*Æskileg tenging* — Þú getur sent textaskilaboð um venjulegt GSM-símkerfi eða um pakkagagnatenginu, ef símkerfið styður það.

*Svar um sömu miðst.* (sérþjónusta) — Ef þú velur *Já* og viðtakandi svarar, þá eru svarskilaboð hans send um sama númer skilaboðamiðstöðvarinnar. Ekki bjóða öll símafyrirtæki upp á þennan valkost. Símafyrirtækið eða þjónustuveitan veitir nánari upplýsingar um það hvaða valkostir eru í boði.

## Stillingar fyrir margmiðlunarboð

Veldu **Valmynd** > *Skilaboð* > **Valkostir** > *Stillingar* > *Margmiðlunarboð* og úr eftirtöldum valkostum:

*Stærð myndar* — Tilgreindu stærð myndar í margmiðlunarboðum: *Lítil* (hámark 160 x 120 dílar) eða *Stór* (hámark 640 x 480 dílar). Ef þú velur *Upprunaleg* er myndin ekki kvörðuð.

*MMS-gerð* — Ef þú velur *Með viðvörunum* lætur síminn þig vita ef þú reynir að senda skilaboð sem ekki er víst að viðtökutæki styðji. Til að láta símann hindra sendingu óstuddra skilaboða skaltu velja *Takmörkuð*. Ef þú velur *Allt* er hægt að búa til skilaboð en ekki er víst að viðtakandinn geti skoðað skilaboðin.

*Aðg.staður í notkun* — Veldu hvaða aðgangsstaður er notaður sem tenging fyrir margmiðlunarboð.

*Móttaka margmiðl.* — Til að taka við margmiðlunarboðum á heimaneti skaltu velja *Sjálfvirk í heimakerfi*. Móttaka margmiðlunarskilaboða er þá óvirk þegar síminn er tengdur við annað símkerfi. Til að taka alltaf við margmiðlunarboðum skaltu velja *Alltaf sjálfvirk*. Til að sækja tölvupóst handvirkt skaltu velja *Handvirkt val*. Til að leyfa aldrei móttöku margmiðlunarboða og auglýsinga skaltu velja *Óvirk*.

*Leyfa nafnl. skilaboð* — Til að hafna skilaboðum frá óþekktum sendanda skaltu velja *Nei*.

*Fá auglýsingar* — Tilgreindu hvort þú vilt leyfa móttöku margmiðlunarboða sem innihalda auglýsingar.

*Tilkynning um skil* — Ef þú vilt að staða sendra skilaboða (*Bíður*, *Mistókst* eða *Skilað*) birtist í *Tilkynningar* skaltu velja *Já*. Hugsanlega geturðu ekki fengið skilatilkynningar um margmiðlunarboð sem hafa verið send á tölvupóstfang.

*Neita sendingu tilk.* > *Já* — Til að hafna því að skilatilkynningar séu sendar.

*Gildistími skilaboða* (sérþjónusta) — Ef ekki næst í viðtakanda skilaboða á gildistímanum eru skilaboðin fjarlægð úr margmiðlunarboðastöðinni. *Hámarkstími* er hámarkstíminn sem símakerfið leyfir að skilaboðin séu gild.

## Stillingar fyrir tölvupóst

### Stillingar pósthólfa

Veldu **Valmynd** > *Skilaboð* > **Valkostir** > *Stillingar* > *Tölvupóstur* > *Pósthólf* og pósthólf.

Ef ekki er búið að tilgreina neinar pósthólfsstillingar er spurt hvort þú viljir tilgreina þær. Tilgreina þarf gerð pósthólfsins, tölvupóstfang, miðlara fyrir móttekinn póst, miðlara fyrir útpóst, aðgangsstað og nafn pósthólfsins.

*Tengistillingar* — Til að tilgreina réttar stillingar fyrir *Móttekinn póstur* og *Sendur póstur* skaltu hafa samband við þjónustuveituna og fá stillingarnar.

#### Notandastillingar

Veldu *Notandastillingar* og úr eftirfarandi stillingum:

*Mitt nafn* — Sláðu inn nafnið sem á að birtast í sendum tölvupósti.

*Senda tölvupóst* (sérþjónusta) — Til að stilla hvenær senda skal tölvupóstinn skaltu velja *Strax* eða *Í næstu tengingu*.

*Afrit til sendanda* — Veldu *Já* til að senda afrit af tölvupóstinum til netfangsins sem tilgreint er í *Tölvupóstfangið mitt*.

*Nota undirskrift* — Veldu *Já* til að setja undirskrift í tölvupóstskeyti og til að búa til eða breyta undirskriftinni.

*Tilkynning um tölvup.* — Til að fá ekki tilkynningar um nýjan tölvupóst skaltu velja *Óvirkt*.

#### Móttökustillingar

Veldu *Móttökustillingar* og úr eftirfarandi stillingum:

*Sótt tölvupóstskeyti* — Til að fá aðeins fyrirsagnir skaltu velja *Aðeins hausar*. Til að takmarka hve mikið af gögnum er móttekið skaltu velja *Stærðartakmörk* og slá inn hámarksmagn gagna í hverjum skilaboðum í kílóbætum. Til að fá skilaboð og viðhengi skaltu velja *Sk.boð & viðhengi*. Valkostirnir *Stærðartakmörk* og *Sk.boð & viðhengi* standa einungis til boða í POP3-pósthólfum.

*Sótt magn* — Til að takmarka fjölda skilaboða sem sótt eru úr innhólfi ytra pósthólfsins skaltu velja *Úr innhólfi* > *Fjöldi tölvupósta* og slá inn hámarksfjölda skilaboða sem sækja skal. Einnig er hægt að takmarka fjölda skilaboða sem sótt eru úr öðrum möppum í áskrift í *Úr möppum* (aðeins IMAP4-pósthólf).

*IMAP4 möppuslóð* (aðeins IMAP4 mailboxes) — Tilgreindu slóð fyrir möppu í IMAP4-pósthólfum.

*Möppur í áskrift* (aðeins IMAP4-pósthólf) — Veldu möppur í pósthólfinu sem þú vilt gerast áskrifandi að. Til að gerast áskrifandi eða hætta áskrift að möppu skaltu skruna að henni og velja **Valkostir** > *Gerast áskrifandi* eða *Hætta í áskrift*.

**Sjálfvirk tenging**

Veldu *Sjálfvirk tenging* > *Síðuhausar sóttir* — Til að fá tölvupóstsfyrirsagnir sjálfkrafa á tilteknum fresti skaltu velja *Alltaf kveikt* eða *Bara á heimakerfi* ef þú vilt aðeins að heimakerfið móttaki fyrirsagnir. Aðeins er hægt að taka sjálfvirkt á móti fyrirsögnum í tvö pósthólf. Hægt er að stilla á hvaða dögum, hvaða tíma og hve oft fyrirsagnir eru sóttar í *Dagar til að sækja*, *Klst. til að sækja* og *Tímabil til að sækja*.

## Stillingar þjónustuboða

Veldu **Valmynd** > *Skilaboð* > **Valkostir** > *Stillingar* > *Þjónustusk.boð* og úr eftirfarandi stillingum:

*Þjónustuskilaboð* — Veldu hvort þú vilt taka við þjónustuboðum.

*Hlaða niður skilab.* — Veldu hvort hlaða skuli skilaboðum niður sjálfvirkt eða handvirkt.

## Stillingar fyrir endurvarp

Þjónustuveitan gefur upplýsingar um tiltæka endurvarpa (sérþjónusta) og hvaða efni og númer eru tiltæk.

Veldu **Valmynd** > *Skilaboð* > **Valkostir** > *Stillingar* > *Uppl. frá endurvarpa* og úr eftirfarandi stillingum:

*Móttaka* — Veldu *Virkt* eða *Óvirkt*.

*Tungumál* — *Öll* gerir þér kleift að fá skilaboð frá endurvarpa á öllum tiltækum tungumálum. *Valin* gerir þér kleift að velja á hvaða tungumálum þú vilt fá skilaboð frá endurvarpa. Ef tungumálið finnst ekki á listanum skal velja *Önnur*.

*Greina nýtt efni* — Ef skilaboð berast sem ekki tilheyra fyrirliggjandi efni má nota *Virkt* til að vista efnisnúmerið sjálfkrafa. Efnisnúmerið er vistað á efnislistanum og er sýnt án heitis.

## Aðrar stillingar

Veldu **Valmynd** > *Skilaboð* > **Valkostir** > *Stillingar* > *Annað* og úr eftirfarandi stillingum:

*Vista send skilaboð* — Þegar þessi kostur er valinn vistar síminn afrit af öllum textaskilaboðum, margmiðlunarboðum og tölvupósti sem þú hefur sent í möppuna *Sendir hlutir*.

*Fj. vistaðra skilab.* — Tilgreinir hversu mörg send skilaboð eru vistuð í einu í möppunni fyrir senda hluti. Þegar þeim mörkum er náð er elstu skilaboðunum eytt.

*Minni í notkun* — Veldu hvort skilaboð skulu vistuð í minni símans eða á minniskorti.

# ■ Skilaboðalesari

Með *Skilab.lestur* er hægt að hlusta á textaskilaboð í *Innhólf*.

Veldu **Valmynd** > *Sk.b.lestur*. Til að hlusta á skilaboð skaltu skruna til hægri og velja skilaboðin þar sem hefja skal lestur og velja **Spila**.

**Ábending:** Til að hlusta á textaskilaboð sem þér hafa borist þegar *1 ný skilaboð* birtast þegar tækið er í biðham skaltu halda vinstri valtakkanum inni þar til *Skilab.lestur* hefst.

**Ábending:** Þegar þér berast textaskilaboð, og vilt hlusta á þau með *Sk.b.lestur* skaltu innan 30 sekúndna frá móttöku þeirra banka tvisvar létt með fingurgómunum á efri hluta takkaborðsins. Til að hægt sé að nota bankskipanirnar þarf að gera þær virkar í *Bankstillingar*. Sjá „Bankstillingar" á bls. 70.



# 6. Tengiliðir

Hægt er að vista og skipuleggja tengiliðaupplýsinga, svo sem nöfn, símanúmer og heimilisföng. Þú getur einnig bætt persónulegum hringitón, raddmerki eða smámynd við tengiliðarspjald. Þú getur búið til tengiliðahópa og þannig sent textaboð eða tölvupóst til margra viðtakenda samtímis. Aðeins er hægt að senda upplýsingar um tengiliði á milli samhæfra tækja.

## Haldið utan um tengiliði

Veldu **Valmynd** > *Tengiliðir*.

Til að setja inn nýjan tengilið skaltu velja **Valkostir** > *Nýr tengiliður*. Fylltu út þá reiti sem þú vilt og veldu **Lokið**.

Til að breyta upplýsingum um tengilið skaltu skruna að honum og velja **Valkostir** > *Breyta*.

Til að velja sjálfgefin númer og heimilisföng tengiliðs skaltu velja hann og síðan **Valkostir** > *Sjálfvalin*. Skrunaðu að sjálfgefna valkostinum og veldu **Á númer**.

Til að afrita nöfn og númer af SIM-korti yfir í símann þinn skaltu velja **Valkostir** > *SIM-tengiliðir* > *SIM-skrá*. Skrunaðu að nöfnunum sem þú vilt afrita eða merktu þau og veldu **Valkostir** > *Afrita í Tengiliði*.

Til að afrita símanúmer, faxnúmer, eða símboðanúmer úr tengiliðum yfir á SIM-kortið þitt skaltu skruna að tengiliðnum sem þú vilt afrita og velja **Valkostir** > *Afrita* > *Á SIM-skrá*.

Til að sjá lista yfir fast númerval skaltu velja **Valkostir** > *SIM-tengiliðir* > *Í föstu númeravali*. Þessi stilling er aðeins sýnd ef SIM-kortið styður hana.

## Umsjón með tengiliðahópum

Búðu til tengiliðahóp til að geta sent textaskilaboð eða tölvupóst til margra viðtakenda í einu.

1. Skrunaðu til hægri og veldu **Valkostir** > *Nýr hópur*.
2. Sláðu inn heiti fyrir hópinn eða notaðu sjálfgefna heitið og veldu **Í lagi**.
3. Opnaðu hópinn og veldu **Valkostir** > *Bæta félögum við*.
4. Skrunaðu að þeim tengiliðum sem þú vilt setja í hópinn og styddu á skruntakkann til að merkja þá.
5. Veldu **Í lagi** til að setja alla merkta tengiliði í hópinn.

## Hringitónn settur inn

Þú getur sett hringitón við hvern tengilið eða hóp. Þegar sá tengiliður eða einhver í hópnum hringir í þig spilar síminn valda hringitóninn (ef símanúmer þess sem hringir er sent með hringingunni og síminn ber kennsl á það).

1. Veldu **Valmynd** > *Tengiliðir*.
2. Til að setja inn hringitón við tengilið skaltu velja tóninn og síðan **Valkostir** > *Hringitónn* og tiltekinn hringitón.

Til að setja hringitón við hóp skaltu velja hópalistann og skruna síðan að tengiliðahóp. Veldu **Valkostir** > *Hringitónn* og hringitón fyrir hópinn.

Til að fjarlægja hringitón af einstaklingi eða hópi skaltu velja *Sjálfvalinn tónn* sem hringitón.

## ■ Símanúmer tengt við hraðvalstakka

Hraðval er leið til að hringja á fljótlegan hátt í númer sem þú hringir oft í. Hægt er að tengja símanúmer við hraðvalstakka **2** to **9**. Númerið **1** er frátekið fyrir talhólfið. Gera þarf hraðvalið virkt til að hægt sé að nota það. Sjá *Hraðval* í „Símtöl" á bls. 57.

1. Veldu **Valmynd** > *Tengiliðir* og tengilið.
2. Skrunaðu að númeri og veldu **Valkostir** > *Skrá hraðval*. Skrunaðu að tiltekna hraðvalstakkanum og veldu **Á númer**. Þegar þú ferð til baka í tengiliðaskjáinn sérðu hvar birtist við hlið númersins.

Til að hringja í tengiliðinn með því að nota hraðvalið skaltu styðja á hraðvalstakkann og hringitakkann, eða halda hraðvalstakkanum niðri í biðham.

# 7. Gallerí

Veldu **Valmynd** > *Gallerí*.

Notaðu *Gallerí* til að geyma og skipuleggja myndir, myndskeið, lög, hljóðinnskot, spilunarlista, straumspilunartengla, .ram-skrár og kynningar.

Með því að opna Galleríið birtist listi yfir möppurnar í minninu. Skrunaðu að möppu (til dæmis *Myndir*) og styddu á skruntakkann til að opna hana.

Til að opna skrá skaltu skruna að henni og styðja á skruntakkann. Skráin opnast í réttu forriti.

Höfundarréttarvarnir geta komið í veg fyrir að hægt sé að afrita, breyta, flytja eða framsenda sumar myndir, tónlist (þar á meðal hringitóna) og annað efni.

## ■ Aðgerðir í galleríinu

Veldu **Valmynd** > *Gallerí* og möppu.

Til að gera mynd að veggfóðri skaltu velja *Myndir* og skruna að myndinni. Veldu **Valkostir** > *Nota sem veggfóður*. Til að tengja myndina við tengilið skaltu velja *Setja við tengilið*.

Til að afrita skrár í minni símans eða á minniskort skaltu skruna að skránni eða merkja skrárnar og velja **Valkostir** > *Skipuleggja* > *Afrita í minni síma* eða *Afrita á minniskort*.

Til að búa til myndamöppur og setja myndir í þær skaltu velja *Myndir*, skruna að mynd og velja **Valkostir** > *Skipuleggja* > *Ný mappa* og slá inn heiti möppunnar. Merktu myndirnar sem þú vilt setja í möppuna, veldu **Valkostir** > *Skipuleggja* > *Færa í möppu* og veldu möppu.

## Skrám hlaðið niður

Veldu **Valmynd** > *Gallerí*, möppuna fyrir þá skráartegund sem þú ætlar að hlaða niður og síðan niðurhalsaðgerðina (til dæmis *Myndir* > *Sækja myndir*). Vafrinn opnast. Veldu bókamerki fyrir síðuna sem þú vilt hlaða niður af. Sjá „Bókamerki skoðuð" á bls. 43.

# 8. Miðlunarbúnaður

## Myndavél

Til að nota myndavélina skaltu velja **Valmynd** > *Miðlar* > *Myndavél*.

Skrunaðu upp eða niður til að súmma að eða frá. Til að taka mynd skaltu styðja á skruntakkann. Myndin er vistuð í möppunni *Myndir* í *Gallerí* og hún birtist á skjánum. Til að fara aftur í myndgluggann skaltu velja **Til baka**. Styddu á hreinsitakkann til að eyða myndinni.

Til að taka myndaröð skaltu velja **Valkostir** > *Myndaröð* > *Kveikt* eða ýta á **4**. Þegar stutt er á skruntakkann tekur myndavélin sex myndir í röð og birtir myndirnar á töflu.

Til að nota næturstillingu í daufri birtu skaltu velja **Valkostir** > *Næturstilling* > *Kveikt* eða styðja á **1**.

Til að nota sjálfvirka myndatöku skaltu velja **Valkostir** > *Sjálfvirk myndataka* og hve langur tími þú vilt að líði áður en myndin er tekin. Styddu á skruntakkann og tímamælirinn fer í gang.

Til að stilla ljósgjafa eða litáferð skaltu velja **Valkostir** > *Stilla* > *Ljósgjafi* eða *Litáferð*.

Til að taka upp hreyfimynd skaltu skruna til hægri til að gera myndbandsupptöku virka og styðja á skruntakkann til að hefja upptöku.

Nokia tækið styður myndupplausn við myndatöku sem er 1600x1200 dílar.

## Stillingar myndavélarinnar

Til að breyta stillingum myndavélarinnar skaltu velja **Valmynd** > *Miðlar* > *Myndavél* > **Valkostir** > *Stillingar*.

Veldu *Mynd* og úr eftirfarandi stillingum:

*Gæði myndar* og *Upplausn myndar* — Því meiri sem gæðin og upplausnin eru, þeim mun meira minni tekur myndin.

*Sýna tekna mynd* — Til að birta ekki myndina sem tekin er skaltu velja *Nei*.

*Sjálfv. nafn myndar* — Til að breyta nöfnum á myndum sem eru teknar.

*Minni í notkun* — Til að velja hvort vista eigi myndirnar í minni símans eða á minniskortinu.

Veldu *Hreyfimynd* og úr eftirfarandi stillingum:

*Lengd* — Ef stillt er á *Hámarks* er lengd hreyfimyndarinnar aðeins takmörkuð af því minni sem er tiltækt. Ef stillt er á *Stutt* er upptökutíminn ákjósanlegur fyrir MMS-skilaboð.

*Upplausn hreyfimyn.* — Til að velja milli tveggja upplausna.

*Sjálfgefið heiti* — Til að velja nafn á hreyfimynd.

*Minni í notkun* — Til að velja hvort vista eigi hreyfimyndirnar í minni símans eða á minniskortinu.

# ■ RealPlayer

Með RealOne Player™ geturðu spilað miðlunarskrár, svo sem myndinnskot, sem eru geymdar í minni símans eða á minniskortinu og valið tengil til að spila miðlunarskrá þráðlaust með straumspilun. Til að opna RealPlayer skaltu opna **Valmynd** > *Miðlar* > *RealPlayer*.

RealPlayer styður ekki öll skrársnið eða öll afbrigði þeirra.

## Spilun miðlunarskráa

Til að spila miðlunarskrá í RealPlayer skaltu velja **Valkostir** > *Opna* og úr eftirfarandi:

*Nýjustu skrár* — til að spila miðlunarskrár sem nýlega hafa verið spilaðar.

*Vistaða skrá* — til að spila miðlunarskrár sem vistaðar eru í símanum eða á minniskortinu.

Til að straumspila efni:

- Veldu straumspilunartengil sem er vistaður í galleríinu. Komið er á tengingu við straumspilunarmiðlarann.
- Opnaðu straumspilunartengil á meðan þú vafrar á vefnum.

Til að straumspila efni verðurðu fyrst að setja upp stillingar fyrir sjálfgefinn aðgangsstað þinn. Sjá „Aðgangsstaðir“ á bls. 59.

Margar þjónustuveitur fara fram á að þú notir internetaðgangsstað (IAP) sem sjálfgefinn aðgangsstað. Aðrar þjónustuveitur leyfa notkun WAP-aðgangsstaða. Þjónustuveitan gefur nánari upplýsingar.

Aðeins er hægt að opna rtsp:// vefföng í RealPlayer. Það er ekki hægt að opna http:// vefföng. Hins vegar ber RealPlayer kennsl á http-tengil sem vísar í .ram-skrá þar sem .ram-skrá er textaskrá sem inniheldur rtsp-tengil.

**Viðvörun:** Ekki skal halda tækinu nálægt eyranu þegar hátalarinn er notaður því hljóðstyrkur getur verið mjög mikill.

### Flýtivísar meðan á spilun stendur

Skrunaðu upp til að fara áfram í skránni eða niður til að fara til baka.

Styddu á hljóðstyrkstakkana til að hækka og lækka.

## Stillingar

Veldu **Valkostir** > *Stillingar* > *Hreyfimynd* og úr eftirfarandi stillingum:

*Birtuskil* — Til að breyta birtuskilunum skaltu skruna til vinstri eða hægri.

*Endurtaka* — Veldu *Virk* til að láta mynd- eða hljóðskrá sem verið er að spila byrja sjálfkrafa frá byrjun þegar spilun hennar lýkur.

Veldu *Tenging* og úr eftirfarandi stillingum:

*Proxy* — til að tilgreina proxy-miðlara fyrir straumspilun.

*Símkerfi* — til að tilgreina netstillingar.

# ■ Upptaka

Með talupptöku er hægt að taka upp símtöl og talboð. Þegar símtal er tekið upp heyra allir viðkomandi hljóðmerki meðan á upptöku stendur.

Upptökuskrárnar eru vistaðar í *Gallerí*. Sjá „Gallerí“ á bls. 38.

Veldu **Valmynd** > *Miðlar* > *Upptaka*. Veldu **Valkostir** > *Taka upp hljóð* eða ◦. Til að hlusta á upptökuna skaltu velja ▷.

## ■ Flash Player

Með *Flash-spilari* er hægt að skoða, spila og hafa samskipti við flash-skrár í þráðlausum tækjum.

### Flash-skrár spilaðar

Veldu **Valmynd** > *Miðlar* > *Flash-spil.*.

Til að opna möppu eða spila flash-skrá skaltu skruna að henni og styðja á skruntakkann.

Veldu **Valkostir** og úr eftirfarandi stillingum:

*Allur skjárinn* — til að nota allan skjáinn við spilun. Til að fara aftur í venjulegan skjá skaltu velja *Venjulegur skjár*. Takkarnir sjást ekki þegar allur skjárinn er notaður en samt getur verið hægt að nota þá með því að styðja á annanhvorn þeirra fyrir neðan skjáinn.

*Passa á skjá* — til að spila skrána í upphafsstærð sinni eftir að hafa súmmað hana.

*Kveikt á skruni* — til að geta farið með skruntakkanum um skjáinn þegar súmmað hefur verið inn.

# 9. Þjónusta (netvafri)

Með *Þjónusta* er hægt að skoða vefsíður á HTML-, WML- eða XHTML-sniði.

**Mikilvægt:** Aðeins skal nota þjónustu sem er treyst og sem veitir nægilegt öryggi og vörn gegn skaðlegum hugbúnaði.

Veldu **Valmynd** > *Þjónusta* eða haltu inni **0**-takkanum í biðham.

Athuga skal upplýsingar um þjónustu, verðlagningu og gjaldskrá hjá símafyrirtæki eða þjónustuveitu. Þjónustuveitur veita einnig leiðbeiningar um hvernig nota eigi þjónustu þeirra.

## ■ Síminn settur upp fyrir vefþjónustuna

### Stillingar mótteknar í samskipanaboðum

Stillingarnar kunna að berast í samskipanaboðum frá símafyrirtækinu eða þjónustuveitunni sem býður upp á viðkomandi þjónustu.

## Stillingar færðar inn handvirkt

Fylgdu leiðbeiningum þjónustuveitunnar.

1. Veldu **Valmynd** > *Verkfæri* > *Stillingar* > *Samband* > *Aðgangsstaðir* og tilgreindu stillingar fyrir aðgangsstað. Sjá „Tenging“ á bls. 58.
2. Veldu **Valmynd** > *Þjónusta* > **Valkostir** > *Stj. bókamerkja* > *Bæta við bókamerki*. Ritaðu heiti fyrir bókamerkið og veffang vefsíðunnar sem er skilgreind fyrir núgildandi aðgangsstað.
3. Til að velja viðkomandi aðgangsstað sem sjálfgefinn aðgangsstað í *Þjónusta* skaltu velja *Þjónusta* > **Valkostir** > *Stillingar* > *Aðgangsstaður*.

# ■ Tengingu komið á

Þegar þú hefur vistað allar nauðsynlegar tengistillingar geturðu komist á vefsíður.

Það eru þrjár mismunandi leiðir til að komast á vefsíður:

- Veldu heimasíðu ( ) þjónustuveitunnar þinnar.
- Veldu bókamerki af bókamerkjaskjánum.
- Styddu á takka **1**—**9** til að byrja að skrifa veffang vafraþjónustu. Reiturinn **Opna** neðst á skjánum verður strax virkur og þar geturðu haldið áfram að rita veffangið.

Þegar búið er að velja síðu eða rita veffang er stutt á skruntakkann til að sækja síðuna.

# ■ Bókamerki skoðuð

Tækið kann að innihalda bókamerki og tengla sem veita aðgang að vefsetrum þriðju aðila. Þú getur einnig heimsótt vefsetur annarra þriðju aðila með tækinu. Vefsetur þriðju aðila tengjast ekki Nokia og Nokia hvorki hvetur til né tekur ábyrgð á þeim. Ef þú vilt heimsækja slík setur skaltu beita öryggisráðstöfunum.

Á bókamerkjaskjánum getur þú séð bókamerki sem vísa á hinar ýmsu vefsíður. Bókamerki eru auðkennd með eftirfarandi táknum:

Upphafssíðan sem tilgreind er fyrir sjálfgefna aðgangsstaðinn.

Sjálfvirka bókamerkjamappan inniheldur bókamerki ( ) sem er safnað sjálfkrafa þegar þú skoðar vefsíður.

Bókamerki sem sýnir heiti eða veffang bókamerkisins.

### Bókamerkjum bætt við handvirkt

1. Veldu **Valkostir** > *Stj. bókamerkja* > *Bæta við bókamerki* á bókamerkjaskjánum.
2. Fylltu út reitina.
3. Veldu **Valkostir** > *Vista* til að vista bókamerkið.

### Bókamerki send í textaskilaboðum

Skrunaðu að bókamerki og veldu **Valkostir** > *Senda* > *Sem SMS*. Hægt er að senda fleiri en eitt bókamerki samtímis.

## ■ Öryggi tenginga

Ef öryggisvísirinn birtist á meðan tenging er virk er gagnasending á milli tækisins og netgáttar eða miðlara dulkóðuð.

Öryggistáknið sýnir ekki að gagnasendingin milli gáttarinnar og efnisþjónsins (eða staðarins þar sem umbeðin tilföng eru geymd) sé örugg. Þjónustuveitan tryggir gagnasendinguna milli gáttarinnar og efnisþjónsins.

Veldu **Valkostir** > *Upplýsingar* > *Öryggi* til að skoða upplýsingar um tenginguna, stöðu dulkóðunar og upplýsingar um miðlara og notandakenni.

Öryggisaðgerðir geta verið nauðsynlegar fyrir tiltekna þjónustu, líkt og bankaþjónustu. Þú þarft öryggisvottorð fyrir slíkar tengingar. Þjónustuveitan gefur nánari upplýsingar. Sjá einnig „Vottorðastjórnun“ á bls. 63.

## ■ Vefsíður skoðaðar

### Takkar og skipanir þegar vafrað er

Tengill er opnaður með því að styðja á skruntakkann.

Til að fara til baka um eina síðu þegar þú vafrar skaltu velja **Til baka**. Ef **Til baka**er ekki tiltækt skaltu velja **Valkostir** > *Valm. í leiðarkerfi* > *Forsaga* til að skoða lista í tímaröð yfir síður sem þú hefur skoðað. Listinn yfir fyrri síður er hreinsaður í hvert sinn sem hætt er að vafra.

Til að vista bókamerki þegar þú ert að vafra skaltu velja **Valkostir** > *Vista í bókamerkjum*.

Reitir eru merktir og valdir með því að styðja á skruntakkann.

Til að sækja nýjasta efnið af miðlaranum skaltu velja **Valkostir** > *Valm. í leiðarkerfi* > *Hlaða aftur*.

### Vistaðar síður skoðaðar

Ef þú skoðar oft síður með upplýsingum sem eru sjaldan uppfærðar geturðu vistað þær og skoðað án tengingar.

Til að vista síðu þegar þú ert að vafra skaltu velja **Valkostir** > *Frekari möguleikar* > *Vista síðu*.

Til að opna *Vistaðar síður* skaltu skruna til hægri í *Bókamerki*. Vistaðar síður eru auðkenndar með . Til að opna síðu skaltu skruna að henni og styðja á skruntakkann. Hægt er að raða vistuðum síðum í möppur.

Til að koma á tengingu við vefþjónustu og sækja síðuna aftur skaltu velja **Valkostir** > *Valm. í leiðarkerfi* > *Hlaða aftur*.

Síminn er áfram tengdur eftir að þú hefur hlaðið niður síðunni.

## ■ Niðurhleðsla

Þú getur hlaðið niður hlutum eins og hringitónum, myndum, skjátáknum símafyrirtækis, hugbúnaði og myndinnskotum með því að nota vafra símans.

Þegar þú hefur hlaðið þeim niður eru þeir meðhöndlaðir af viðeigandi forriti símans. T.d. er mynd sem þú hefur hlaðið niður vistuð í galleríinu.

Höfundarréttarvarnir geta komið í veg fyrir að hægt sé að afrita, breyta, flytja eða framsenda sumar myndir, tónlist (þar á meðal hringitóna) og annað efni.

**Mikilvægt:** Aðeins skal setja upp og nota forrit og annan hugbúnað frá aðilum sem veita nægilegt öryggi og vörn gegn skaðlegum hugbúnaði.

## ■ Tenging rofin

Veldu **Valkostir** > *Frekari möguleikar* > *Aftengja* til að rjúfa tengingu og skoða vefsíðuna án tengingar, eða **Valkostir** > *Hætta* til að hætta að vafra og fara aftur í biðham.

## ■ Skyndiminni tæmt

Skyndiminni er minni sem er notað til að vista gögn til skamms tíma. Ef reynt hefur verið að komast í eða opnaðar hafa verið trúnaðarupplýsingar sem krefjast aðgangsorðs skal tæma skyndiminnið eftir hverja notkun. Upplýsingarnar eða þjónustan sem þú fékkst aðgang að eru vistaðar í skyndiminni símans. Veldu **Valmynd** > *Þjónusta* > **Valkostir** > *Frekari möguleikar* > *Hreinsa skyndiminni* til að tæma skyndiminnið.

## Stillingar vafra

Veldu **Valkostir** > *Stillingar* og úr eftirfarandi stillingum:

*Aðgangsstaður* — Veldu sjálfgefinn aðgangsstað.

*Heimasíða* — Sláðu inn veffang tiltekinnar heimasíðu.

*Hle. mynda & hljóða* — Veldu hvort þú vilt skoða myndir og heyra hljóð þegar þú vafrar. Ef þú velur *Nei* skaltu velja **Valkostir** > *Sýna myndir* til að hlaða myndum og hljóði niður síðar þegar þú vafrar.

*Leturstærð* — Veldu leturstærð.

*Sjálfvalin kóðun* — Þegar *Sjálfvirkt* er valið reynir vafrinn sjálfkrafa að velja rétta stafagerð.

*Sjálfvirk bókamerki* — Veldu *Virk* ef þú vilt að bókamerkin vistist sjálfkrafa í möppunni *Sjálfv. bókamerki* þegar síður eru heimsóttar. Þegar þú velur *Fela möppu* er bókamerkjunum samt sjálfkrafa bætt í möppuna.

*Skjástærð* — Veldu hvernig nota á skjáinn til að skoða síður.

*Leitarsíða* — Sláðu inn veffang tiltekinnar leitarsíðu.

*Hljóðstyrkur* — Veldu hljóðstyrk tónlistar eða annars hljóðs á vefsíðum.

*Sækja* — Veldu myndgæði á síðunum.

*Fótspor* > *Leyfa*/*Hafna* — Til að heimila eða banna móttöku og sendingu fótspora (fótspor eru notuð til að bera kennsl á notendur og hvaða efni þeir vilja helst skoða).

*Java/ECMA forskrift* — Til að leyfa eða leyfa ekki forskriftir.

*Öryggisviðvaranir* — Til að fela eða birta öryggisviðvaranir.

*Staðf. DTMF-send.* > *Alltaf*/*Aðeins 1. skipti* — Veldu hvort þú vilt staðfesta sendingu DTMF-tóna meðan á símtali stendur. Sjá „Valkostir meðan á símtali stendur" á bls. 23.

# 10. Eigin forrit

## Þemu

Hægt er að breyta útliti símaskjásins með því að virkja þema. Þema getur innihaldið veggfóður og rafhlöðusparnað. Hægt er að breyta þema til að sérsníða símann enn frekar.

Veldu **Valmynd** > *Eigin forrit* > *Þemu*. Þá má sjá lista yfir þemu í boði. Það þema sem er virkt er auðkennt með gátmerki.

Til að forskoða þema skaltu skruna að því og velja **Valkostir** > *Skoða áður* og skoða þemað. Veldu **Gera virkt** til að þema verði virkt. Til að virkja þemað án þess að forskoða það skaltu velja **Valkostir** > *Gera virkt* á aðalskjánum.

**Þema breytt:**

1. Skrunaðu að þema, veldu **Valkostir** > *Breyta* og síðan úr eftirfarandi:

   *Veggfóður* — til að velja mynd úr einu af þemunum eða eigin mynd úr galleríinu til að nota sem bakgrunnsmynd þegar síminn er í biðham.

   *Rafhlöðusparnaður* — til að velja hvað sést á stiku rafhlöðusparnaðarins: tími og dagsetning eða texti. Hægt er að stilla tímann þar til rafhlöðusparnaðurinn verður virkur. Sjá „Sími“ á bls. 57.
2. Skrunaðu að atriðinu sem á að breyta og styddu á skruntakkann.
3. Til að forskoða atriðið skaltu velja **Valkostir** > *Skoða áður*. Ekki er hægt að forskoða öll atriði. Veldu **Valkostir** > *Stilla* til að gera stillingu virka.

Til að virkja aftur upphaflegar stillingar þema skaltu velja **Valkostir** > *Velja upphafsþema* þegar þú breytir því.

## ■ Staðsetning

Staðsetningarþjónustan gerir þér kleift að fá upplýsingar frá þjónustuveitum um staðbundið efni, svo sem fréttir af veðri eða umferð, eftir því hvar tækið er staðsett (sérþjónusta).

Veldu **Valmynd** > *Eigin forrit* > *Staðsetn.*.

Til að velja staðsetningaraðferð skaltu skruna að henni og velja síðan **Valkostir** > *Kveikja*. Til að hætta að nota hana skaltu velja **Valkostir** > *Slökkva*.

## ■ Leiðsögn

Þessi aðgerð er ekki hönnuð til að styðja staðsetningarbeiðnir fyrir tengd símtöl. Þjónustuveitan veitir nánari upplýsingar um hvernig síminn uppfyllir opinberar reglugerðir um neyðarsímtalaþjónustu sem byggir á staðsetningu.

Ekki ætti að nota GPS fyrir nákvæmar staðsetningarmælingar og aldrei ætti að treysta eingöngu á staðsetningargögn úr GPS-móttakaranum.

*Leiðsögn* er GPS-forrit sem gerir þér kleift að sjá hvar þú ert staddur, rata á tiltekinn stað og mæla vegalengdina. Forritið krefst þess að Bluetooth GPS fylgibúnaðurinn sé virkur. Einnig þarftu að gera Bluetooth GPS aðferðina virka í **Valmynd** > *Eigin forrit* > *Staðsetn.*.

Veldu **Valmynd** > *Eigin forrit* > *Leiðsögn*.

## Leiðarmerki

Leiðarmerki eru punktar samkvæmt landfræðilegri staðsetningu og hægt er að vista þá í tækinu til nota síðar í annarri þjónustu sem tengist staðsetningu. Hægt er að búa til leiðarmerki með því að nota Bluetooth GPS búnað eða símkerfi (sérþjónusta).

Veldu **Valmynd** > *Eigin forrit* > *Leiðarm.*.

# 11. Skipuleggjari

## Klukka

Veldu **Valmynd** > *Skipuleggj.* > *Klukka*.

### Stillingar klukku

Veldu **Valkostir** > *Stillingar* til að breyta tímanum eða dagsetningunni. Nánari upplýsingar um stillingarnar eru í „Dagsetning og tími“ á bls. 62.

### Stilla vekjara

1. Til að stilla vekjara skaltu velja **Valkostir** > *Stilla vekjara*.
2. Sláðu inn tímann og veldu **Í lagi**. Þegar vekjarinn hefur verið stilltur sést táknið á skjánum.

Til að slökkva á vekjaranum skaltu velja **Valkostir** > *Slökkva á vekjara*.

### Slökkt á vekjaranum

Veldu **Stöðva** til að slökkva á vekjaranum.

Veldu **Blunda** til að stöðva vekjarann í fimm mínútur og láta hann síðan hringja aftur. Þetta er hægt að gera að hámarki fimm sinnum.

Ef vekjaraklukkan hefur verið stillt og tíminn rennur upp á meðan slökkt er á tækinu kveikir það á sér og hringir. Ef valið er **Slökkva** er spurt hvort opna eigi tækið fyrir símtölum. Veldu **Nei** til að slökkva á tækinu eða **Já** til að hringja og svara símtölum. Ekki velja **Já** þegar notkun þráðlausra síma getur valdið truflun eða hættu.

## Dagbók

Veldu **Valmynd** > *Skipuleggj.* > *Dagbók*.

Í dagbókinni er hægt að fylgjast með og stjórna bókuðum tímum, fundum, afmælisdögum, tímamótum og öðrum viðburðum. Þú getur einnig stillt viðvaranir í dagbókinni og þannig látið símann minna þig á atburði í vændum.

## Dagbókaratriði búin til

1. Veldu **Valkostir** > *Nýtt atriði* og tegund færslu.

   *Afmæli* eru færslur sem eru endurteknar árlega.

2. Fylltu út reitina.

   *Endurtaka* — Styddu á skruntakkann til að breyta atriðinu þannig að það verði endurtekið. Atriði sem er endurtekið er merkt með ↻ í dagskjánum.

   *Endurtaka fram til* — til að setja lokadag á endurtekna atriðið, t.d. lokadag vikulegs námskeiðs. Þessi valkostur sést aðeins ef þú hefur valið að endurtaka viðburðinn.

   *Samstilling* > *Einkamál* — Eftir samstillingu getur einungis þú séð dagbókaratriðið þar sem það er falið fyrir öðrum, jafnvel þótt þeir hafi aðgang að dagbókinni á netinu. *Opinber* — Þeir sem hafa aðgang að dagbókinni þinni á netinu geta séð atriðið. *Engin* — Dagbókaratriðið er ekki afritað þegar dagbókin er samstillt.

3. Veldu **Lokið** til að vista færsluna.

## Dagbókarskjáir

Styddu á **#** á mánaðar-, viku- eða dagsskjá til að auðkenna sjálfkrafa daginn í dag.

Ef skrifa á dagbókaratriði er stutt á einhvern tölutakka (**0**—**9**) á hvaða skjá dagbókarinnar sem er. Fundaratriði opnast og stöfunum sem þú slærð inn er bætt inn í reitinn *Efni*.

Til að fara á tiltekinn dag skaltu velja **Valkostir** > *Fara á dagsetningu*. Sláðu inn dagsetninguna og veldu **Í lagi**.

## Verkefni

Veldu **Valkostir** > *Verkefni*.

Í *Verkefni* er hægt að vera með lista yfir verkefni sem þarf að sinna.

### Verkefni búið til

1. Þegar byrjað er að rita minnispunkt er stutt á einhvern tölutakka (**0**—**9**).
2. Skrifaðu verkefnið í reitinn *Efni*. Styddu á ***** til að slá inn sérstafi. Tilgreindu lokafrest og forgang verkefnisins.
3. Veldu **Lokið** til að vista verkefnið.

# ■ Umreiknari

Veldu **Valmynd** > *Skipuleggj.* > *Umreiknari*.

Í umreiknaranum er hægt að umreikna mælieiningar eins og *Lengd* úr einni einingu til annarrar, t.d. úr *Jardar* í *Metrar*.

Nákvæmni umreiknarans er takmörkuð og sléttunarvillur eru hugsanlegar.

## Umreiknun eininga

Til að umreikna gjaldmiðla verður þú fyrst að tilgreina gengið. Sjá „Grunngjaldmiðill og gengi skráð“ á bls. 50.

1. Skrunaðu að reitnum *Gerð* og styddu á skruntakkann til að fá upp lista yfir mælieiningar. Skrunaðu að mælieiningunni sem þú vilt nota og veldu **Í lagi**.
2. Skrunaðu að fyrsta *Eining*-reitnum og styddu á skruntakkann til að fá upp lista yfir tiltækar einingar. Veldu eininguna sem þú vilt umreikna **úr** og síðan **Í lagi**.
3. Skrunaðu að næsta *Eining*-reit og veldu eininguna sem þú vilt umreikna **í**.
4. Skrunaðu að fyrsta *Magn*-reitnum og sláðu inn gildið sem þú vilt umreikna. Hinn *Magn*-reiturinn breytist sjálfkrafa og sýnir umreiknaða gildið.

Styddu á **#** til að bæta við aukastaf og á ***** fyrir **+**, **–** (fyrir hitastig) og **E** (veldisvísir) merki.

Röð umreikningsins breytist ef þú slærð inn gildi í síðari *Magn*-reitinn. Útkoman birtist í fyrsta *Magn*-reitnum.

## Grunngjaldmiðill og gengi skráð

Áður en þú getur umreiknað gjaldmiðil þarftu að velja grunngjaldmiðil (yfirleitt gjaldmiðill heimalands notenda) og tilgreina gengi.

Gildi grunngjaldmiðilsins er alltaf 1. Grunngjaldmiðillinn ákvarðar gildi umreikningsins fyrir aðra gjaldmiðla.

1. Veldu *Gjaldmiðill* sem tegund mælieiningar og veldu **Valkostir** > *Gengisskráning*. Listi yfir gjaldmiðla opnast og grunngjaldmiðillinn birtist þar efstur.
2. Ef skipta á um grunngjaldmiðil er skrunað að gjaldmiðlinum (yfirleitt heimagjaldmiðillinn) og valið **Valkostir** > *Nota s. gr. gjaldm.*.
3. Bættu við gengi, skrunaðu að gjaldmiðlinum og sláðu inn nýtt gengi (þ.e. hversu margar einingar af gjaldmiðlinum samsvara einni einingu af grunngjaldmiðlinum sem þú valdir).
4. Eftir að þú hefur slegið inn nauðsynlegar gengisskráningar getur þú umreiknað gjaldmiðla. Sjá „Umreiknun eininga“ á bls. 50.

**Til athugunar:** Þegar grunngjaldmiðli er breytt verður að færa inn nýjar gengistölur þar sem allar fyrri gengistölur eru hreinsaðar.

## ■ Minnismiðar

Veldu **Valmynd** > *Skipuleggj.* > *Minnismiðar*.

Hægt er að senda minnismiða til annarra tækja. Hægt er að vista textaskrár (í TXT sniði) sem þú móttekur í minnimiðum.

Styddu á takka **1**—**9** til að hefja ritun. Styddu á hreinsitakkann til að stroka út stafi. Veldu **Lokið** til að vista.

## ■ Reiknivél

Veldu **Valmynd** > *Skipuleggj.* > *Reiknivél*.

1. Sláðu inn fyrstu tölu útreikningsins. Ef þú gerir mistök skaltu styðja á hreinsitakkann til að leiðrétta þau.
2. Skrunaðu að reikningsaðferð og styddu á skruntakkann til að velja hana.
3. Sláðu inn næstu tölu.
4. Dæmið er reiknað með því að skruna að = og styðja á skruntakkann.

**Til athugunar:** Nákvæmni reiknivélarinnar er takmörkuð og hún er ætluð til einfaldra útreikninga.

Til að bæta við aukastaf skaltu styðja á **#**.

Haltu hreinsitakkanum inni til að eyða út niðurstöðu síðasta útreiknings.

Notaðu og til að skoða fyrri útreikninga og fletta í gegnum örkina.

## ■ Skráarstjórn

Veldu **Valmynd** > *Skipuleggj.* > *Skr.stj.*.

Í skráarstjórninni geturðu þú flett í gegnum, opnað og unnið með skrár og möppur í minni símans eða á minniskortinu.

Opnaðu skráarstjórnina til að sjá lista yfir möppurnar í minni símans. Skrunaðu til hægri til að sjá möppurnar á minniskortinu.

Þú getur skoðað, opnað og búið til möppur sem og merkt, afritað og flutt hluti í möppur.

## Minnisnotkun könnuð

Skrunaðu til hægri eða vinstri til að sjá efnið í minni símans eða á minniskortinu. Til að skoða minnisnotkun í minni sem er í notkun skaltu velja **Valkostir** > *Uppl. um minni*. Síminn reiknar út hversu mikið minni er til staðar til að vista ný gögn og setja upp ný forrit.

Á minnisskjánum má sjá minnisnotkun mismunandi forrita eða skráartegunda: Ef minni símans er orðið lítið þarftu að eyða einhverjum skrám eða flytja þær yfir á minniskortið.

# ■ Minniskort

Öll minniskort skal geyma þar sem börn ná ekki til.

Veldu **Valmynd** > *Skipuleggj.* > *Minni*.

Upplýsingar um hvernig á að setja minniskort í símann er að finna í „Hafist handa" á bls. 11. Þú getur notað minniskort til að geyma margmiðlunarskrár, svo sem myndinnskot, lög og hljóðskrár, myndir, gögn skilaboða, sem og til að taka öryggisafrit af því efni sem er í minni símans.

## Minniskort forsniðið

Þegar minniskort er forsniðið er öllum gögnum eytt af því varanlega. Sum minniskort eru forsniðin áður en þau eru seld og önnur þarf að forsníða. Leitaðu upplýsinga hjá söluaðilanum um hvort forsníða þurfi minniskortið fyrir notkun.

1. Veldu **Valkostir** > *Forsníða minniskort*.
2. Veldu **Já** til að staðfesta.
3. Þegar búið er að forsníða minniskortið skaltu slá inn heiti fyrir það (að hámarki 11 stafir eða númer).

## Upplýsingar afritaðar og enduruppsettar

Til að afrita minni símans yfir á minniskort skaltu velja **Valkostir** > *Afrita minni símans*

Til að setja upplýsingarnar aftur í minni símans skaltu velja **Valkostir** > *Endurh. frá korti*.

Þú getur aðeins tekið öryggisafrit af minni símans og endursett það í sama síma.

## Minniskortinu læst

Til að gefa minniskortinu lykilorð til að læsa því þannig að það sé ekki notað í leyfisleysi skaltu velja **Valkostir** > *Setja lykilorð*. Beðið verður um að þú sláir inn lykilorð og staðfestir það. Lykilorðið getur verið allt að átta stafir að lengd.

### Minniskort opnað

Ef annað minniskort sem er varið með lykilorði er sett í símann verðurðu að slá inn lykilorð kortsins. Til að taka kortið úr lás skaltu velja **Valkostir** > *Taka m.kort úr lás*.

Þegar lykilorðið hefur verið fjarlægt er minniskortið opið og hægt er að nota það í öðrum síma án þess að slá inn lykilorð.

## Minnisnotkun könnuð

Til að skoða minnisnotkun og sjá hve mikið minni er tiltækt á kortinu skaltu velja **Valkostir** > *Upplýsing. um minni*.

# ■ Zip-stjórnkerfi

Notaðu *Zip Stjórnkerfi* til að geyma og þjappa skrám og draga skrár út úr .zip-skjalasöfnum.

Veldu **Valmynd** > *Skipuleggj.* > *Zip*. Möppurnar og .zip-geymslurnar í minni símans eru birtar á aðalskjánum. Skrunaðu til hægri til að skoða minniskortið.

## Búðu til nýtt skjalasafn eða settu skrár í safn sem er fyrir hendi.

1. Til að búa til nýtt skjalasafn í viðkomandi möppu skaltu velja **Valkostir** > *Nýtt skjalasafn* og slá inn heiti skjalasafnsins. Til að opna skjalasafn skaltu skruna að .zip-safninu og styðja á skruntakkann.
2. Veldu **Valkostir** > *Bæta við skjalasafn*.
3. Skrunaðu að skrá eða möppu sem þú vilt geyma og styddu á skruntakkann.

   Til að geyma margar skrár skaltu merkja þær og velja **Valkostir** > *Bæta við skjalasafn*.

## Skrár dregnar út

1. Skrunaðu að .zip-skránni og ýttu á skruntakkann. Skrárnar í .zip-skránni birtast.
2. Skrunaðu að skránni eða merktu skrárnar sem draga á út og veldu **Valkostir** > *Draga út*.
3. Veldu hvort skrárnar eiga að fara í minni símans eða á minniskortið og veldu í hvaða möppu þær eiga að fara.

## Stillingar

Veldu **Valkostir** > *Stillingar* og úr eftirfarandi stillingum:

*Þjöppun* — til að stilla þjöppun. Með meiri þjöppun verður til minni .zip-skrá en þjöppunin tekur lengri tíma.

*Innihalda undirmöppur* > *Já* — til að möppur sem eru geymdar innihaldi einnig undirmöppurnar.

# 12. Verkfæri

## ■ Raddskipanir

Þú getur hringt í tengiliði og notað valmyndir símans með því að bera fram raddskipanir.

Til að ræsa aðgerðir símans með raddskipunum skaltu velja **Valmynd** > *Verkfæri* > *Raddskip.*. Raddskipanir til að skipta um snið eru í möppunni *Snið*.

Til að ræsa nýja raddskipun fyrir forrit skaltu velja **Valkostir** > *Bæta við forriti* og forritið.

Til að halda utan um raddskipanirnar skaltu skruna að aðgerð og velja **Valkostir** ásamt einhverju af eftirfarandi:

*Breyta skipun* eða *Fjarlægja forrit* — til að breyta raddskipun valinnar aðgerðar eða gera hana óvirka.

*Spila raddskipun* — til að spila raddskipunina.

Upplýsingar um notkun raddskipana er að finna í „Raddstýrðar hringingar" á bls. 21.

**Til athugunar:** Notkun raddmerkja getur verið erfið í hávaðasömu umhverfi eða í neyðartilvikum, því ætti ekki að treysta eingöngu á raddstýrt val við allar aðstæður.

Til að breyta stillingum raddskipunar skaltu velja **Valkostir** > *Stillingar* og úr eftirfarandi valkostum:

*Hljóðgervill* — til að gera hljóðgervilinn, sem ber fram þekktar raddskipanir, virkan eða óvirkan.

*Núllstilla raddaðlögun* — til að núllstilla raddaðlögun. Síminn aðlagar sig rödd notandans til að eiga auðveldara með að þekkja raddskipanirnar.

## ■ Talhólf

Til að tilgreina eða breyta talhólfsnúmerinu skaltu velja **Valmynd** > *Verkfæri* > *Talhólf* > **Valkostir** > *Skilgreina númer* eða *Breyta númeri* og slá inn númerið. Talhólfið er sérþjónusta. Símafyrirtækið lætur þér í té talhólfsnúmer.

## ■ Hraðval

Til að úthluta númeri á hraðvalstakka skaltu velja **Valmynd** > *Verkfæri* > *Hraðval*, skruna að hraðvalstakkanum og velja **Valkostir** > *Á númer*. Veldu þann tengilið og númer sem setja skal í hraðval.

Til að sjá númerið sem úthlutað hefur verið á hraðvalstakka skaltu skruna að takkanum og velja **Valkostir** > *Skoða númer*. Til að breyta eða eyða númerinu skaltu velja *Breyta* eða *Fjarlægja*.

## ■ Snið

Veldu **Valmynd** > *Verkfæri* > *Snið*.

Í *Snið* geturðu stillt og sérsniðið tóna símans fyrir mismunandi viðburði, umhverfi og viðmælendahópa. Þú getur séð hvaða snið er valið efst á skjánum í biðham. Ef sniðið *Almennt* er í notkun sést aðeins dagsetningin.

Til að gera snið virkt skaltu skruna að því, styðja á skruntakkann og velja *Gera virkt*.

**Ábending:** Til að skipta í flýti milli sniðanna *Almennt* and *Án hljóðs* skaltu halda **#** inni í biðham.

Til að sérsníða snið skaltu skruna að því í viðkomandi lista, styðja á skruntakkann, velja *Sérsníða* og úr eftirfarandi valkostum:

*Hringitónn* — Til að stilla hringitón fyrir símtöl skaltu velja tón af listanum. Styddu á hvaða takka sem er til að slökkva á tóninum. Þú getur einnig breytt hringitónum í tengiliðum. Sjá „Hringitónn settur inn“ á bls. 37.

*Segja nafn hringj.* — Veldu *Kveikt* til að síminn spili nafn þess sem hringir hverju sinni.

*Gerð hringingar* — Þegar *Styrkur eykst* er valið byrjar hljóðstyrkurinn á lægsta stigi og hækkar svo stig af stigi þar til því stigi sem hefur verið valið er náð.

*Hljóðst. hringingar* — Til að velja hljóðstyrk hringitóna og hljóðmerki skilaboða.

*Viðv.tónn skilaboða* — Til að velja tón texta- og margmiðlunarboða.

*Viðv.tónn tölvupósts* — Til að velja tón fyrir tölvupóstskeyti.

*Varar við með titringi* —Til að láta símann titra þegar einhver hringir í þig eða sendir þér skilaboð.

*Takkatónar* — Til að stilla hljóðstyrk takkatónanna.

*Aðvörunartónar* — Til að gera viðvörunartóna virka eða óvirka.

*Gera viðvart um* — Til að stilla símann þannig að hann hringi aðeins þegar hringt er úr símanúmeri sem tilheyrir tilteknum hópi tengiliða. Ekkert heyrist þegar fólk utan hópsins hringir í þig.

*Nafn sniðs* — Til að gefa sniðinu nafn. Þessi stilling birtist ekki í sniðunum *Almennt* og *Ótengdur*.

Þegar sniðið *Ótengdur* er notað er síminn ekki nettengdur. Hægt er að nota tilteknar aðgerðir símans án SIM-korts með því að ræsa símann í sniðinu *Ótengdur*.

**Mikilvægt:** Í ótengdu sniði er ekki hægt að hringja, svara símtölum eða nota aðra valkosti þar sem þörf er á tengingu við farsímakerfi. Áfram kann að vera hægt að hringja í það neyðarnúmer sem er forritað í tækið. Eigi að hringja verður fyrst að virkja símaaðgerðina með því að skipta um snið. Ef tækinu hefur verið læst skal slá inn lykilnúmerið.

# ■ Stillingar

## Sími

### Almennar

Veldu **Valmynd** > *Verkfæri* > *Stillingar* > *Sími* > *Almennar* og úr eftirtöldum valkostum:

*Tungumál síma* — til að velja annað tungumál fyrir skjátexta í símanum. Þessi breyting kann einnig að hafa áhrif á snið dag- og tímasetningar sem og skiltáknin sem notuð eru, t.d. í útreikningum. Ef *Sjálfvirkt* er valið velur síminn tungumálið út frá upplýsingum á SIM-kortinu. Þegar þú velur nýtt tungumál skjátexta endurræsist síminn.

*Tungumál texta* — til að breyta innsláttartungumáli símans. Þegar tungumálinu er breytt hefur það áhrif á stafi og sértákn sem eru tiltæk þegar texti er ritaður og flýtiritun eru notuð.

*Flýtiritun* — til að stilla flýtiritun þannig að hún verði *Virk* eða *Óvirk* í öllum ritlum símans. Veldu tungumál fyrir flýtiritun af listanum.

*Opnun.kv. eða táknm.* — til að stilla á opnunarkveðjuuna eða táknið sem birtist í stutta stund í hvert sinn sem þú kveikir á símanum.

*Upprun. símastillingar* — til að færa sumar stillinganna aftur í upprunalegt horf. Nota þarf læsingarnúmer. Sjá „Öryggi" á bls. 62.

**Biðhamur**

Veldu **Valmynd** > *Verkfæri* > *Stillingar* > *Sími* > *Biðhamur* og úr eftirtöldum valkostum:

*Virkur biðskjár* — til að gera virkan biðskjá virkan eða óvirkan. Sjá „Virkur biðskjár" á bls. 16.

*Vinstri valtakki* og *Hægri valtakki* — til að úthluta flýtivísi á vinstri og hægri valtakkana í biðham.

*Forrit. í virk. biðskjá* — til að velja þá forritaflýtivísa sem þú vilt að birtist á virkum biðskjá. Þessi stilling er aðeins í boði ef *Virkur biðskjár* er stilltur á *Virkur*.

*Stýrihnapp. til hægri*, *Stýrihnapp. til vinstri*, *Stýrihnappur niður*, *Stýrihnappur upp* og *Valtakki* — til að úthluta aðgerðaflýtivísum til að skruna í ýmsar áttir eða styðja á skruntakkann í biðham. Skruntakkaflýtivísarnir eru ekki í boði ef *Virkur biðskjár* er *Virkur*.

*Skjátákn símafyrirt.* — Þessi stilling er aðeins sýnileg ef þú hefur móttekið og vistað skjátákn símafyrirtækis. Hægt er að velja hvort skjátákn símafyrirtækis birtist.

**Skjár**

Veldu **Valmynd** > *Verkfæri* > *Stillingar* > *Sími* > *Skjár* og úr eftirtöldum valkostum:

*Skjábirta* — til að stilla birtustig skjásins.

*Sparnaður hefst eftir* — til að stilla tímann þar til rafhlöðusparnaðurinn verður virkur.

*Tímamörk ljósa* — til að stilla tímann þar til slokknar á skjálýsingu símans.

## Símtöl

Veldu **Valmynd** > *Verkfæri* > *Stillingar* > *Hringing* og úr eftirtöldum valkostum:

*Senda mitt númer* (sérþjónusta) — til að símanúmerið þitt birtist (*Já*) eða birtist ekki (*Nei*) þeim aðila sem þú hringir í. Einnig getur gildið verið stillt af símafyrirtækinu eða þjónustuveitunni þegar númer er fengið (*Stillt af símkerfi*).

*Símtal í bið* (sérþjónusta) — til að símkerfið láti þig vita ef hringt er í þig á meðan þú ert að tala í símann. Til að senda beiðni til símkerfisins um að gera þjónustu símtala í bið virka skaltu velja *Gera virkt*. Til að senda beiðni til símkerfisins um að gera þjónustu símtala í bið óvirka skaltu velja *Ógilda*. Til að kanna hvort þjónustan er virk skaltu velja *Athuga stöðu*.

*Hafna símtali með SMS* — til að hægt sé að hafna símtölum með textaskilaboðum. Sjá „Símtali svarað eða hafnað" á bls. 22.

*Texti skilaboða* — til að slá inn texta sem á að senda þegar þú hafnar símtali með textaskilaboðum.

*Sjálfvirkt endurval* — til að láta símann gera allt að tíu tilraunir til að hringja aftur í númer sem ekki náðist samband við. Styddu á hætta-takkann til að gera sjálfvirka endurvalið óvirkt.

*Samantekt e. hring.* — til að láta símann birta í stutta stund áætlaða lengd síðasta símtals.

*Hraðval* > *Virkt* — til að láta símann hringja í númerin sem úthlutað hefur verið á hraðvalstakkana **2** to **9** með því að halda inni viðkomandi talnatakka.

*Takkasvar* > *Virkt* — til að geta svarað símtölum með því að styðja stuttlega á hvaða takka sem er, fyrir utan hætta-takkann, vinstri og hægri valtakkana, rofann, hljóðstyrkstakkana og kallkerfistakkann.

*Lína í notkun* (sérþjónusta) — Þessi stilling sést aðeins ef SIM-kortið styður tvö númer í áskrift, þ.e. tvær símalínur. Veldu hvora símalínuna (*Lína 1* eða *Lína 2*) þú vilt nota til að hringja og senda skilaboð.

Hægt er að svara símtölum á báðum línum, án tillits til þess hvor línan er valin. Þú getur ekki hringt ef þú velur *Lína 2* og ert ekki áskrifandi að þeirri sérþjónustu. Til að hindra val á línum skaltu velja *Línuskipting* > *Gera óvirka* ef SIM-kortið styður það. Til að breyta þessari stillingu þarftu að hafa PIN2-númerið.

## Tenging

Síminn þinn styður pakkagagnatengingar , svo sem GPRS á GSM-símkerfi. Sjá „Vísar" á bls. 17. Aðgangsstaður er nauðsynlegur til að koma á gagnatengingu. Þú getur tilgreint mismunandi gerðir aðgangsstaða:

- MMS-aðgangsstaðir til að senda og taka við margmiðlunarboðum
- Aðgangsstaður fyrir vefforritið til að skoða WML- eða XHTML-síður
- Internetaðgangsstaður (IAP) (til dæmis til að senda og taka við tölvupósti)

Kannaðu hjá þjónustuveitunni hvers konar aðgangsstað þú þarft að nota fyrir þá þjónustu sem þú vilt fá aðgang að. Símafyrirtækið þitt eða þjónustuveita gefa upplýsingar um pakkagagnaþjónustu og áskrift að henni.

## Móttaka stillinga fyrir aðgangsstaði

Þú getur fengið stillingar fyrir aðgangsstaði í skilaboðum frá þjónustuveitu. Einnig getur verið að stillingarnar séu forstilltar í símanum þínum.

## Aðgangsstaðir

Til að búa til nýjan aðgangsstað eða breyta gildandi aðgangsstað skaltu velja **Valmynd** > *Verkfæri* > *Stillingar* > *Samband* > *Aðgangsstaðir* > **Valkostir** > *Nýr aðgangsstaður* eða *Breyta*. Ef þú býrð til nýjan aðgangsstað skaltu nota stillingar gildandi aðgangsstaðar sem grunn með því að velja *Nota gildandi stillingar* eða byrja með sjálfgefnum stillingum og velja *Nota sjálfv. stillingar*.

Fylgdu leiðbeiningum símafyrirtækisins eða þjónustuveitunnar.

*Nafn tengingar* — til að gefa tengingunni lýsandi heiti.

*Flutningsmáti* — Valkostirnir eru *Pakkagögn*, *Gagnasímtal* og *Háhr. gögn (GSM)*. Aðeins tilteknir stillingarreitir eru í boði eftir því hvaða tenging er valin. Fylltu út í alla reiti sem eru merktir með *Þarf að skilgr.* eða stjörnu. Aðra reiti þarf ekki að fylla út nema þjónustuveitan hafi tekið það fram.

*Nafn aðgangsstaðar* (aðeins fyrir pakkagögn) — nauðsynlegt er að velja heiti aðgangsstaðar til að koma á tengingu við GPRS-símkerfið.

*Innhringinúmer* (aðeins fyrir gagnasímtöl) — símanúmer mótaldsins fyrir aðgangsstaðinn.

*Notandanafn* — notandanafn getur verið nauðsynlegt til að koma á gagnatengingu og þjónustuveita lætur það yfirleitt í té. Í notandanafninu er oft gerður greinarmunur á há- og lágstöfum.

*Biðja um lykilorð* — ef þú vilt þurfa að slá inn nýtt lykilorð við hverja innskráningu á miðlara, eða ef þú vilt ekki vista lykilorðið í símanum skaltu velja *Já*.

*Lykilorð* — lykilorð kann að vera nauðsynlegt til að koma á gagnatengingu og það fæst yfirleitt hjá þjónustuveitunni. Í lykilorðum er oft gerður greinarmunur á há- og lágstöfum.

*Aðgangskort* — *Venjulegt* eða *Öruggt*.

*Heimasíða* — slá skal inn veffangið eða veffang skilaboðamiðstöðvar margmiðlunarboða, eftir því hvort verið er að setja upp internetaðgangsstað eða MMS-aðgangsstað.

*Tegund gagnasímtals* (aðeins fyrir gagnasímtöl) — skilgreinir hvort síminn notar hliðræna eða stafræna tengingu. Nánari upplýsingar fást hjá internetþjónustuveitunni.

*Hámarks gagnahraði* (aðeins fyrir gagnasímtöl) — Þessi valkostur gerir þér kleift að takmarka hámarks sendihraðann þegar þú notar gagnatengingu. Gagnaflutningshraðinn getur verið minni meðan tengingin er virk, hann fer eftir álaginu sem er á kerfinu hverju sinni.

Veldu **Valkostir** > *Frekari stillingar* og breyttu eftirtöldum valkostum:

*Gerð símkerfis* (aðeins fyrir pakkagögn) — internetsamskiptareglur (IP) símkerfisins: *IPv4* eða *IPv6*. Aðrar stillingar velta á því hvaða gerð af símkerfi þú velur.

*IPv4 stillingar* og *IPv6 stillingar* (aðeins fyrir gagnasímtöl) — stillingar fyrir internetsamskiptareglur. Stillingarnar fara eftir því hvert símkerfið er.

*IP-tala símans* (fyrir IPv4)—til að slá inn IP-tölu símans.

*DNS-veffang* — til að slá inn IP-tölu aðal- og aukanafnamiðlarans.

*Veff. proxy-miðlara* — til að slá inn IP-tölu proxy-miðlarans.

*Númer proxy-gáttar* — til að slá inn gáttarnúmer proxy-miðlarans.

Eftirfarandi stillingar birtast ef þú hefur valið gagnasímtal sem gerð tengingarinnar:

*Nota svarhringingu* > *Já* — til að miðlari geti hringt aftur eftir fyrstu hringingu. Hafðu samband við þjónustuveituna til að gerast áskrifandi að þessari þjónustu.

Síminn gerir ráð fyrir að við svarhringingu séu notaðar sömu stillingar gagnasímtals og í símtalinu þar sem beðið var um svarhringinguna. Símkerfið verður að styðja þessa gerð símtals í báðar áttir, bæði til símans og frá honum.

*Teg. svarhringingar* — Valkostirnir eru *Nota nr. miðlara* og *Nota annað nr.*.

*Nr. fyrir svarhring.* — til að slá inn símanúmerið sem svarhringimiðlarinn notar.

*Nota PPP-þjöppun* — Til að hraða gagnasendingunni skaltu velja *Já* ef ytri PPP-miðlarinn styður það.

*Nota innskráningu* > *Já* — til að nota innskráningu þegar tengingu er komið á.

*Innskráning* — til að slá inn innskráninguna.

*Setja upp mótald* (strengur til að setja upp mótald) — til að stýra símanum með AT-skipunum mótalds. Sláðu inn skipanir sem símafyrirtækið þitt eða internetþjónustuveitan tilgreinir ef þess er þörf.

## Pakkagögn

Pakkagagnastillingar hafa áhrif á alla aðgangsstaði sem nota pakkagagnatengingar.

Veldu **Valmynd** > *Verkfæri* > *Stillingar* > *Samband* > *Pakkagögn* og úr eftirtöldum valkostum:

*Pakkagagnatenging* — Ef þú velur *Ef samband næst* og síminn er tengdur við símkerfi sem styður pakkagögn skráist hann inn á GPRS-kerfið og SMS eru send um GPRS. Einnig verður fljótlegra að ræsa virka pakkagagnatengingu, t.d. til að senda og taka við tölvupósti. Ef þú velur *Ef með þarf* notar síminn aðeins pakkagagnatengingu ef þú ræsir forrit eða aðgerð sem þarfnast hennar. Loka má GPRS-tengingunni þegar ekkert forrit þarf hana lengur.

Ef ekkert GPRS-samband er til staðar og þú hefur valið *Ef samband næst* reynir síminn reglulega að koma á pakkagagnatengingu.

*Aðgangsstaður* — Til að nota símann sem pakkagagnamótald fyrir tölvuna þarf að slá inn heiti aðgangsstaðarins.

## SIP-stillingar

SIP-snið (Session Initiation Protocol) nota SIP-samskiptareglur fyrir stillingar á samskiptalotum. Til að skoða, búa til og breyta SIP-sniðum skaltu velja **Valmynd** > *Verkfæri* > *Stillingar* > *Samband* > *SIP-stillingar*.

## Gagnasímtal

Stillingin *Gagnasímtal* hefur áhrif á alla aðgangsstaði sem nota GSM-gagnasímtal.

Veldu **Valmynd** > *Verkfæri* > *Stillingar* > *Samband* > *Gagnasímtal* og úr eftirtöldum valkostum:

*Tími á netinu* — til að láta gagnasímtalið rofna sjálfkrafa eftir tiltekinn tíma ef ekkert er í gangi. Til að velja tiltekinn tíma skaltu velja *Notandi skilgr.* og slá inn mínútufjöldann. Ef þú velur *Ótakmarkaður* er gagnasímtalið ekki rofið sjálfkrafa.

## Samskipanir

Tilteknar aðgerðir, svo sem netvafur og margmiðlunarboð, kunna að krefjast samskipunarstillinga. Þú getur fengið stillingarnar hjá þjónustuveitunni þinni. Sjá „Samskipanastillingar" á bls. 14.

Til að skoða listann yfir samskipanir sem vistaðar eru í símanum þínum skaltu velja **Valmynd** > *Verkfæri* > *Stillingar* > *Samband* > *Samskipanir*. Til að eyða samskipun skaltu skruna að henni, styðja á skruntakkann og velja *Eyða*.

## Dagsetning og tími

Til að tilgreina dag- og tímasetningu fyrir símann og breyta sniði þeirra og skiltáknum skaltu velja **Valmynd** > *Verkfæri* > *Stillingar* > *Dags. og tími* og úr eftirfarandi valkostum:

*Tími* og *Dagsetning* — til að stilla tíma og dagsetningu.

*Tímabelti* — til að stilla tímabelti viðkomandi staðar. Ef þú stillir á *Sjálfv. tímauppfærsla* > *Sjálfvirk uppfærsla* birtist staðartíminn.

*Dagsetningarsnið* — til að velja sniðið fyrir dagsetningu.

*Skiltákn fyrir dags.* — til að velja skiltákn fyrir dagsetningu.

*Tímasnið* — til að velja milli 24-tíma og 12-tíma tímasniðanna.

*Skiltákn fyrir tíma* — til að velja skiltákn fyrir tíma.

*Útlit klukku* — til að velja hvort skífuklukka eða stafræn klukka birtist í biðham eða virkum biðham. Sjá „Klukka“ á bls. 48.

*Tónn viðvörunar* — til að velja vekjaratóninn.

*Sjálfv. tímauppfærsla* (sérþjónusta) — til að leyfa símkerfinu að uppfæra tíma, dagsetningu og upplýsingar um tímabelti í símanum. Ef þú velur *Sjálfvirk uppfærsla* eru allar virkar tengingar aftengdar. Kannaðu alla vekjara þar sem stillingin kann að hafa áhrif á þá.

## Öryggi

### Sími og SIM-kort

Þú getur breytt eftirtöldum númerum: læsingarnúmeri, PIN-númeri og PIN2-númeri. Þessi númer geta aðeins innihaldið tölur frá 0 til 9.

Forðastu að nota aðgangsnúmer sem líkist neyðarnúmeri, t.d. 112, til að komast hjá því að velja óvart neyðarnúmer.

Til að setja upp öryggisstillingarnar skaltu velja **Valmynd** > *Verkfæri* > *Stillingar* > *Öryggi* > *Sími og SIM* og úr eftirfarandi valkostum:

*Númer í notkun* —til að velja virka númerið, *PIN* eða *UPIN*, fyrir virka USIM-kortið. Þetta birtist aðeins ef virka USIm-kortið styður UPIN og því er ekki hafnað.

*Beiðni um PIN-nr.* (eða *Beiðni um UPIN-nr.*) — til að láta símann biðja um númerið í hvert sinn sem kveikt er á honum. Sum SIM-kort leyfa ekki að beiðni um PIN-númer sé gerð *Óvirk*. Ef þú velur *Númer í notkun* > *UPIN* er *Beiðni um UPIN-nr.* birt í staðinn.

*PIN-númer* (eða *UPIN-númer*) | *PIN2-númer* | *Númer fyrir læsingu* — til að skipta um númer.

*Sjálfv. læsingartími* — til að stilla tiltekinn tíma þar til síminn læsist sjálfkrafa. Þegar nota á símann aftur þarf að slá inn rétta læsingarnúmerið. Til að gera sjálfvirka læsingartímann óvirkan skaltu velja *Enginn*.

*Læsa ef skipt um SIM* — til að láta símann biðja um númer fyrir læsingu þegar óþekkt eða nýtt SIM-kort er sett í hann. Síminn heldur saman lista yfir þau SIM-kort sem hann viðurkennir sem kort eigandans.

*Lokaður notendahópur* (sérþjónusta) — til að tilgreina hóp fólks sem þú getur hringt í og sem getur hringt í þig. Hafðu samband við símafyrirtækið þitt eða þjónustuveituna til að fá nánari upplýsingar. Til að virkja sjálfgefna hópinn sem samið hefur verið um við símafyrirtækið skaltu velja *Sjálfvalinn*. Ef nota á annan hóp (notandinn verður að þekkja númer hópsins) skaltu velja *Virkur*.

*Staðfesta SIM-þjón.* (sérþjónusta) — til að stilla símann þannig að staðfestingarboð birtist þegar SIM-þjónusta er notuð.

## Vottorðastjórnun

Stafræn vottorð tryggja ekki öryggi: Þau eru notuð til að staðfesta uppruna hugbúnaðar.

Til að skoða lista yfir heimildavottorð sem vistuð hafa verið í símanum skaltu velja **Valmynd** > *Verkfæri* > *Stillingar* > *Öryggi* > *Vottorðastjórnun*. Til að skoða lista yfir persónuleg vottorð, ef hann er til staðar, skaltu skruna til hægri.

Nota ætti stafræn vottorð ef tengjast á netbanka eða öðru vefsvæði eða fjartengdum miðlara vegna aðgerða sem fela í sér sendingu trúnaðarupplýsinga. Einnig ætti að nota þau til að minnka hættuna á vírusum eða öðrum skaðlegum hugbúnaði og tryggja áreiðanleika hugbúnaðar sem hlaðið er niður af netinu og settur upp.

**Mikilvægt:** Þó að notkun vottorða dragi verulega úr þeirri áhættu sem fylgir fjartengingum og uppsetningu hugbúnaðar verður að nota þau rétt svo að aukið öryggi fáist. Tilvist vottorðs er engin vörn ein og sér. Vottorðastjórinn verður að vera með rétt, sannvottuð eða tryggileg vottorð svo að aukið öryggi fáist. Vottorð eru bundin tilteknum tíma. Ef textinn Útrunnið vottorð eða Ógilt vottorð birtist þó að vottorðið ætti að vera gilt skal athuga hvort rétt dag- og tímasetning er á tækinu.

Áður en vottorðsstillingum er breytt þarf að ganga úr skugga um að örugglega megi treysta eiganda þess og að það tilheyri í raun eigandanum sem tilgreindur er.

**Upplýsingar um vottorð skoðaðar og sannvottun könnuð**

Þú getur aðeins verið viss um rétt kenni miðlara þegar búið er að kanna undirskrift og gildistíma miðlaravottorðsins.

Síminn lætur þig vita ef uppruni miðlarans er ekki staðfestur eða ef ekki er rétt öryggisvottorð í símanum.

Til að sjá upplýsingar um vottorð skaltu skruna að því og velja **Valkostir** > *Upplýs. um vottorð*. Þegar upplýsingar um vottorð eru opnaðar er gildi vottorðsins kannað og ein eftirfarandi athugasemda getur birst:

*Vottorð útrunnið* — gildistími vottorðsins er útrunninn.

*Vottorð ekki enn gilt* — valda vottorðið hefur ekki enn tekið gildi.

*Vottorð skemmt* — ekki er hægt að nota vottorðið. Hafðu samband við útgefanda vottorðsins.

*Vottorði ekki treyst* — ekkert forrit notar vottorðið.

**Trauststillingum breytt**

Áður en vottorðsstillingum er breytt þarf að ganga úr skugga um að örugglega megi treysta eiganda þess og að það tilheyri í raun eigandanum sem tilgreindur er.

Skrunaðu að heimildarvottorði og veldu **Valkostir** > *Stillingar f. traust*. Listi, sem fer eftir vottorðinu sem valið er, birtist yfir forritin sem geta notað það.

### Öryggiseining

Til að skoða eða breyta öryggiseiningum skaltu velja **Valmynd** > *Verkfæri* > *Stillingar* > *Öryggi* > *Öryggiseining*.

## Flutningur símtals

1. Til að flytja innhringingar í talhólf eða annað símanúmer skaltu velja **Valmynd** > *Verkfæri* > *Stillingar* > *Símtalsfl.*. Nánari upplýsingar má fá hjá þjónustuveitunni.
2. Veldu hvaða innhringingar þú vilt flytja: *Símtöl*, *Gagnasímtöl* eða *Faxsendingar*.
3. Veldu flutningsvalkost. Til að flytja til dæmis símtöl þegar númerið er á tali eða símtölum er hafnað skaltu velja *Ef á tali*.
4. Til að gera flutningsvalkostinn virkan eða óvirkan skaltu velja **Valkostir** > *Gera virkan* eða *Ógilda*. Til að kanna hvort þjónustan er virk skaltu velja *Athuga stöðu*. Margir flutningsvalkostir geta verið virkir samtímis.

Útilokun og flutningur símtala getur ekki verið virkt samtímis.

## Útilokanir símtala

Með útilokun símtala (sérþjónusta) geturðu takmarkað hringingar úr og í símann. Til að breyta stillingunum þarftu lykilorð útilokanna frá þjónustuveitunni þinni.

1. Veldu **Valmynd** > *Verkfæri* > *Stillingar* > *Útilokanir*.
2. Skrunaðu að tilteknum útilokunarvalkosti og til að senda beiðni til símkerfisins um að virkja takmarkanirnar skaltu velja **Valkostir** > *Gera virkar*. Til að afnema þær takmarkanir sem hafa verið valdar skaltu velja *Ógilda*. Til að kanna hvort símtölin eru útilokuð skaltu velja *Athuga stöðu*. Til að breyta lykilorði útilokunar skaltu velja *Breyta lykli f. útilok.*. Til að hætta við allar virkar útilokanir skaltu velja *Ógilda all. útilokanir*.

Útilokun og flutningur símtala getur ekki verið virkt samtímis.

Þegar símtöl eru útilokuð getur samt verið hægt að hringja í tiltekin opinber neyðarnúmer.

## Símkerfi

Veldu **Valmynd** > *Verkfæri* > *Stillingar* > *Símkerfi* og úr eftirtöldum valkostum:

*Val á símafyrirtæki* — Til að stilla símann þannig að hann leiti að og velji eitt af þeim símkerfum sem eru í boði skaltu velja *Sjálfvirkt*. Til að velja símkerfi handvirkt af lista skaltu velja *Handvirkt*. Ef tengingin við símkerfið sem valið var handvirkt rofnar, spilar síminn hljóðmerki og biður þig um að velja símkerfi aftur. Símkerfið sem valið er verður að vera með reikisamning við heimakerfið þitt, þ.e. fyrirtækið sem lét þig fá SIM-kortið þitt.

*Uppl. um endurvarpa* (sérþjónusta) — Til að stilla símann þannig að hann gefi til kynna þegar hann er notaður í símkerfi sem byggist á örbylgjutækni (MCN) og til að virkja móttöku upplýsinga um endurvarpa skaltu velja *Virkar*.

## Aukahlutir

Til að breyta stillingum á aukahlut skaltu velja **Valmynd** > *Verkfæri* > *Stillingar* > *Aukahlutir* og síðan aukahlut, t.d. *Höfuðtól*. Veldu úr eftirfarandi valkostum:

*Sjálfvalið snið* — til að velja það snið sem þú vilt að verði virkt þegar þú tengir aukahlutinn við símann.

*Sjálfvirkt svar* — til að stilla símann þannig að hann svari símtali sjálfkrafa 5 sekúndum eftir að þú tengir þennan aukahlut við hann. Ef *Gerð hringingar* er stillt á *Pípa einu sinni* eða *Án hljóðs* er ekki hægt að nota sjálfvirka svörun, svara verður handvirkt í símann.

*Ljós* — Til að ljósið í símanum lýsi stöðugt á meðan aukahluturinn er í notkun skaltu velja *Kveikt*.

Veldu *Textasími* > *Nota textasíma* > *Já* til að nota textasímann.

## ■ Stjórnandi forrita

Þú getur sett upp tvenns konar forrit og hugbúnað í símanum þínum:

J2ME™ forrit byggð á Java™ tækni með endingunni .jad eða .jar. Ekki hlaða niður PersonalJava™ forritum í símann þar sem þú getur ekki sett þau upp.

Önnur forrit og hugbúnaður sem henta Symbian-stýrikerfinu. Uppsetningarskrárnar hafa endinguna .sis. Settu aðeins upp hugbúnað sem er sérstaklega hannaður fyrir símann.

Hægt er að flytja uppsetningaskrár í símann þinn frá samhæfðri tölvu, hlaða þeim niður meðan þú vafrar eða senda þær til þín sem margmiðlunarboð, sem tölvupóstsviðhengi eða með Bluetooth-tengingu. Þú getur notað Nokia Application Installer í Nokia PC Suite til að setja upp forrit í símanum eða á minniskorti.

Til að opna *Stjórn. forrita* skaltu velja **Valmynd** > *Verkfæri* > *Stj. forrita*.

### Uppsetning forrits

**Mikilvægt:** Aðeins skal setja upp og nota forrit og annan hugbúnað frá aðilum sem veita nægilegt öryggi og vörn gegn skaðlegum hugbúnaði.

Áður en forrit er sett upp skaltu velja **Valmynd** > *Verkfæri* > *Stj. forrita*, skruna að uppsetningarskránni og velja **Valkostir** > *Skoða frekari uppl.* til að skoða t.d. upplýsingar um gerð forritsins, útgáfunúmer og seljanda eða framleiðanda forritsins.

Nauðsynlegt er að hafa .jar-skrá til að setja upp Java-forrit. Ef skrána vantar getur síminn beðið þig um að hlaða henni niður.

Til að setja upp forrit eða hugbúnaðarpakka:

1. Skrunaðu að uppsetningarskrá. Forrit sem sett eru upp á minniskortinu eru merkt með .
2. Veldu **Valkostir** > *Setja upp*.

   Þú getur einnig leitað í minni símans eða á minniskortinu, valið forritið og stutt á skruntakkann til að hefja uppsetninguna.

Meðan á uppsetningu stendur birtir síminn upplýsingar um stöðu uppsetningarinnar. Ef þú setur upp forrit án stafrænnar undirskriftar eða vottorðs birtir síminn viðvörun. Þú skalt aðeins halda áfram að setja upp forritið ef þú ert viss um uppruna þess og innihald.

Til að skoða fleiri upplýsingar um forritið skaltu skruna að því og velja **Valkostir** > *Opna vefsíðu*. Ekki er víst að þessi valkostur sé tiltækur í öllum forritum.

Til að sjá hvaða hugbúnaðarpakkar hafa verið settir upp eða fjarlægðir, og hvenær það var gert skaltu velja **Valkostir** > *Skoða notk.skrá*. Til að senda uppsetningarskrána á hjálparskjá svo að hægt sé að sjá hvað hefur verið sett upp eða fjarlægt skaltu velja *Senda notk.skrá*.

### Forrit fjarlægt

Veldu **Valmynd** > *Verkfæri* > *Stj. forrita*, skrunaðu að hugbúnaðarpakkanum og veldu **Valkostir** > *Fjarlægja*.

### Stillingar forrits

Veldu **Valmynd** > *Verkfæri* > *Stj. forrita* > **Valkostir** > *Stillingar* og úr eftirfarandi stillingum:

*Uppsetn. hugbúnaðar* — til að velja hvort leyfa á uppsetningu á öllum Symbian-forritum (*Allt*) eða einungis undirrituðum forritum (*Aðeins undirritað*)

*Könnun vott. á netinu* — til að velja hvort þú vilt *Stjórn. forrita* til að kanna vottorð á netinu áður en forrit er sett upp.

*Sjálfgefið veffang* — sjálfgefið veffang sem er notað þegar vottorð á netinu eru könnuð.

Fyrir sum Java-forrit getur þurft að hringja, senda skilaboð eða koma á nettengingu við ákveðinn aðgangsstað til að hlaða niður aukagögnum eða viðbótarefni. Á aðalskjá *Stjórn. forrita* skaltu skruna að forriti og velja **Valkostir** > *Suite stillingar* til að breyta stillingum forritsins.

## ■ Opnunarlyklar

Höfundarréttarvarnir geta komið í veg fyrir að hægt sé að afrita, breyta, flytja eða framsenda sumar myndir, tónlist (þar á meðal hringitóna) og annað efni.

Efni sem er varið með stafrænum réttindum (DRM) fylgir opnunarlykill sem tilgreinir hvernig hægt er að nota efnið.

Veldu **Valmynd** > *Verkfæri* > *Opn.lyklar* til að skoða opnunarlykla stafrænna réttinda sem eru geymdir í símanum þínum.

Til að skoða gilda lykla ( ) sem eru tengdir einni eða fleiri miðlunarskrá skaltu velja *Gildir lyklar*.

Til að skoða ógilda lykla ( ) þar sem notkunartími skráarinnar er útrunninn skaltu velja *Ógildir lyklar*. Til að kaupa meiri notkun eða lengja notkunartíma skráarinnar skaltu skruna að lykli og velja **Valkostir** > *Sækja opnunarlykil*. Ekki er víst að hægt sé að uppfæra opnunarlykla ef móttaka vefþjónustuboða er óvirk. Sjá „Stillingar þjónustuboða" á bls. 35.

Til að skoða opnunarlykla sem eru ekki í notkun skaltu velja *Lyklar án notk.*. Engar skrár eru tengdar ónotuðum opnunarlyklum.

Til að skoða nákvæmar upplýsingar, svo sem gildistíma og það hvort hægt sé að senda skrána, skaltu skruna að opnunarlykli og styðja á skruntakkann.

Ef tækið er með OMA DRM varið efni skal nota öryggisafritunaraðgerðina í Nokia PC Suite til að taka öryggisafrit af bæði opnunarlyklunum og efninu. Ef notaðar eru aðrar flutningsaðferðir er ekki víst að opnunarlyklarnir, sem þarf að endursetja ásamt OMA DRM-vörðu efni eftir að minni tækisins er forsniðið, verði fluttir með efninu. Einnig gæti þurft að endursetja opnunarlyklana ef skrár í tækinu skemmast.

## ■ Stjórnun tækis

Þú getur fengið miðlarasnið og samskipunarstillingar frá símafyrirtækinu þínu, þjónustuveitu eða upplýsingadeild.

Til að opna *Stj. tækis* skaltu velja **Valmynd** > *Verkfæri* > *Stj. tækis*. Ef ekki er búið að tilgreina nein miðlarasnið er spurt hvort þú viljir tilgreina slíkt snið.

Til að tengjast við miðlara og taka við samskipunarstillingum fyrir símann þinn skaltu skruna að miðlarasniðinu og velja **Valkostir** > *Hefja stillingu*.

Til að breyta miðlarasniði skaltu velja **Valkostir** > *Breyta sniði* og úr eftirfarandi stillingum:

*Nafn miðlara* — Sláðu inn heiti samskipunarmiðlarans.

*Auðkenn.nr. netþjóns* — Sláðu inn einkvæma kennið til að auðkenna samskipunarmiðlarann.

*Lykilorð miðlara* — Sláðu inn lykilorðið sem senda á til miðlarans.

*Aðgangsstaður* — Veldu aðgangsstað sem á að nota þegar tengst er við miðlarann.

*Heimaveffang* — Sláðu inn veffang miðlarans.

*Gátt* — Sláðu inn gáttartölu miðlarans.

*Notandanafn* og *Lykilorð* — Sláðu inn notandanafn þitt og lykilorð.

*Leyfa stillingar* — Til að taka við samskipanastillingum frá miðlaranum skaltu velja *Já*.

*Samþ. allar sjálfkrafa* — Ef þú vilt að síminn biðji um staðfestingu áður en hann tekur við samskipun frá miðlaranum skaltu velja *Nei*.

*Sannvottun símkerfis* — Til að nota sannvottun skaltu velja *Já* og slá inn notandanafn þitt og lykilorð í *Notandanafn símkerfis* og *Lykilorð símkerfis*.

## ■ Gagnaflutningur

Með *Gagnaflutningur* er hægt að afrita eða samstilla tengiliði, dagbókarfærslur og jafnvel önnur gögn, svo sem hreyfimyndir og myndir um Bluetooth eða innrauða tengingu úr samhæfum síma. Ef bæði tækin eru með Bluetooth og innrautt tengi er mælt með því að Bluetooth sé frekar notað.

Það fer eftir hinum símanum hvort samstilling er möguleg og hvort aðeins sé hægt að afrita gögn einu sinni.

Til að flytja eða samstilla gögn:

1. Þegar innrauð tenging er notuð skal staðsetja tækin þannig að innrauðu gáttirnar snúi hvor að annarri og gera tenginguna virka í báðum tækjunum.

   Veldu **Valmynd** > *Verkfæri* > *Flutningur*. Þegar *Gagnaflutningur* er notaður í fyrsta sinn birtast upplýsingar um forritið á skjánum. Veldu **Halda áfram** til að hefja gagnaflutning.

   Hafir þú notað Flutning áður skaltu velja *Flytja gögn*.
2. Veldu hvort nota skal Bluetooth eða innrauða tengingu til að flytja gögnin. Para þarf símana til að hægt sé að flytja gögn um Bluetooth.

   Það fer eftir gerð hins símans hvort forrit er sent og sett upp á honum svo að hægt sé að flytja gögn. Farið eftir leiðbeiningunum.
3. Veldu hvaða efni þú vilt láta flytja í símann þinn.
4. Efnið er flutt í símann. Flutningstíminn fer eftir því hve mikið af gögnum er flutt. Hægt er að stöðva flutning og halda honum áfram síðar.

## ■ Talstilling

Í *Talgervill* er hægt að velja rödd og tungumál fyrir lesin skilaboð og stilla röddina, svo sem hraðastig og hljóðstyrk. Veldu **Valmynd** > *Verkfæri* > *Talgervill*.

Til að sjá raddupplýsingar skaltu skruna til hægri og að röddinni og velja **Valkostir** > *Raddupplýsingar*. Til að prófa rödd skaltu skruna að henni og velja **Valkostir** > *Spila rödd*.

## Stillingahjálp

*Stillingahjálp* setur tækið upp fyrir símkerfi (MMS, GPRS og Internet) og tölvupóstsstillingar, samkvæmt upplýsingum frá símafyrirtækinu. Einnig kann að vera hægt að setja upp aðrar stillingar.

Til að nota slíka þjónustu þarf að hafa samband við símafyrirtækið eða þjónustuveituna til að gera gagnatengingu virka eða annast aðra þjónustu.

Til að breyta stillingum skaltu velja **Valmynd** > *Verkfæri* > *Stillingahjálp* og atriðið sem þú vilt breyta.

## Bankstillingar

Hægt er að stjórna sumum aðgerðum símans með því að banka létt á hann. Með *Bankstillingar* geturðu valið hvernig bakskipanirnar eiga að virka.

Veldu **Valmynd** > *Verkfæri* > *Bankstillingar* og úr eftirfarandi stillingum:

*Lestur SMS* > *Kveikja* — til að hægt sé að hlusta á ný skilaboð við móttöku þeirra með því að banka tvisvar á efri hluta takkaborðsins.

*Bankstjórnun* — til að velja hvort stjórna eigi íþróttastöðunni (*Æfingastjórnun*) eða tónlistarstöðunni (*Tónlistarspilari*) með banki. Velja skal *Slökkva* ef ekki á að nota bankskipanir í þessum stillingum.

# 13. Tengingar

## PC Suite

Þú getur notað símann þinn með margskonar tölvutengingum og gagnasamskiptaforritum. Með PC Suite er t.d hægt að samstilla tengiliði, dagbækur, verkefni og minnispunkta milli símans og samhæfrar tölvu eða ytri internet-miðlara (sérþjónusta).

Hægt er að nota Nokia Music Manager til að afrita tónlist af geisladiski og flytja hana yfir í símann á viðeigandi sniði.

Hægt er að finna nánari upplýsingar um PC suite og niðurhleðslutengilinn á þjónustusvæði Nokia-vefsetursins á slóðinni www.nokia.com/support.

## Bluetooth-tenging

Bluetooth-tækni heimilar þráðlausa tengingu á milli rafeindatækja sem eru í allt að 10 metra (33 feta) fjarlægð hvort frá öðru. Bluetooth-tengingu má nota til að senda myndir, myndinnskot, texta, nafnspjöld eða minnispunkta dagbókar, sem og til að tengjast við samhæf Bluetooth-tæki, svo sem við tölvur.

Þetta tæki er samhæft við Bluetooth Specification 2,0 sem styður eftirfarandi snið: Generic Access Profile, Hands-free Profile, Headset Profile, Basic Imaging Profile, Object Push Profile, File Transfer Profile, Dial Up Networking Profile, Serial Port Profile, Generic Object Exchange Profile og SIM Access Profile. Til að tryggja samvirkni milli annarra tækja sem styðja Bluetooth-tækni skal nota aukahluti sem eru viðurkenndir af Nokia fyrir þessa tegund. Leita skal upplýsinga hjá framleiðendum annarra tækja um samhæfi þeirra við þetta tæki.

Takmarkanir kunna að vera á notkun Bluetooth-tækni á sumum stöðum. Kanna skal það hjá yfirvöldum á staðnum eða þjónustuveitunni.

Aðgerðir sem nota Bluetooth-tækni eða leyfa slíkum aðgerðum að keyra í bakgrunni meðan aðrar aðgerðir eru notaðar krefjast aukinnar rafhlöðuorku og minnka endingu rafhlöðunnar.

## Stillingar Bluetooth-tengingar

Veldu **Valmynd** > *Tenging* > *Bluetooth*.

Þegar þú virkjar Bluetooth-tækni í fyrsta skipti er beðið um að þú gefir símanum heiti.

*Bluetooth* — til að stilla Bluetooth á *Kveikt*/*Slökkt*

*Sýnileiki síma míns* > *Sýnilegur öllum* — til að leyfa öðrum Bluetooth-tækjum að finna símann þinn. Til öryggis er þér ráðlagt að nota stillinguna *Falinn* þegar það er mögulegt.

*Nafn síma míns* — til að gefa símanum nafn.

*Ytra SIM* > *Kveikt* — til að gera SIM-kort símans virkt frá öðru tæki (t.d. bílbúnaði) með Bluetooth (SIM Access Profile SAP).

Þegar ytri SIM-stilling er virk í þráðlausa tækinu er aðeins hægt að hringja og svara símtölum með samhæfum aukahlut sem er tengdur við það (t.d. bílbúnaði). Ekki er hægt að hringja úr þráðlausa tækinu þegar stillingin er virk, nema í neyðarnúmerið sem er forritað í tækið. Eigi að hringja úr tækinu þarf fyrst að slökkva á ytri SIM-stillingu. Ef tækinu hefur verið læst skal fyrst færa inn númerið sem tekur það úr lás.

## Gögn send um Bluetooth

Aðeins er hægt að hafa eina Bluetooth-tengingu virka í einu.

1. Opnaðu forrit þar sem hluturinn sem þú vilt senda er geymdur. Ef þú vilt t.d. senda mynd í annað tæki skaltu opna gallerí-forritið.
2. Skrunaðu að hlutnum sem þú vilt senda og veldu **Valkostir** > *Senda* > *Með Bluetooth*.
3. Síminn byrjar að leita að tækjum á svæðinu. Pöruð tæki eru auðkennd með ✱.

Til að stöðva leitina skaltu styðja á **Hætta leit**. Tækjalistinn stöðvast og þú getur komið á tengingu við eitthvert tækjanna sem fannst.

Þegar þú leitar að tækjum geta sum tæki aðeins sýnt eingild vistföng sín. Til að finna eingilt auðkennisnúmer símans þíns skaltu slá inn kóðann ***#2820#** í biðham.

Ef þú hefur áður leitað að tækjum birtist fyrst listi yfir þau tæki sem fundust við þá leit. Til að hefja nýja leit skaltu velja *Fleiri tæki*. Ef þú slekkur á símanum er tækjalistinn hreinsaður og ræsa verður tækjaleitina aftur áður en gögn eru send.

4. Skrunaðu að tækinu sem þú vilt tengjast og veldu það. Hluturinn sem þú sendir er afritaður í úthólfið og athugasemdin *Er að tengjast* birtist.
5. Pörun:
   - Ef hitt tækið fer fram á pörun áður en hægt er að senda gögn heyrist hljóðmerki og beðið er um tengikóða.
   - Búðu til þinn eigin tengilykil (1-16 tölustafir) og biddu eiganda hins tækisins um að nota sama tengilykil. Þessi tengilykill er aðeins notaður einu sinni og þú þarft ekki að leggja hann á minnið.
   - Eftir pörun vistast tækið á skjánum *Pöruð tæki*.
6. Þegar tengingunni hefur verið komið á birtist athugasemdin *Sendi gögn*.

Gögn sem hafa borist um Bluetooth-tengingu er að finna í möppunni *Innhólf* í *Skilaboð*.

**Tákn fyrir mismunandi tæki:** (*Tölva*), (*Sími*), (*Hljóð/mynd*) og (*Bluetooth-tæki*).

Ef sending mistekst er gögnunum eða skilaboðunum eytt. Mappan *Uppköst* í *Skilaboð* vistar ekki skilaboð sem send eru um Bluetooth-tengingu.

## Skjárinn Pöruð tæki

Pöruð tæki eru sýnd með í leitarlistanum. Skrunaðu til hægri á aðalskjá Bluetooth til að opna lista yfir pöruð tæki.

Ekki skal samþykkja Bluetooth-tengingar frá aðilum sem ekki er treyst.

Til að parast við tæki skaltu velja **Valkostir** > *Nýtt parað tæki*. Síminn byrjar að leita að tækjum. Skrunaðu að tækinu sem þú vilt parast við og veldu það. Skipstu á lykilorðum. Tækinu er bætt á listann yfir *Pöruð tæki*.

Til að hætta við pörun skaltu skruna að tækinu sem þú vilt hætta við pörun við og styðja á hreinsitakkann, eða velja **Valkostir** > *Eyða*. Ef þú vilt hætta við allar paranir skaltu velja **Valkostir** > *Eyða öllum*.

Til að stilla tæki sem heimilað skaltu skruna að tækinu og velja **Valkostir** > *Stilla sem heimilað*. Hægt er að koma á tengingum milli símans þíns og þessa tækis án þinnar vitundar. Ekki þarf að samþykkja eða heimila tenginguna sérstaklega. Notaðu þessa stöðu eingöngu fyrir þín eigin tæki, líkt og fyrir tölvuna þína, eða tæki þeirra sem þú treystir. Táknið birtist við hlið heimilaðra tækja á skjánum *Pöruð tæki*. Ef þú velur *Stilla sem óheimilað* þarftu að samþykkja beiðnir um tengingar frá þessu tæki í hvert skipti.

## Tekið á móti gögnum um Bluetooth

Þegar þér berast gögn með þráðlausri Bluetooth-tækni heyrist hljóðmerki og spurt er hvort þú viljir heimila móttöku boðanna. Ef þú samþykkir boðin er hluturinn settur í möppuna *Innhólf* í *Skilaboð*.

## Bluetooth-tenging rofin

Bluetooth-tenging er sjálfkrafa rofin eftir sendingu eða móttöku gagna.

# ■ Spjall

Spjall (sérþjónusta) gerir þér kleift að hafa samband við annað fólk með því að nota spjallskilaboð og taka þátt í umræðuhópum (spjallhópum) þar sem rætt er um ákveðin málefni. Þegar þú hefur skráð þig í spjallþjónustu getur þú skráð þig inn á spjallmiðlara þjónustuveitunnar.

Upplýsingar um spjallþjónustu, verðlagningu og gjaldskrá veitir símafyrirtækið eða þjónustuveitan. Þjónustuveitur veita einnig leiðbeiningar um hvernig nota eigi þjónustu þeirra.

Til að fá aðgang að spjallþjónustu verður þú að vista stillingarnar fyrir þá þjónustu. Þú getur e.t.v. fengið stillingarnar frá símafyrirtækinu eða þjónustuveitunni sem býður upp á þjónustuna í samskipanaboðum. Þú getur einnig slegið inn stillingarnar handvirkt. Sjá „Stillingar fyrir spjall" á bls. 74.

## Tenging við spjallmiðlara

Veldu **Valmynd** > *Tenging* > *Spjall*.

1. Til að skrá þig inn skaltu velja **Valkostir** > *Innskráning*.
2. Sláðu inn aðgangsorðið þitt og lykilorð. Þú færð aðgangsorðið og lykilorðið hjá þjónustuveitunni.

Til að skrá þig út skaltu velja **Valkostir** > *Útskráning*.

## Stillingar fyrir spjall

Veldu **Valmynd** > *Tenging* > *Spjall* > **Valkostir** > *Stillingar* > *Spjallstillingar* og úr eftirfarandi stillingum:

*Nota skjánafn* — Veldu *Já* til að slá inn gælunafn (að hámarki 10 stafir).

*Spjallstaða* — Til að leyfa einungis tengiliðum þínum að sjá þegar tenging þín er virk skaltu velja *Aðeins f. spjalltengiliði*. Til að koma í veg fyrir að aðrir sjái að tenging þín sé virk skaltu velja *Sýna engum*.

*Leyfa skilaboð frá* — Veldu *Allir*, *Úr spjalltengiliðum* eða *Engum*.

*Leyfa boð frá* — Veldu *Allir*, *Úr spjalltengiliðum* eða *Engum*.

Aðrar stillingar kunna einnig að vera tiltækar.

Veldu **Valmynd** > *Tenging* > *Spjall* > **Valkostir** > *Stillingar* > *Stillingar miðlara* og úr eftirfarandi stillingum:

*Miðlarar* — Til að breyta stillingum fyrir tengingar skaltu skruna að miðlaranum og velja **Valkostir** > *Breyta*. Hafðu samband við þjónustuveituna til að fá stillingarnar. Til að tilgreina nýjar stillingar fyrir miðlara skaltu velja **Valkostir** > *Nýr miðlari*. Til að eyða miðlara skaltu skruna að honum og velja **Valkostir** > *Eyða*.

*Sjálfgefinn miðlari* — til að velja sjálfgefinn miðlara.

*Gerð innskr. á spjall* — til að tengjast sjálfkrafa við spjallmiðlara á þeim dögum og tímum sem þú tilgreinir skaltu velja *Sjálfvirk*. Veldu *Sj. á heimasímk.* til að vera eingöngu með sjálfvirka tengingu í heimasímkerfinu. Til að tengjast sjálfkrafa þegar þú ræsir spjallforritið skaltu velja *Við ræs. forrits*. Til að tengjast handvirkt skaltu velja *Handvirk*.

*Innskráningardagar* og *Innskráningartímar* — til að stilla á hvaða tímum þú vilt koma á sjálfvirkri tengingu. Þessar stillingar birtast aðeins ef *Gerð innskr. á spjall* er stillt á *Sjálfvirk* eða *Sj. á heimasímk.*.

## Gengið í og úr spjallhóp

Veldu **Valmynd** > *Tenging* > *Spjall* > *Spjallhópar*.

Spjallhópar eru einungis aðgengilegir ef þeir eru studdir af þjónustuveitunni.

Til að gerast þátttakandi í spjallhóp skaltu skruna að hópi á listanum og styðja á skruntakkann. Til að vera með í spjallhópi sem er ekki á listanum en þú veist hópkennið á skaltu velja **Valkostir** > *Ganga í nýjan hóp*. Sláðu inn auðkenni hópsins og styddu á skruntakkann.

Skrunaðu að hópi, veldu **Valkostir** > *Hópur* og síðan úr eftirfarandi valkostum: *Vista* til að vista hann í *Spjallhópar*, *Eyða* til að eyða hópnum, *Skoða þátttakendur* til að sjá hverjir hafa nýlega gengið í hópinn og *Upplýsingar* til að sjá auðkenni hópsins, umræðuefni, meðlimi, hverjir hafa réttindi til breytinga og hvort leyfilegt sé að senda einkaskilaboð í hópnum.

Til að yfirgefa spjallhópinn skaltu velja **Valkostir** > *Yfirgefa spjallhóp*.

## Leitað að spjallhópum og –notendum

Til að leita að hópum skaltu velja **Valmynd** > *Tenging* > *Spjall* > *Spjallhópar* > **Valkostir** > *Leita*. Hægt er að leita að spjallhópum eftir *Nafn hóps*, *Efni* eða *Félagar* (notandanafn). Til að vista eða gerast þátttakandi í hóp sem finnst við leit skal skruna að honum og velja **Valkostir** > *Taka þátt* eða *Vista*. Ef þú vilt hefja nýja leit skaltu velja **Valkostir** > *Ný leit*.

Til að leita að nýjum tengiliðum skaltu velja *Spjalltengiliðir* > **Valkostir** > *Nýr spjalltengiliður* > *Leita á miðlara*. Hægt er að leita eftir *Nafn notanda*, *Aðg.orð notanda*, *Símanúmer* og *Tölvupóstfang*. Veldu **Valkostir** > *Ný leit* til að hefja nýja leit. Til að hefja samræður við notanda sem hefur fundist skaltu skruna að honum og velja **Valkostir** > *Opna samtal*. Til að vista notanda sem tengilið skaltu velja *Bæta í spjalltengiliði*. Til að bjóða notanda þátttöku í hópi skaltu velja *Senda boð*.

Til að sjá fleiri leitarniðurstöður en þær leitarniðurstöðurnar sem birtast skaltu velja **Valkostir** > *Ný leit* > *Fleiri niðurstöður*.

## Spjall í spjallhópi

Veldu **Valmynd** > *Tenging* > *Spjall* > *Spjallhópar*.

Þegar þú hefur gerst þátttakandi í spjallhópi geturðu bæði skoðað skilaboðin sem skipst er á í hópnum og sent þín eigin skilaboð.

Skilaboð eru send með því að skrifa þau og styðja svo á skruntakkann.

Til að senda einkaskilaboð til ákveðins meðlims (ef það er leyfilegt í hópnum) skaltu velja **Valkostir** > *Senda einkamál*, velja svo viðtakandann, skrifa skilaboðin og styðja á skruntakkann.

Til að svara einkaboðum sem þú hefur móttekið skaltu skruna að skilaboðunum og velja **Valkostir** > *Svara*.

Til að bjóða spjalltengiliðum sem eru tengdir að ganga í spjallhópinn (ef það er leyfilegt) skaltu velja **Valkostir** > *Senda boð*, velja tengiliðina sem þú vilt bjóða í hópinn, skrifa boðin til þeirra og velja **Lokið**.

### Skilaboð tekin upp

Til að taka upp skilaboðin sem skipst er á í spjallhópi eða í einkasamtali skaltu velja **Valkostir** > *Taka upp spjall*. Sláðu inn heiti fyrir skilaboðaskrána og styddu á skruntakkann. Til að stöðva upptöku skaltu velja **Valkostir** > *Stöðva upptöku*.

## Að hefja og skoða samtöl

Veldu **Valmynd** > *Tenging* > *Spjall* > *Samtöl*.

Þá birtist listi yfir þá spjallnotendur sem þú ert að spjalla við.

við hlið notanda gefur til kynna að notandinn hafi sent þér ný skilaboð.

Til að skoða samtal sem er í gangi skaltu skruna að notandanum og styðja á skruntakkann. Skilaboð eru send með því að skrifa þau og styðja svo á skruntakkann. Til að fara aftur í samtalalistann án þess að ljúka samtalinu skaltu velja **Til baka**.

Til að hefja nýtt samtal skaltu velja **Valkostir** > *Nýtt samtal* > *Velja móttakanda* til að velja af lista með spjalltengiliðum sem eru tengdir þá stundina eða *Slá inn aðgangsorð* til að slá inn notandanafn.

Veldu **Valkostir** > *Ljúka samtali* til að ljúka samtali. Þegar spjalli er lokað er þeim samtölum sem enn eru í gangi lokað sjálfkrafa.

Til að vista notanda í spjalltengiliðum þínum skaltu skruna að notandanum og velja **Valkostir** > *Bæta í spjalltengiliði*.

Til að loka fyrir móttöku skilaboða frá ákveðnum þátttakendum skaltu velja **Valkostir** > *Útilokunarmöguleik.* og úr eftirfarandi:

*Bæta á lokaðan lista* — til að loka fyrir skilaboð frá þeim notanda sem er valinn.

*Bæta handvirkt á lista* — til að slá inn auðkenni notandans og styðja á skruntakkann.

*Skoða lokaðan lista* — til að sjá þá notendur sem þú hefur lokað á skilaboð frá.

*Opna fyrir* — Veldu notandann sem þú vilt fjarlægja af lokaða listanum og styddu á skruntakkann.

## Spjalltengiliðir

Veldu **Valmynd** > *Tenging* > *Spjall* > *Spjalltengiliðir*.

Þú getur séð lista yfir spjalltengiliði sem þú hefur vistað. sýnir tengiliði sem eru tengdir þá stundina og sýnir þá sem eru ótengdir.

Til að búa til nýjan tengilið handvirkt skaltu velja **Valkostir** > *Nýr spjalltengiliður* > *Færa inn handvirkt*.

Til að skoða upplýsingar um tengilið skaltu skruna að honum og velja **Valkostir** > *Upplýs. tengiliðs*.

Skrunaðu að tengiliðnum og veldu **Valkostir** og úr eftirfarandi valkostum:

*Opna samtal* — til að hefja nýtt samtal eða halda áfram samtali við tengiliðinn.

*Upplýs. tengiliðs* — til að skoða upplýsingar um tengiliðinn.

*Kveikja á rakningu* — til að fá tilkynningu í hvert skipti sem spjalltengiliðurinn tengist eða aftengist.

*Tilheyrir hópum* — til að sjá í hvaða hópa spjalltengiliðurinn hefur gengið.

*Útilokunarmöguleik.* — til að loka fyrir eða leyfa móttöku skilaboða frá tengilið.

*Uppfæra stöðu notenda* — til að uppfæra upplýsingar um það hvort tengiliðir eru tengdir eða ekki. Þessi valkostur er ekki í boði ef þú hefur valið *Uppfærsla stöðu* > *Sjálfvirkt* í *Spjallstillingar*.

*Breyta* — til að breyta upplýsingum um tengilið, eyða tengilið, færa tengilið eða fá tilkynningu þegar staða tengiliðs breytist.

## Nýr spjallhópur búinn til

Veldu **Valmynd** > *Tenging* > *Spjall* > *Spjallhópar* > **Valkostir** > *Búa til nýjan hóp*. Sláðu inn stillingarnar fyrir hópinn:

*Nafn hóps*, *Efni hóps* og *Opnunarkveðja* sem þátttakendurnir sjá þegar þeir ganga í hópinn.

*Stærð hóps* — Til að tilgreina hámarksfjölda þátttakenda í hópnum.

*Leyfa leit* — Til að tilgreina að aðrir geti fundið spjallhópinn með því að leita að honum.

*Réttindi til að breyta* — Skrunaðu að þeim meðlimum spjallhópsins sem þú vilt veita rétt til að gera breytinga og sem mega bjóða tengiliðum að slást í hópinn.

*Félagar í hópi* — Sjá „Aðgangur að spjallhópi takmarkaður" á bls. 78.

*Útilok.* — Til að birta lista yfir útilokaða notendur.

*Leyfa einkamál* — Til að leyfa eða banna einkaskilaboð milli meðlima í hópnum.

*Aðgangsorð hóps* — Hópnafnið er búið til sjálfkrafa og því er ekki hægt að breyta.

### Aðgangur að spjallhópi takmarkaður

Þú getur tilgreint spjallhóp sem lokaðan með því að búa til lista yfir meðlimi hópsins. Þá er aðeins þeim notendum sem eru á listanum heimilt að ganga í hópinn. Veldu *Spjallhópar*, skrunaðu að hópnum og veldu **Valkostir** > *Hópur* > *Stillingar* > *Félagar í hópi* > *Aðeins valdir*.

## Stjórnandi tenginga

Veldu **Valmynd** > *Tenging* > *Stj. teng.*.

Í stjórnanda tenginga geturðu skoðað stöðu margra gagnatenginga í einu, skoðað magn móttekinna og sendra gagna og slitið ónotuðum tengingum.

Þegar þú opnar stjórnanda tenginga birtist eftirfarandi:

- Opnar gagnatengingar. D sýnir *Gagnasímtal* og sýnir *Pakkagögn*.
- Staða hverrar tengingar.
- Magn gagna sem hefur verið hlaðið niður eða upp í hverri tengingu (aðeins fyrir pakkagagnatengingar).
- Upplýsingar um tímalengd hverrar tengingar (aðeins tengingar gagnasímtala).

**Til athugunar:** Reikningar þjónustuveitunnar fyrir símtöl og þjónustu kunna að vera breytilegir eftir eiginleikum símkerfisins, sléttun fjárhæða við gerð reikninga, sköttum og öðru slíku.

### Upplýsingar um tengingu skoðaðar

Til að skoða upplýsingar um tengingu skaltu skruna að henni og velja **Valkostir** > *Upplýsingar*.

### Tengingar rofnar

Til að rjúfa tengingu skaltu skruna að henni og velja **Valkostir** > *Aftengja*. Til að rjúfa allar virkar tengingar skaltu velja **Valkostir** > *Aftengja allar*.

## Kallkerfi

Í kallkerfi (sérþjónusta) er um að ræða símtal yfir kallkerfisþjónustu í rauntíma (sérþjónusta) sem komið er á með GSM/GPRS-símkerfi. Í kallkerfinu er komið á beinu talsambandi með því að styðja á takka.

Áður en kallkerfisþjónusta er tekin í notkun þarf að tilgreina aðgangsstað þjónustunnar og stillingar fyrir kallkerfið. Þú kannt að fá stillingarnar sendar sem samskipanaboð frá símafyrirtækinu eða kallkerfisþjónustuveitunni.

Í samskiptum gegnum kallkerfið talar einn aðili en hinir hlusta gegnum innbyggða hátalarann. Notendur skiptast á að svara hver öðrum. Þar sem aðeins einn aðili getur talað í einu fær hann tiltekinn hámarkstíma.

Símtöl hafa ávallt forgang fram yfir samtöl um kallkerfi.

Að pakkagagnateljaranum undanskildum skráir síminn aðeins tveggja manna tal í listanum yfir nýleg símtöl í *Notkunarskrá*. Þátttakendur í samtali ættu að staðfesta móttöku samskipta þar sem það á við þar sem ekki er um aðra staðfestingu að ræða á því að þeir hafi heyrt hringinguna.

Símafyrirtækið eða þjónustuveitan veitir upplýsingar um framboð, kostnað og áskrift að þjónustunni. Hafa ætti í huga að reikiþjónusta kann að vera takmarkaðri en gerist með símtöl um heimasímakerfið.

Hægt er að nota aðrar aðgerðir símans þegar kallkerfið er í notkun. Mikill hluti þeirrar þjónustu sem stendur til boða í hefðbundnum símtölum (svo sem talhólf) er ekki til staðar í samskiptum um kallkerfi.

## Kallkerfisaðgangsstaður tilgreindur

Margar þjónustuveitur fara fram á að þú notir internetaðgangsstað sem sjálfgefinn aðgangsstað. Aðrar þjónustuveitur leyfa notkun WAP-aðgangsstaða. Þjónustuveitan gefur nánari upplýsingar.

Ef þú ert ekki með WAP-tengingu gætirðu þurft að hafa samband við þjónustuveituna til að fá aðstoð við tenginguna.

## Stillingar fyrir kallkerfið

Þú getur fengið frekari upplýsingar um þjónustustillingar fyrir kallkerfið hjá símafyrirtækinu þínu eða þjónustuveitu. Þú getur fengið stillingarnar sendar yfir ljósvakann í samskipanaboðum.

Til að skoða og breyta stillingum fyrir kallkerfið skaltu velja **Valmynd** > *Tenging* > *Kallkerfi* > **Valkostir** > *Stillingar*.

### Notandastillingar

*Móttekin kallk.símtöl* — Til að sjá tilkynningu um innhringingar skaltu velja *Tilkynna*. Til að svara kallkerfishringingum sjálfvirkt skaltu velja *Samþ. sjálfkrafa*. Ef þú vilt ekki taka á móti kallkerfishringingum skaltu velja *Óheimilt*.

*Hringitónn kallkerfis* — Veldu hringitón fyrir móttekin kallkerfissímtöl. Ef þú vilt að stilling fyrir innhringingu í kallkerfi sé eins og sniðstillingarnar þínar skaltu velja *Nota tón sniðs*. Ef t.d. er slökkt á hljóði þá er kallkerfið stillt á „ekki trufla" og þú svarar ekki öðrum sem nota kallkerfið, nema þeim sem biðja þig um að hringja til baka.

*Tónn svarhringingar* — Veldu tón fyrir beiðnir um að hringja til baka.

*Ræsing forrits* — Til að að kallkerfi sé komið á sjálfvirkt skaltu velja *Alltaf sjálfvirk*. Til að kallkerfi sé einungis komið á sjálfvirkt þegar þú ert tengdur heimakerfinu þínu skaltu velja *Sjálfv. í heimakerfi*.

*Sjálfgefið gælunafn* — Sláðu inn gælunafn þitt sem aðrir notendur sjá. Þjónustuveitan kann að hafa gert breytingu á þessum valkosti óvirka í símanum.

*Sýna vistfangið mitt* — Veldu *Aldrei* ef þú vilt fela kallkerfisvistfang þitt fyrir öðrum aðilum á kallkerfisrásunum og í tveggja manna tali.

*Sýna stöðu mína* — Veldu *Já* ef þú vilt að staða þín birtist, eða *Nei* ef þú vilt ekki að staða þín birtist.

### Tengistillingar

*Lén* — Sláðu inn lénsheitið sem þjónustuveitan lét í té.

*Heiti aðgangsstaðar* — Sláðu inn heiti kallkerfisaðgangsstaðarins. Heiti aðgangsstaðar er nauðsynlegt til að koma á tengingu við GSM/GPRS-símkerfið.

*Veffang miðlara* — Sláðu inn IP-tölu eða lénsheiti kallkerfismiðlarans sem þjónustuveitan lét í té.

*Notandanafn* — Sláðu inn notandanafn þitt sem þjónustuveitan þín lét í té.

*Lykilorð* — Sláðu inn lykilorðið sem þú notar til að opna kallkerfisþjónustuna.

## Tenging við kallþjónustu

Veldu **Valmynd** > *Tenging* > *Kallkerfi* eða styddu á kallkerfistakkann. Kallkerfið tengist sjálfkrafa við þjónustuna þegar hún er ræst.

Eftir innskráningu tengist kallkerfið sjálfkrafa þeim rásum sem voru virkar þegar forritinu var lokað síðast. Ef tenging rofnar reynir tækið sjálfkrafa að skrá sig inn aftur þar til þú slekkur á kallkerfinu.

gefur til kynna tengingu við kallkerfið.

gefur til kynna að kallkerfið er stillt á „ekki trufla".

## Slökkt á kallkerfinu

Veldu **Valmynd** > *Tenging* > *Kallkerfi* > **Valkostir** > *Hætta*. *Slökkva á kallkerfi eftir að forritinu er lokað?* birtist á skjánum. Veldu *Já* til að skrá þig út og loka þjónustunni. Ef þú vilt að forritið sé virkt í bakgrunni skaltu velja *Nei*.

## Tveggja manna tal

**Viðvörun:** Ekki skal halda tækinu nálægt eyranu þegar hátalarinn er notaður því hljóðstyrkur getur verið mjög mikill.

1. Veldu **Valmynd** > *Tenging* > *Kallkerfi* > **Valkostir** > *Kallkerfistengiliðir*, skrunaðu að tengiliðnum sem þú vilt tala við og styddu á kallkerfistakkann.
2. Til að tala við aðra þátttakendur eftir að tengingu hefur verið komið á skaltu halda kallkerfistakkanum inni allan tímann sem þú talar.
3. Til að slíta kallkerfissamtali skaltu velja *Aftengja* en ef um mörg kallkerfissamtöl er að ræða skaltu velja **Valkostir** > *Aftengjast*.

## Kallkerfissímtali svarað

Ef *Móttekin kallk.símtöl* eru stillt á *Tilkynna* í *Notandastillingar* gefur stuttur tónn innhringingu til kynna. Til að samþykkja símtal skaltu velja **Samþykk.**. Til slökkva á tóninum skaltu velja **Hljótt**. Styddu á hætta-takkann til að hafna símtalinu.

## Hringt í hóp

Til að hringja í hóp skaltu velja **Valkostir** > *Kallkerfistengiliðir*, velja **Valkostir** > *Hringja kallkerfissímtal*, merkja tengiliðina sem þú vilt hringja með því að skruna að þeim og ýta á skruntakkann og styðja síðan á kallkerfistakkann.

## Áskrift af innskráningarstöðu annarra

Til að fá áskrift eða segja upp áskrift að innskráningarstöðu annarra í kallkerfinu skaltu velja **Valkostir** > *Kallkerfistengiliðir*, skruna að tengiliðnum og velja **Valkostir** > *Sýna stöðu* eða *Fela stöðu*.

## Beiðni um svarhringingu

### Beiðni um svarhringingu send

Ef þú hringir tveggja manna tal og færð ekkert svar geturðu sent beiðni til viðkomandi um að hringja í þig (svarhringing). Það eru nokkrar leiðir til að senda beiðni um svarhringingu:

- Til að svara beiðni um svarhringingu frá *Kallkerfistengiliðir* skaltu skruna að tengilið og velja **Valkostir** > *Senda svarbeiðni*.
- Til að svara beiðni um svarhringingu frá *Tengiliðir* skaltu skruna að tengilið og velja **Valkostir** > *Kallkerfisvalkostir* > *Senda beiðni um svarhr.*.

### Orðið við beiðni um svarhringingu

Þegar einhver sendir þér beiðni um svarhringingu er *1 ný beiðni um svarhringingu* birt í biðham. Veldu **Sýna** til að opna *Innhólf svarhr.*. Skrunaðu að tengilið og styddu á kallkerfistakkann.

# Rásir

Þegar þú ert tengdur einhverri rás geta allir sem eru á rásinni heyrt í þér. Allt að fimm rásir geta verið virkar samtímis. Þegar fleiri en ein rás eru virkar skaltu velja **Víxla** til að skipta milli rása.

Allir meðlimir á rásinni eru auðkenndir með notandanafni sem þjónustuveitan lætur í té. Meðlimir á rásinni geta valið sér gælunafn á hverri rás og er það birt sem auðkenni viðkomandi.

Rásir eru skráðar með veffangi. Einn notandi skráir veffang rásarinnar á netinu með því að tengjast rásinni í fyrsta sinn.

## Eigin rás búin til

1. Veldu **Valkostir** > *Kallkerfisrásir*.
2. Veldu **Valkostir** > *Ný rás* > *Búa til nýjan*.
3. Sláðu inn *Heiti rásar*.
4. Veldu *Næði rásar*.
5. Sláði inn gælunafn þitt í *Gælunafn í rás*.
6. Ef þú vilt bæta við smámynd í hópinn skalu velja *Smámynd rásar* og velja mynd.
7. Veldu **Lokið**. Þegar þú hefur búið til rás er spurt hvort þú viljir senda út boð á rásina. Boð á rásir eru textaskilaboð.

## Þátttaka í forstilltri rás

Forstillt rás er kallkerfishópur sem er settur upp af þjónustuveitunni. Aðeins forstilltir notendur hafa heimild til þátttöku og notkunar á rásinni. Þegar þú gerist þátttakandi í rás sem er fyrir hendi verður þú að slá inn veffang hennar.

Upplýsingar um rásir fást hjá símafyrirtækinu eða þjónustuveitunni. Þú getur fengið upplýsingarnar í textaboðum.

1. Veldu **Valkostir** > *Kallkerfisrásir*.
2. Veldu **Valkostir** > *Ný rás* > *Bæta við núverandi*.
3. Sláðu inn *Heiti rásar*, *Vistfang rásar* og *Gælunafn í rás*. Einnig er hægt að setja inn *Smámynd rásar*.
4. Veldu **Lokið**.

## Boði um þátttöku í rás svarað

Til að vista boð um þátttöku í í rás skaltu velja **Valkostir** > *Vista kallkerfisrás*. Rásinni er bætt við kallkerfistengiliði þína á rásaskjánum. Eftir að þú hefur vistað boðið um þátttöku er spurt hvort þú viljir tengjast rásinni.

## Kallkerfissamtöl

Kallkerfissamtöl birtast sem samtalsgluggar á kallkerfisskjánum og þar má sjá upplýsingar um stöðu kallkerfissamtalanna:

auðkennir það kallkerfissamtal sem er í gangi.

*Bíddu* — birtist þegar þú heldur kallkerfistakkanum inni þegar einhver annar er að tala í kallkerfissamtalinu.

*Talaðu* — birtist þegar þú heldur kallkerfistakkanum inni og færð leyfi til að tala.

Textareiturinn sýnir gælunafn fyrir tveggja manna tal eða nafn rásar fyrir innhringingu. Þegar hringt er í hóp birtist *Hópsímtal* á skjánum.

Veldu **Valkostir** til að fá aðgang að eftirfarandi:

*Aftengjast* — til að aftengjast því kallkerfissamtali sem valið hefur verið og loka samtalsglugganum.

*Kallkerfistengiliðir* — til að opna listann yfir kallkerfistengiliði.

*Kallkerfisrásir* — til að opna listann yfir kallkerfisrásir.

*Innhólf svarhringinga* — til að opna innhólfið fyrir beiðnir um svarhringingu.

*Notkunarskrá* — til að skoða notkunarskrána fyrir kallkerfið.

*Stillingar* — til að fá aðgang að aðalstillingum kallkerfisins.

Það eru fleiri valkostir í boði þegar um hópsamtöl og rásir er að ræða:

*Virkir meðlimir* — til að skoða lista yfir virka meðlimi.

*Senda boð* — til að opna skjá fyrir boð (eingöngu til staðar fyrir eigin rásir eða almennar rásir).

# ■ Ytri samstilling

Veldu **Valmynd** > *Tenging* > *Samstilling*.

Með *Samstilling* er hægt að samstilla dagbókina, tengiliðina eða minnispunkta við ýmiss konar hugbúnað fyrir dagbók og símaskrá á samhæfri tölvu eða á Internetinu. Samstillingarforritið notar SyncML-tækni við samstillingu.

## Nýtt samstillingarsnið búið til

1. Hafi engin snið verið tilgreind spyr síminn hvort þú viljir búa til nýtt snið. Veldu **Já**.

   Til að bæta nýju sniði við þau snið sem fyrir eru skaltu velja **Valkostir** > *Nýtt samst.snið*. Veldu hvort nota eigi sjálfgefin gildi eða afrita gildin úr sniði sem þegar er til og sem þú vilt nota sem grunn fyrir nýja sniðið.

2. Tilgreindu *Forrit* sem á að samstilla.

   Veldu forrit og styddu á skruntakkann til að breyta stillingum fyrir samstillingar:

   *Innifalið í samstillingu* — til að gera samstillingar virkar eða óvirkar.

   *Ytri gagnagrunnur* — nafn á ytri gagnagrunni sem er notaður.

   *Gerð samstillingar* — Veldu *Venjuleg* til að að samstilla gögnin í símanum og ytri gagnagrunninum, *Aðeins til síma* til að að samstilla eingöngu gögnin í símanum eða *Aðeins til miðlara* til að að samstilla eingöngu gögnin í ytri gagnagrunninum.

3. Tilgreindu *Tengistillingar* :

   *Útgáfa miðlara*, *Auðkenni miðlara*, *Gagnaflutningsmáti*, *Heimanetfang*, *Gátt*, *Notandanafn* og *Lykilorð* — Hafðu samband við þjónustuveituna þína eða kerfisstjóra til að fá réttar stillingar.

   *Aðgangsstaður* (birtist aðeins ef *Internet* er valið sem *Gagnaflutningsmáti*) — Veldu aðgangsstað sem á að nota fyrir gagnatengingar.

   *Leyfa samst.beiðnir* > *Já* — til að leyfa að miðlarinn hefji samstillingar.

   *Samþyk. allar beiðnir* > *Nei* — til að krefjast staðfestingar áður en miðlarinn hefur samstillingar.

   *Sannvottun símkerfis* — Til að nota sannvottun skaltu velja *Já* og slá inn notandanafn og lykilorð í *Not.nafn símkerfis* og *Lykilorð símkerfis*.

## Gögn samstillt

Skrunaðu að sniði í aðalskjánum og veldu **Valkostir** > *Samstilla*. Staða samstillingarinnar birtist.

Til að hætta við samstillingu áður en henni er lokið skaltu velja **Hætta við**.

Tilkynning birtist þegar samstillingunni er lokið.

Þegar samstillingu er lokið skaltu velja **Valkostir** > *Skoða notk.skrá* til að opna notkunarskrána sem sýnir stöðu samstillingarinnar (*Lokið* eða *Ekki lokið*) og hversu mörg dagbókaratriði og tengiliðafærslur hafa verið settar inn, uppfærðar, eytt eða fleygt (ekki samstilltar) í símanum eða á miðlaranum.

# ■ Innrauð tenging

Ekki má beina innrauðum (IR) geisla að augum eða láta hann trufla önnur innrauð tæki. Þetta tæki er leysitæki í flokki 1 (Class 1 laser product).

Notaður innrauða tengingu til að koma á tengingu milli tveggja tækja og flytja gögn á milli þeirra. Með innrauðri tengingu er hægt að flytja gögn, t.d. nafnspjöld, dagbókaratriði og miðlunarskrár með samhæfu tæki.

## Gögn send og móttekin

1. Gættu þess að innrauðu gáttir tækjanna snúi hvor að annarri. Innbyrðis staðsetning tækjanna er mikilvægari en horn eða fjarlægð.
2. Til að gera innrauða tengingu virka í tækinu skaltu velja **Valmynd** > *Tenging* > *Innrauð*. Gerðu innrauðu tenginguna virka í hinu tækinu. Það líða nokkrar sekúndur þar til innrauða tengingin er komin á.
3. Til að geta sent þarftu að velja skrá í forriti eða í skráarstjórn og velja **Valkostir** > *Senda* > *Með IR*.

Ef gagnasending hefst ekki fljótt eftir að kveikt hefur verið á innrauðu gáttinni er slökkt á tengingunni og gera þarf hana virka á ný.

Allir mótteknir hlutir eru settir í möppuna *Innhólf* í *Skilaboð*.

# ■ Mótald

Áður en hægt er að nota tækið sem mótald:

- Hafa þarf viðeigandi gagnasamskiptahugbúnað í tölvunni.
- Hafa verður áskrift að viðeigandi sérþjónustu hjá þjónustuveitunni eða internetþjónustuveitunni.
- Hafa verður viðeigandi rekla uppsetta í tölvunni. Setja verður upp rekla fyrir snúrutengingu og nauðsynlegt kann að vera að setja upp eða uppfæra Bluetooth eða innrauða rekla.

Veldu **Valmynd** > *Tenging* > *Mótald*.

Styðja skal á skruntakkann til að tengja tækið við samhæfa tölvu um innrauða tengingu. Gæta skal þess að innrauðar gáttir tækisins og tölvunnar snúi beint hvor að annarri og að ekkert sé á milli þeirra.

Þegar tækið er tengt við tölvu um Bluetooth skal fyrst koma á tengingu á í tölvunni. Til að gera Bluetooth-tengingu virka í tækinu skaltu velja **Valmynd** > *Tenging* > *Bluetooth* og síðan *Bluetooth* > *Kveikt*.

Þegar snúra er notuð til að tengja tækið við tölvu skal fyrst koma tengingu á í tölvunni.

Athuga skal að ekki er víst hægt sé að nota allar hinar samskipaaðferðirnar þegar tækið er notað sem mótald.

## USB-gagnasnúra

Hægt er að nota USB-gagnasnúru til að flytja gögn milli símans og samhæfrar tölvu. Einnig er hægt að nota USB-gagnasnúru með Nokia PC Suite.

Veldu **Valmynd** > *Tenging* > *Gagnasn.*. Veldu til hvers USB-gagnasnúrutengingin skuli notuð: *Miðlunarspilari*, *PC Suite* eða *Gagnaflutningur*. Til að tækið spyrji um tilgang tengingar í hvert sinn sem snúran er tengd skaltu velja *Spyrja við tengingu*.

Þegar tengingarnar *Gagnaflutningur* og *Miðlunarspilari* eru virkar er síminn ótengdur og hvorki er hægt að hringja í hann eða úr honum.

Þegar búið er að flytja gögn skal gæta þess að óhætt sé að taka USB-gagnasnúruna úr sambandi við tölvuna.

# 14. Tónlist

## Tónlistarspilari

Til að gera tónlistarstillingu virka og ræsa *Tónlistarspilari* skaltu styðja á skiptitakkann.

### Tónlistarsafn

*Tónlistarsafn* er gagnagrunnur með tiltækum lögum. Í tónlistarsafninu er hægt að velja sér tónlist til að hlusta á og búa til og skipuleggja spilunarlista.

Til að opna tónlistarsafnið í aðalvalmynd tónlistarspilarans skaltu skruna að og styðja á skruntakkann.

Til að uppfæra tónlistarsafnið og leita að lögum í minni símans og á minniskortinu skaltu velja **Valkostir** > *Uppfæra Tónlistarsafn*. Eftir uppfærsluna birtast breytingarnar á safninu á skjánum.

Hægt er að velja tónlist úr tónlistarsafninu með ýmsu móti. Til að spila t.d. tiltekið albúm skaltu velja *Plötur*, skruna að því og velja **Valkostir** > *Spila*. Eða ef hlusta skal á tiltekin lög í albúminu skaltu velja *Plötur* og albúm, merkja lögin og velja **Valkostir** > *Spila*.

#### Lagalisti

Til að taka saman og vista eigin lagalista skaltu velja *Lagalistar* > **Valkostir** > *Nýr lagalisti*. Veldu síðan minnið sem vista á lagalistann í og sláðu inn heiti hans. Merktu lögin sem á að spila og styddu á skruntakkann.

Til að hlusta á lagalista skaltu velja *Lagalistar*, skruna að lagalistanum og velja **Valkostir** > *Spila*.

Hægt er að bæta lögum við vistaðan lagalista í öðrum skjágluggum. Til að bæta t.d. við albúmi skaltu velja *Plötur*, finna albúmið, skruna að því og velja **Valkostir** > *Bæta á lagalista* > *Vistaður lagalisti*. Skruna að lagalistanum sem albúmið á að fara í og styðja á skruntakkann.

## Hlustað á tónlist

**Viðvörun:** Hlusta skal á tónlist með hæfilegum hljóðstyrk. Stöðug áraun af háum hljóðstyrk getur skaðað heyrn.

Til að hefja spilun eða gera hlé á henni skaltu velja . Til að stöðva spilun skaltu velja . Skipt er yfir í fyrra eða næsta lag með því að velja  eða . Til að spóla áfram eða til baka skaltu halda  eða  inni.

Til að sjá lista sem er í spilun skaltu velja .

Til að fara aftur í biðham og hafa tónlistarpilarann í bakgrunni skaltu styðja á hætta-takkann.

Til að spilun laga sé endurtekin skaltu velja **Valkostir** > *Endurtaka*. Veldu *Öll lög* til að endurtaka öll lög sem eru í spilun, *Eitt* til að endurtaka lagið sem verið er að spila eða *Óvirkt* til að lög séu ekki endurtekin.

### Bankskipanir tónlistarspilarans

Til að gera hlé á spilun eða hefja aftur spilun eftir hlé skaltu banka tvisvar á efri hluta takkaborðsins.

Til að sleppa lögum skaltu banka tvisvar með fingurgómunum, annaðhvort vinstra eða hægra megin á símann neðantil. Til að hægt sé að nota bankskipanirnar þarf að gera þær virkar í *Bankstillingar*. Sjá „Bankstillingar" á bls. 70.



### Hljóðstillingar

Með *Hljóðstillingar* er hægt að stilla tóninn og setja inn hljóðáhrif. Veldu **Valkostir** > *Hljóðstillingar*.

### Tónjafnari

Með *Tónjafnari* er hægt að auka eða minnka tíðni meðan á spilun stendur og breyta því hvernig tónlistin hljómar.

Veldu **Valkostir** > *Hljóðstillingar* > *Tónjafnari*. Til að nota forstillingu skaltu skruna að henni og velja **Valkostir** > *Kveikja*.

**Ný forstilling**

1. Til að koma upp nýrri forstillingu skaltu velja **Valkostir** > *Ný forstilling* og slá inn heiti hennar.
2. Til að fara úr einu tíðnisviði í annað skaltu skruna til vinstri eða hægri. Til að auka eða minnka hljóð á tíðnisviði skaltu skruna upp eða niður.
3. Veldu **Til baka**.

# ■ Visual Radio

Þú getur notað Visual RadioTM forritið sem FM-útvarp með því að stilla og velja stöðvar sjálfvirkt, eða með sjónrænum upplýsingum um útvarpsefnið, ef þú stillir á stöðvar sem bjóða upp á Visual Radio þjónustuna. Visual Radio þjónustan notar pakkagögn (sérþjónusta).

Til að nota Visual Radio þjónustuna verður að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- Útvarpsstöðin og símafyritækið verða að styðja þessa þjónustu.
- Þú verður að hafa valið internetaðgangsstaðinn til að fá aðgang að visual radio miðlara símafyrirtækisins.
- Forstillta útvarpstöðin verður að hafa tilgreint rétt auðkenni Visual Radio þjónustunnar og bjóða upp á þjónustuna.

Ekki er hægt að kveikja á Visual Radio þegar sniðið *Ótengdur* er virkt.

FM-útvarpið þarf annað loftnet en það sem er á þráðlausa tækinu. Samhæft höfuðtól eða aukahlutur þarf að vera tengdur tækinu ef FM-útvarpið á að virka rétt.

**Viðvörun:** Hlusta skal á tónlist með hæfilegum hljóðstyrk. Stöðug áraun af háum hljóðstyrk getur skaðað heyrn.

Þú getur hringt eða svarað í símann meðan þú hlustar á útvarpið. Það er sjálfkrafa slökkt á útvarpinu þegar talað er í símann.

## Kveikt á útvarpinu

Veldu **Valmynd** > *Tónlist* > *Radio* til að kveikja á Visual Radio.

Til að slökkva á útvarpinu skaltu velja **Hætta**.

## Stilla á og vista útvarpsstöð

Til að leita að útvarpsstöðvum þegar kveikt er á útvarpinu skaltu skruna að eða og styðja á skruntakkann. Leitinni er hætt þegar stöð finnst. Veldu **Valkostir** > *Vista stöð* til að vista stöðina. Skrunaðu að þeim stað þar sem vista á stöðina og styddu á skruntakkann. Sláðu inn heiti stöðvarinnar og veldu **Í lagi**.

## Notkun útvarpsins

Til að stilla hljóðstyrkinn skaltu styðja á hljóðstyrkstakkana.

Veldu  eða  til að skruna að næstu eða fyrri stöð sem er vistuð. Takkarnir eru óvirkir ef engar stöðvar hafa verið vistaðar.

Þegar þú notar samhæft höfuðtól skaltu styðja á höfuðtólstakkann til að skruna að vistaðri stöð.

Þegar kveikt er á útvarpinu skaltu velja **Valkostir** og úr eftirfarandi valkostum:

*Opna sjónr. þjónustu* — Til að hefja sendingu sjónræns efnis.

*Stöðvaskrá* — Til að ræsa stöðvaskrá (sérþjónusta) til að leita að tiltækum útvarpsstöðvum og vista þær til notkunar síðar.

*Vista stöð* — Til að vista útvarpsstöðina.

*Stöðvar* — Til að opna lista yfir stöðvar.

*Handvirk leit* — Til að stilla handvirkt á útvarpsstöð.

*Virkja hátalara* — Til að hlusta á útvarpið með hátalaranum. Til að gera hátalarann óvirkan skaltu velja *Slökkva á hátalara*.

*Spila í bakgrunni* — Settu Visual Radio í bakgrunn þannig að biðskjárinn birtist.

*Stillingar* — Til að breyta eða skoða stillingarnar á Visual Radio.

*Hætta* — Til að slökkva á útvarpinu.

## Stöðvalisti

Þegar kveikt er á útvarpinu skaltu velja **Valkostir** > *Stöðvar*.

Stöðvalistinn er notaður til að vinna með vistaðar útvarpsrásir. Þegar þú opnar listann er stöðin sem verið er að hlusta á auðkennd ef hún er vistuð. Ef hún er það ekki er fyrsta vistaða stöðin auðkennd.

Veldu **Valkostir** og úr eftirtöldum valkostum:

*Stöð* > *Hlusta* — til að hlusta á stöð sem valin er.

*Stöð* > *Breyta* — til að skoða stillingarnar á auðkenndu stöðinni. Sjá „Uppsetning útvarpsstöðvar“ á bls. 90.

*Stöð* > *Færa* — til að færa stöð í annað sæti á listanum.

*Stöð* > *Eyða* — til að eyða auðkenndu stöðinni af stöðvalistanum.

*Stöðvaskrá* — til að gera stöðvaskrána virka (sérþjónusta).

### Uppsetning útvarpsstöðvar

Skrunaðu að stöð á stöðvalistanum, styddu á skruntakkann og veldu *Breyta* til að breyta eftirfarandi stillingum:

*Heiti* — til að breyta nafni stöðvarinnar.

*Staðsetning* — til að breyta sæti stöðvarinnar.

*Tíðni* — til að breyta tíðni stöðvarinnar.

*Auðkenni sjónr. þjón.* — til að breyta auðkenni sjónrænu þjónustunnar.

*Ræsa sjónr. þjónustu* — til að leyfa eða banna skoðun sjónræns efnis völdu útvarpsstöðvarinnar.

## Skoðun sjónræns efnis

Hægt er að skoða sjónrænt efni stöðvar ef hún er vistuð í stöðvalistanum og sjónræn þjónusta er virk fyrir stöðina.

Símafyrirtækið eða þjónustuveitan veitir upplýsingar um framboð, kostnað og áskrift að þjónustunni.

Til að skoða sjónrænt efni völdu stöðvarinnar skaltu skruna að  og styðja á skruntakkann.

Ef auðkenni sjónrænu þjónustunnar er ekki vistað í stöðvalistanum þarftu að slá það inn. Eftir að þú hefur slegið það inn skaltu velja **Í lagi**. Ef þú hefur ekki auðkenni sjónrænu þjónustunnar skaltu velja **Sækja** til að komast í stöðvaskrána (sérþjónusta).

Til að loka fyrir sendingu sjónræns efnis án þess að loka fyrir útvarpið skaltu velja **Loka**.

Til að stilla ljósið og tímann þar til orkusparnaður verður virkur skaltu velja **Valkostir** > *Skjástillingar*.

## Stillingar Visual Radio

Þegar kveikt er á útvarpinu skaltu velja **Valkostir** > *Stillingar* og úr eftirfarandi valkostum:

*Opnunartónn* — til að kveikja eða slökkva á opnunartóninum.

*Sjálfvirk þjónusta* — til að gera sjálfvirkan skjá með sjónrænu efni virkan eða óvirkan.

*Aðgangsstaður* — til að velja aðgangsstaðinn.

## Stöðvaskrá

Með stöðvaskránni (sérþjónusta) er hægt að velja Visual Radio eða venjulegar útvarpsstöðvar af lista, flokkaðar í nokkrar möppur.

Símafyrirtækið eða þjónustuveitan veitir upplýsingar um framboð, kostnað og áskrift að þjónustunni.

### Stöðvaskráin opnuð í skjá sjónræns efnis

Til að sækja auðkenni sjónrænu þjónustunnar og ræsa sjónrænt efni fyrir opna útvarpsstöð skaltu skruna að , styðja og skruntakkann og velja *Sækja*. Eftir að tengingu hefur verið komið á við stöðvaskrána skaltu velja staðsetningu sem er næst þér af lista með möppum og styðja á skruntakkann.

Tækið ber tíðni útvarpsstöðvanna á listanum við tíðnina sem stillt er á. Ef samsvarandi tíðni finnst birtist auðkenni stöðvarinnar sem stillt er á. Veldu **Í lagi** til að hefja flutning sjónræna efnisins.

Ef það eru fleiri en ein útvarpsstöð með tíðnina eru þær birtar á lista með auðkenni sínu.

Skrunaðu að tiltekinni útvarpsstöð á listanum og veldu hana. Þá birtist útvarpsstöðin sem stillt er á ásamt auðkenni sínu. Veldu **Í lagi** til að hefja flutning sjónræna efnisins.

### Stöðvaskráin opnuð úr Valkostum

Til að opna stöðvaskrána (sérþjónusta) úr stöðvalistanum skaltu velja **Valkostir** > *Stöðvaskrá*.

Eftir að tengingu hefur verið komið á við stöðvaskrána þarftu að velja þá staðsetningu sem er næst þér af lista yfir sæti.

Útvarpsstöðvar með sjónrænu efni eru merktar með .

Skrunaðu að stöðinni sem þú vilt velja og styddu á skruntakkann til að opna valmynd fyrir útvarpsstöðvarnar:

*Hlusta* — til að stilla á auðkenndu útvarpsstöðina. Til að staðfesta tíðnina skaltu velja **Já**.

*Opna sjónr. þjónustu* — til að opna sjónrænt efni þeirrar útvarpsstöðvar sem stillt er á (þegar það er hægt).

*Vista* — til að vista upplýsingar um stöðina sem er opin á stöðvalistanum.

# 15. Íþróttir

Áður en byrjað er í reglulegri þjálfunaráætlun skal leita ráða hjá lækni.

**Viðvörun:** Þjálfun getur falið í sér einhverja áhættu, sérstaklega fyrir kyrrsetufólk. Áður en byrjað er í reglulegri þjálfunaráætlun skal leita ráða hjá lækni.

Hafa þarf fjölmörg atriði í huga þegar hraði og þyngd æfinga eru ákvörðuð. Meðal þessara atriða má nefna aldur, tíðni æfinga og almennt líkamlegt ástand.

Til viðbótar við þyngd æfinga er fjöldi atriða sem geta aukið áhættuna við þjálfunina, sérstaklega ef þú ert með háan blóðþrýsting, hátt kólesteról eða einhver einkenni um einhvern sjúkdóm eða ef þú ert að ná þér eftir alvarleg veikindi eða læknismeðferð, t.d. skurðaðgerð; eða hjarta, blóðrás eða ef þú notar gangráð eða annan ígræddan rafeindabúnað.

Til að innbyggði skrefmælirinn sýni nákvæmni þarf að festa símann í beltið. Skrefmælirinn sýnir einungis nákvæmni þegar gengið er eða hlaupið. Hægt er að nota valfrjálsan Bluetooth GPS aukabúnað til að mæla vegalengdir og hraða.

Íþróttastaðan verður virk ef skiptitakkanum er haldið inni þar til skjárinn *Íþróttir* birtist. Þegar ljósið á skruntakkanum verður rautt er íþróttastaðan orðin virk. Í fyrsta sinn sem íþróttastaðan er gerð virk biður tækið um að slegið sé lykilorð, það sé staðfest og síðan slegnar inn stillingar fyrir *Persónuleg gögn*. Nauðsynlegt er að slá inn stillingar fyrir *Persónuleg gögn* til að skrefmælirinn og æfingaáætlunin sýni nákvæmni.

Í íþróttastöðunni er hægt að vakta og skrá æfingar, gera æfingaáætlun, skoða framfarir og taka próf.

Eftirfarandi atriði birtast á skjánum *Íþróttir*:




1. Tákn til að opna *Af stað*, *Dagbók* og *Próf*.
2. Núgildandi markmið og framfarir.

   Ef mörg markmið hafa verið sett, skaltu skruna niður að þeim og síðan til vinstri eða hægri til að skoða þau. Til að sjá upplýsingar um framfarir samkvæmt settu markmiði skaltu styðja á skruntakkann.
3. Næsta æfing á áætlun. Ef um nokkur markmið er að ræða og engin æfing er á áætluninni birtist markmið í stað áætlaðrar æfingar.

   Til að hefja vöktun næstu æfingar á áætlun skaltu skruna niður að henni og styðja á skruntakkann.

## ■ Æfingar

Til að hefja æfingu á aðalskjánum *Íþróttir* skaltu velja **Valkostir** > *Æfingar*, skruna að æfngunni og velja **Valkostir** > *Byrja*. Styddu á skruntakkann til að hefja vöktun.

Til að búa til nýja æfingu eða breyta stillingum æfingar skaltu velja **Valkostir** > *Æfingar* á aðalskjánum, og síðan **Valkostir** > *Búa til nýja* eða skruna að æfingunni og velja **Valkostir** > *Breyta* og úr eftirfarandi stillingum:

*Heiti æfingar* — til að gefa æfingunni heiti. Aðeins er hægt að gefa heiti þeim æfingum sem búnar hafa verið til.

*Gögn og útlit* — til að tilgreina hvaða gögn eiga að birtast á vöktunarskjánum og hvernig hann á að líta út. Til að breyta útlitinu skaltu velja **Valkostir** > *Velja útlit*, skruna að því útliti sem nota skal og styðja á skruntakkann. Til að tilgreina hvaða upplýsingar birtast í ramma, skaltu skruna að rammanum, velja **Valkostir** > *Breyta* og velja síðan hvaða gögn eiga að birtast.

*nota Bluetooth GPS* > *Já* — til að nota Bluetooth GPS aukabúnað við vöktun, ef hann er til staðar. Hægt er að nota Bluetooth GPS aukabúnað til að vakta og skrá hraða og vegalengdir við æfingar þegar ekki er hægt að nota skrefmælirinn, t.d. í róðri og hjólreiðum.

*Tímastillt raddsvörun* > *Kveikt* — til að geta hlustað á upplýsingar um æfinguna með jöfnu millibili meðan á henni stendur.

## ■ Markmið sett

Til að setja sér vikuleg eða mánaðarleg markmið skaltu velja **Valkostir** > *Velja markmið*, velja tiltekið tímabil og síðan markmið. Hægt er að velja nokkur markmið samtímis.

## ■ Af stað

Til að hefja vöktun þegar í stað:

1. Veldu *Af stað*.

   Ef Bluetooth-tenging er virk og *nota Bluetooth GPS* er stillt á *Já* í æfingunni, þá leitar síminn sjálfkrafa að Bluetooth-tækjum. Veldu aukabúnaðinn af listanum.

2. Til að breyta tegund æfingar skaltu velja **Valkostir** > *Æfing* og tegund æfingar. Til að stilla álag æfingarinnar skaltu velja *Álag* og tiltekið álag.

   Til að setja inn markmið skaltu velja *Velja markmið æfingar*. Til að slá markmiðið inn handvirkt skaltu velja *Handvirkt*, styðja á skruntakkann, velja

markmiðið og, ef þörf krefur, slá inn gildi. Til að velja markmið frá áætlaðri eða lokinni æfingu skaltu velja *Úr dagbók*, tegund markmiðs og markmiðið.

3. Til að hefja vöktun skal styðja á skruntakkann á vöktunarskjánum. Til að skoða aðrar töflur með öðrum æfingagögnum skaltu skruna til hægri.

   Til að hlusta á upplýsingar um yfirstandandi æfingu skaltu banka tvisvar á efri hluta takkaborðsins. Til að hægt sé að nota bankskipanirnar þarf að gera þær virkar í *Bankstillingar*. Sjá „Bankstillingar" á bls. 70.

   Til að geyma hringtíma skaltu velja *Hringur* í hvert sinn sem þú byrjar á nýjum hring.

   Til að stöðva vöktun skaltu velja **Gera hlé** and **Hætta**. Æfingin er skráð sjálfvirkt í dagbókina.

## ■ Dagbók

Til að gera æfingaáætlanir og skoða, skrá og vinna úr skráningum skaltu velja *Dagbók*. Til að skoða áætlaðar æfingar og æfingar sem lokið hefur verið á tilteknum degi skaltu skruna að deginum og velja **Valkostir** > *Opna*. Til að skoða lista yfir allar áætlaðar æfingar og æfingar sem lokið hefur verið á mánaðarskjánum skaltu velja **Valkostir** > *Skoða lista*.

Til að setja inn niðurstöður æfingar sem ekki var vöktuð og skráð af símanum skaltu skruna að dagsetningunni og velja **Valkostir** > *Bæta við niðurstöðu*, slá inn upplýsingarnar og velja **Lokið**.

Til að skipuleggja einstaka æfingu eða nokkrar endurteknar æfingar skaltu skruna að æfingadeginum og velja **Valkostir** > *Áætlun* > *Ein æfing*. Til að endurtaka æfinguna á tilteknum dögum í nokkrar vikur skaltu velja *Endurtekningar*, velja þá daga sem æfing skal endurtekin og slá inn vikufjöldann.

Til að búa til langtímaáætlun sem byggist sjálfkrafa á óskum þínum og markmiðum skaltu velja **Valkostir** > *Áætlun* > *Líkamsræktarþjálfari*, til greina stillingarnar og velja *Búa til áætlun*.

## ■ Próf

Til að taka próf í *Íþróttir* skaltu velja *Próf* og tiltekið próf. Farið eftir leiðbeiningunum.

Til að skoða niðurstöður úr prófi og fylgjast með framförum á skjánum *Próf* skaltu velja **Valkostir** > *Niðurstöður*.

## Stillingar

Veldu **Valkostir** > *Stillingar* á aðalskjánum, og síðan úr eftirfarandi valkostum:

*Almennar stillingar* > *Mælieining* — til að velja hvaða mælieiningar skal nota.

*Almennar stillingar* > *Baklýsing* — til að stilla hve lengi baklýsingin á að lýsa.

*Persónuleg gögn* — til að slá inn kyn, fæðingardag, hæð, þyngd, þrekstig, hámarkshjartsláttartíðni og hjartsláttartíðni í hvíld.

Til að breyta lykilorðinu fyrir *Persónuleg gögn* skaltu velja **Valkostir** > *Breyta lykilorði*, slá inn gamla lykilorðið og síðan hið nýja og staðfesta það.

Veldu **Valkostir** > *Eyða öllum gögnum* til að eyða öllum gögnum. Öllum gögnum, þar með talið niðurstöðum æfinga, æfingaáætlunum og persónulegum gögnum, er eytt.

## Nokia Sports Manager

Með Nokia Sports Manager er hægt að skoða og vinna úr æfingagögnum á samhæfri tölvu. Hugbúnaðinum er hlaðið niður á slóðinni www.nokia.com/support.

# 16. Upplýsingar um rafhlöðu

## Hleðsla og afhleðsla

Tækið gengur fyrir rafhlöðu sem hægt er að endurhlaða. Rafhlaða nær ekki fullum afköstum fyrr en hún hefur verið hlaðin og afhlaðin tvisvar til þrisvar sinnum. Hægt er að hlaða og afhlaða rafhlöðu nokkur hundruð sinnum en að því kemur að hún gengur úr sér. Þegar tal- og biðtími er orðinn mun styttri en eðlilegt er skal skipta um rafhlöðu. Aðeins skal nota rafhlöður sem samþykktar eru af Nokia og aðeins skal endurhlaða rafhlöðu með hleðslutækjum sem Nokia hefur samþykkt til notkunar með þessu tæki.

Ef verið er að nota vararafhlöðu í fyrsta skipti eða ef rafhlaðan hefur ekki verið notuð í langan tíma kann að vera nauðsynlegt að tengja hleðslutækið og aftengja það síðan og tengja aftur til að hefja hleðsluna.

Taka skal hleðslutækið úr sambandi við rafmagnsinnstungu og tækið þegar það er ekki í notkun. Ekki má hafa fullhlaðna rafhlöðnu í sambandi við hleðslutæki þar sem ofhleðsla getur stytt líftíma hennar. Fullhlaðin rafhlaða tapar hleðslunni smátt og smátt ef hún er ekki í notkun.

Ef rafhlaðan er alveg tæmd geta liðið nokkrar mínútur þar til hleðsluvísirinn birtist á skjánum eða þar til hægt er að hringja.

Aðeins skal nota rafhlöðuna til þess sem hún er ætluð. Aldrei skal nota skemmt hleðslutæki eða rafhlöðu.

Gæta skal þess að valda ekki skammhlaupi í rafhlöðunni. Skammhlaup getur orðið fyrir slysni þegar málmhlutur, svo sem mynt, bréfaklemma eða penni veldur beinni tengingu milli + og - skautanna á rafhlöðunni. (Þau líta út eins og málmrendur á rafhlöðunni.) Til dæmis getur þetta gerst þegar vararafhlaða er höfð í vasa eða tösku. Skammhlaup milli skautanna getur valdið skemmdum á rafhlöðunni eða hlutnum sem veldur tengingunni.

Ef rafhlaðan er skilin eftir í miklum hitum eða kuldum, til dæmis í lokuðum bíl að sumar- eða vetrarlagi, dregur það úr afkastagetu hennar og endingu. Æskilegast er að rafhlaðan sé alltaf höfð í hita á bilinu frá 15°C að 25°C (frá 59°F að 77°F). Tæki með of heitri eða of kaldri rafhlöðu getur orðið óvirkt um tíma, þó svo að rafhlaðan sé fullhlaðin. Einkum hefur mikið frost takmarkandi áhrif á rafhlöður.

Ekki má fleygja rafhlöðum í eld þar sem þær geta sprungið. Rafhlöður geta einnig sprungið ef þær skemmast. Farga skal rafhlöðum í samræmi við staðbundin lög og reglugerðir. Skila skal þeim í endurvinnslu þegar mögulegt er. Ekki skal fleygja þeim með heimilisúrgangi.

## ■ Leiðbeiningar um sannvottun á rafhlöðum frá Nokia

Notaðu alltaf rafhlöður frá Nokia til að tryggja öryggi þitt. Til að tryggja að þú fáir rafhlöður frá Nokia skaltu kaupa þær hjá viðurkenndum söluaðila Nokia, ganga úr skugga um að „Nokia Original Enhancements“ táknið sé á umbúðunum og skoða heilmyndarmiðann á eftirfarandi hátt:

Þó svo að þessum fjórum skrefum sé fylgt nákvæmlega er það ekki fullkomin trygging fyrir því að rafhlaðan sé sannvottuð. Ef þú hefur minnstu ástæðu til að ætla að rafhlaðan þín sé ekki ósvikin Nokia rafhlaða skaltu ekki nota hana heldur fara með hana til viðurkennds þjónustu- eða söluaðila Nokia. Viðurkenndir þjónustu- og söluaðilar Nokia kanna sannvottun rafhlöðunnar. Ef ekki er hægt að staðfesta sannvottunina skaltu skila rafhlöðunni til verslunarinnar þar sem þú keyptir hana.

### Sannvottun heilmyndar




1. Þegar þú horfir á heilmyndina á miðanum ættirðu að sjá Nokia-handabandstáknið frá einu sjónarhorni og „Nokia Original Enhancements“ táknið frá öðru.



2. Þegar þú snýrð heilmyndinni til vinstri, hægri, upp eða niður ættirðu að sjá 1, 2, 3, eða 4 punkta, allt eftir staðsetningu hennar.



3. Skafðu hliðina á miðanum og þá á að koma í ljós 20 stafa tala, t.d. 12345678919876543210. Snúðu rafhlöðunni þannig að tölurnar vísi upp. 20 stafa talan byrjar í efri röðinni og heldur áfram í neðri röðinni.



4. Fáðu staðfestingu á því að 20 stafa talan sé gild með því að fylgja leiðbeiningunum á www.nokia.com/batterycheck.

Til að búa til textaskilaboð skaltu slá inn 20 stafa töluna, t.d. 12345678919876543210, og senda hana á +44 7786 200276.

Gjaldskrá innlendra og erlendra símafyrirtækja gildir.

Þá áttu að fá skilaboð sem segja til um hvort hægt er að sannvotta töluna eða ekki.

**Hvað ef rafhlaðan er ekki ósvikin?**

Ef þú getur ekki staðfest að Nokia-rafhlaðan með heilmyndinni á miðanum sé ósvikin Nokia-rafhlaða skaltu ekki nota rafhlöðuna. Farðu með hana til næsta viðurkennda þjónustuaðila eða sölustaðar Nokia til að fá aðstoð. Notkun rafhlaða sem eru ekki samþykktar af framleiðanda getur verið hættuleg. Hún getur jafnframt leitt til þess að tækið og aukahlutir þess virki ekki sem skyldi eða skemmist. Notkun þeirra kann jafnframt að ógilda allar þær samþykktir eða ábyrgðir sem eiga við tækið.

Nánari upplýsingar um ósviknar Nokia rafhlöður er að finna á www.nokia.com/battery.

# Umhirða og viðhald

Í tækinu fer saman frábær hönnun og flókin tækni sem fara þarf gætilega með. Eftirfarandi leiðbeiningar hjálpa til við að halda tækinu í ábyrgð.

- Halda skal tækinu þurru. Úrkoma, raki og hvers kyns vökvar geta innihaldið steinefni sem tæra rafrásirnar. Ef tækið blotnar skal fjarlægja rafhlöðuna og leyfa því að þorna alveg áður en rafhlaða er sett í aftur.
- Ekki skal nota tækið á rykugum og óhreinum stöðum né geyma það þar. Færanlegu hlutirnir og rafrænir hlutar þess geta skemmst.
- Ekki skal geyma tækið á heitum stað. Hátt hitastig getur dregið úr endingu rafeindatækja, skemmt rafhlöður og undið eða brætt sum plastefni.
- Ekki skal geyma tækið á köldum stað. Þegar tækið hitnar upp að eðlilegu hitastigi getur raki myndast innan í því og hann getur skemmt rafrásaspjöld.
- Ekki skal reyna að opna símann öðruvísi en tilgreint er í þessari handbók.
- Tækinu skal ekki henda, ekki skal banka í það eða hrista það. Óvarleg meðferð getur skemmt innri rafrásarspjöld og fíngerðan búnað.
- Ekki skal nota sterk efni, leysiefni til hreingerninga eða sterk hreinsiefni til þess að þrífa tækið.
- Ekki skal mála tækið. Málningin getur fest hreyfanlega hluti tækisins og komið í veg fyrir að þeir vinni rétt.
- Nota skal mjúkan, hreinan, þurran klút til að hreinsa linsur, líkt og myndavélar-, fjarlægðarnema- og ljósnemalinsur.
- Aðeins skal nota loftnetið sem fylgir með símanum eða samþykkt varaloftnet. Ósamþykkt loftnet, breytingar á þeim eða viðbætur, gætu skemmt tækið og kunna að brjóta í bága við ákvæði laga og reglugerða um senditæki.
- Nota skal hleðslutæki innandyra.
- Alltaf skal taka öryggisafrit af gögnum sem á að geyma, eins og tengiliðum og dagbókaratriðum, áður en tækið er sent til þjónustuaðila.

Allar ofangreindar ábendingar eiga jafnt við tækið, rafhlöðuna, hleðslutækið eða aðra aukahluti. Ef tæki vinnur ekki rétt skal fara með það til næsta viðurkennda þjónustuaðila til lagfæringar.

# Viðbótaröryggisupplýsingar

Í tækinu og aukahlutum þess geta verið litlir hlutir. Þá skal geyma þar sem lítil börn ná ekki til.

## Vinnuumhverfi

Hafa ber í huga að farið sé að öllum sérstökum reglugerðum sem gilda á hverju svæði og að slökkva alltaf á tækinu þar sem notkun þess er bönnuð, eða þar sem hún kann að valda truflun eða hættu. Tækið notist aðeins í hefðbundinni stöðu. Þetta tæki uppfyllir skilyrði um leyfileg mörk útvarpsbylgna (RF) við notkun annaðhvort í hefðbundinni stöðu við eyrað eða þegar það er haft að minnsta kosti 1,5 sentímetra (5/8 tommur) frá líkamanum. Ef taska, beltisklemma eða hald er notað þegar tækið er borið á líkamanum við notkun ætti slíkur búnaður ekki að innihalda málm og halda ætti tækinu að minnsta kosti í þeirri fjarlægð frá líkamanum sem nefnd var hér á undan.
Til að senda gagnaskrár eða boð þarf þetta tæki góða tengingu við símkerfið. Í sumum tilvikum getur sending gagna eða boða tafist þar til slík tenging er tiltæk. Tryggja skal að ofangreindum fjarlægðarfyrirmælum sé fylgt þar til sendingu er lokið.

Hlutar tækisins eru segulmagnaðir. Málmefni gætu dregist að tækinu. Ekki má geyma kreditkort eða aðra segulmagnaða hluti með geymsluminni nálægt tækinu því upplýsingar sem þar eru geymdar gætu þurrkast út.

## Lækningatæki

Notkun búnaðar sem sendir frá sér útvarpsbylgjur, þar með talin notkun þráðlausra síma, kann að trufla virkni lækningatækja sem ekki eru nægilega vel varin. Hafa skal samband við lækni eða framleiðanda lækningatækisins til þess að komast að því hvort það sé nægilega vel varið fyrir utanaðkomandi útvarpsbylgjum eða til að afla nánari upplýsinga. Slökkva skal á tækinu í námunda við heilsugæslustöðvar ef auglýstar reglur þess efnis kveða á um að það sé gert. Sjúkrastofnanir eða heilsugæslustöðvar kunna að nota búnað sem getur verið næmur fyrir utanaðkomandi útvarpsbylgjum.

### Gangráðar

Framleiðendur gangráða mæla með því að 15,3 sentímetra (6 tommu) lágmarksbil sé haft á milli þráðlauss síma og gangráðs til þess að komist sé hjá hugsanlegri truflun í gangráðinum. Þessi tilmæli eru í samræmi við sjálfstæða rannsókn og tilmæli frá Wireless Technology Research. Þeir sem nota gangráð ættu að gera eftirfarandi:

- Alltaf að halda tækinu í meira en 15,3 sentímetra (6 tommu) fjarlægð frá gangráðinum
- Ekki að bera tækið í brjóstvasa
- Hafa tækið við eyrað sem er fjær gangráðinum til að draga úr líkum á truflunum.

Ef grunur leikur á að tækið trufli gangráðinn skal slökkva á því og færa það í burtu.

### Heyrnartæki

Tiltekin stafræn þráðlaus tæki geta truflað sum heyrnartæki. Ef truflun verður skal leita til þjónustuaðila.

## ■ Ökutæki

Útvarpsbylgjur kunna að hafa áhrif á rafeindakerfi í vélknúnum ökutækjum, séu þau ekki rétt upp sett eða ekki nægilega varin, svo sem rafeindastýrða eldsneytisgjöf, rafeindastýrð hemlakerfi (með læsivörn), rafeindastýrð hraðakerfi og loftpúðakerfi. Nánari upplýsingar má fá hjá framleiðanda bílsins eða búnaðarins sem bætt hefur verið við eða fulltrúa hans.

Aðeins á að fela fagmönnum að gera við tækið eða setja tækið upp í ökutæki. Gölluð uppsetning eða viðgerð kann að valda hættu og ógilda hvers kyns ábyrgð sem kann að vera á tækinu. Ganga skal reglulega úr skugga um að allur þráðlaus tækjabúnaður í ökutækinu sé rétt uppsettur og vinni rétt. Ekki má geyma eða flytja eldfima vökva, lofttegundir eða sprengifim efni í sama rými og tækið, hluta úr því eða aukahluti með því. Ef ökutæki er búið loftpúða skal hafa hugfast að loftpúðar blásast út af miklum krafti. Ekki má setja hluti, þar með talinn uppsettan eða færanlegan þráðlausan búnað, á svæðið yfir loftpúðanum eða á útþenslusvið loftpúðans. Ef þráðlaus búnaður í bíl er illa settur upp og loftpúðinn þenst út getur slíkt orsakað alvarleg meiðsl.

Notkun tækisins meðan á flugi stendur er bönnuð. Slökkva skal á tækinu áður en gengið er um borð í flugvél. Notkun þráðlausra fjarskiptatækja í flugvél getur skapað hættu við stjórn flugvélarinnar, rofið þráðlaust símasamband og verið ólöglegt.

## ■ Sprengifimt umhverfi

Slökkva skal á tækinu á svæðum þar sem hætta er á sprengingum og fara að öllum tilmælum sem sjást á skiltum og leiðbeiningum. Sprengifimt andrúmsloft telst vera á svæðum þar sem yfirleitt er beðið um að drepið sé á vél bifreiðar. Neistaflug á slíkum svæðum getur valdið sprengingu eða eldi og haft í för með sér slys og jafnvel dauðsföll. Slökkva skal á símanum á eldsneytisstöðvum, svo sem við eldsneytisdælur á bensínstöðvum. Virða skal takmarkanir á notkun útvarpsbúnaðar í eldsneytisgeymslum, svæðum þar sem geymsla og dreifing eldsneytis fer fram, efnaverksmiðjum eða þar sem verið er að sprengja. Svæði þar sem sprengihætta er mikil eru oftast auðkennd en þó ekki alltaf. Þar á meðal eru svæði undir þilfari á bátum; svæði þar sem sterk efni eru geymd eða búin til flutnings; ökutæki sem nýta fljótandi svartolíugas (própan eða bútan) og svæði þar sem í lofti eru efni eða agnir, til dæmis korn, ryk eða málmduft.

## ■ Neyðarsímtöl

**Mikilvægt:** Þráðlausir símar, þar á meðal þetta tæki, nota útvarpsmerki, þráðlaus kerfi, kapalkerfi og notendaforritaðar aðgerðir. Því er ekki hægt að tryggja tengingar við hvaða skilyrði sem er. Því skyldi aldrei treysta eingöngu á þráðlaust tæki ef um er að ræða bráðnauðsynleg fjarskipti, t.d. í bráðatilvikum.

**Neyðarsímtal:**

1. Ef slökkt er á tækinu skal kveikja á því. Athuga skal hvort nægilegur sendistyrkur sé fyrir hendi.

   Í tilteknum símkerfum kann að vera farið fram á að gilt SIM-kort sé rétt sett í tækið.
2. Ýttu eins oft á endatakkann til að hreinsa skjáinn og gera tækið reiðubúið fyrir símtöl.
3. Opinbera neyðarnúmerið fyrir viðkomandi svæði er valið. Neyðarnúmer eru breytileg eftir stöðum.
4. Styddu á hringitakkann.

Ef ákveðnar aðgerðir eru í notkun þarf ef til vill að gera þær óvirkar áður en neyðarsímtal er mögulegt. Ef tækið er með ótengdu sniði þarf að skipta um snið til að gera símaaðgerðina virka áður en hægt er að hringja neyðarsímtal. Nánari upplýsingar má fá í þessari handbók eða hjá þjónustuveitunni.

Í neyðarsímtali þarf að gefa upp allar nauðsynlegar upplýsingar eins nákvæmlega og kostur er. Þráðlausa tækið getur verið eina samskiptatækið á slysstað. Ekki má slíta símtali fyrr en að fengnu leyfi til þess.

## ■ Upplýsingar um vottun (SAR)

### Þetta þráðlausa tæki samræmist viðmiðunarreglum um áhrif af útvarpsbylgjum

Þráðlausa tækið er útvarpssendir og móttökutæki. Það er hannað með tilliti til leyfilegra marka um áhrif af útvarpsbylgjum sem alþjóðlegar viðmiðunarreglur mæla með. Þessar viðmiðunarreglur voru þróaðar af óháðu vísindastofnuninni ICNIRP og innihalda öryggismörk sem ætlað er að tryggja öryggi allra, óháð aldri og heilsufari.

Í viðmiðunarreglum um útvarpsbylgjur þráðlausra tækja er notuð mælieiningin SAR (Specific Absorption Rate). Efri mörk SAR, samkvæmt viðmiðunarreglum ICNIRP, eru 2,0 vött/kílógramm (W/kg) að meðaltali á hver 10 grömm af líkamsvef. Mælingar á SAR eru gerðar í hefðbundnum notkunarstöðum þegar tækið sendir af mesta leyfða styrk á öllum mældum tíðnisviðum. Raunverulegur SAR-styrkur tækis í notkun getur verið lægri en hámarksgildið, þar sem tækið er hannað til að nota aðeins þann styrk sem þarf til að ná sambandi við símkerfið. Fjöldi þátta hafa áhrif á styrkinn, t.d. hversu langt notandinn er frá grunnstöð. Samkvæmt viðmiðunarreglum ICNIRP er hæsta SAR-gildi fyrir notkun tækisins við eyra 0,50 W/kg.

Notkun aukabúnaðar getur valdið því að SAR-gildið sé annað. SAR-gildi kunna að vera breytileg milli landa sökum mismunandi upplýsingaskyldu, krafna og tíðnisviðs. Viðbótarupplýsingar um SAR má finna í upplýsingum um vörur á www.nokia.com

# Atriðisorðaskrá


## A

aðgangslyklar
- breyta 62
- lykilorð útilokunar 10
- númer fyrir læsingu 9, 13
- PIN- 9, 13
- PIN2 10
- PIN-númer undirskriftar 10
- PIN-númer öryggiseiningar 10
- PUK 10
- PUK2 10
- UPIN 9
- UPUK 10

aðgangsstaður
- móttaka stillinga 59
- stillingar 59

aukahlutir
- almennt 8
- stillingar 65

## B

bankskipanir
- hlustað á skilaboð 36
- raddupplýs. um æfingu 94
- stillingar 70
- tónlistarspilari 87

biðhamur
- flýtivísar 16
- stillingar 57
- virkur biðskjár 16

Bluetooth
- pöruð tæki 72
- rjúfa tengingu 73
- senda gögn 71
- taka á móti gögnum 73
- tengistillingar 71

bókamerki
- bæta við 44
- senda 44
- skoða 43

## D

dagbók 48

## F

fast númeraval 37
Flash Player 42
flýtivísar 16
forrit
- fjarlægja 67
- setja upp 66
- stillingar 67

fylgibúnaður. Sjá aukahluti.

## G

gagnaflutningur 69
gagnasnúra 86
gagnatengingarvísar 17
gallerí 38

## H

hjálp 19
hljóð- og myndspilari. Sjá RealPlayer.
hljóðstyrkur 19
hraðval
- hringja 21
- símanúmeri breytt 55
- símanúmeri eytt 55
- úthluta símanúmeri 38, 55

höfundarréttarvörn. Sjá opnunarlykla.

## I

innrauð tenging 84
innsetning
- rafhlaða 11
- SIM-kort 11

## K

kallkerfi
- aðgangsstaður 79
- beiðni um svarhringingu 81
- einstaklingshringingar 80
- hóphringingar 81
- innskráning 80
- rásir 82
- stillingar 79
- útskráning 80

kennsluforrit 19
klukka 48

## M

minniskort 52
- forsníða 52
- læsa 53
- minnisnotkun 53
- upplýsingar afritaðar 52

minnismiðar 51
minnisnotkun
- minni símans 52
- minniskort 53

mótald 85
myndavél 39

## N

neyðarhringingar 7, 100
niðurhleðsla 45
notkunarskrá
- almennt 24
- nýleg símtöl 23, 24

## O

opnunarlyklar 67

## P

PTT. Sjá kallkerfi.

## R

raddskipanir 54
raddstýrð hringing 21
rafhlaða
- afhleðsla 95
- hleðsla 13, 95
- sannvottun 96
- upplýsingar 95

RealPlayer
- spilun 40
- stillingar 41

reiknivél 51

## S

samstilling 83
SAR 101
sérþjónusta 7
símaskrá Sjá tengiliði.
símkerfi
- upplýsingar um endurvarpa 65
- velja 65

símtöl
- fast númeraval 37
- flutningur 64
- hafnað 22
- hafnað með SMS 22
- hraðval 21, 38
- hringja 20
- í bið 22
- neyðartilvik 7, 100
- raddstýrð hringing 21
- rjúfa 20
- símafundur 21
- svarað 22
- talhólf 20
- til útlanda 20
- útilokun 65
- valkostir í símtali 23
- víxla 22

skilaboð
- endurvarp 32
- hljóð 28
- hlusta 36
- margmiðlunarhlutir 29
- móttaka 29
- rita 27
- senda 27
- sérstakar skilaboðategundir 29
- SIM-skilaboð 32
- skipuleggja 30
- úthólf 31
- þjónustuskilaboð 29
- þjónustuskipanir 32

skilaboðastillingar
- aðrar stillingar 36
- endurvarp 35
- margmiðlunarstillingar 33
- textaboð 32
- tölvupóstur 34
- þjónustuskilaboð 35

skráarstjórn 51
skráning símtala. Sjá notkunarskrá.
skruntakki
- skruna 18
- velja 18

skyndiminni 45
snertival. Sjá hraðval.
snið 55
spjall
- hópar 74, 75, 77
- samtal 76
- stillingar 74
- taka upp 76
- tengiliðir 76
- tenging 73

stillingar
aukahlutir 65
biðhamur 57
dagsetning 62
flýtiritun 56
gagnasímtal 61
innsláttartungumál 56
pakkagögn 61
sími 56
símtal 57
skjár 57
stillingahjálp 70
talstilling 69
tenging 58
tími 62
tungumál síma 56
öryggi 62
stjórnandi forrita 66
stjórnandi tenginga 78
stjórnun tækis 68

## T

takkalás 20
takkavari. Sjá takkalás.
talhólf 55
talupptaka. Sjá upptaka.
tengiliðir 36
tengingar 70
textainnsláttur
afrita texta 26
eyða texta 26
flýtiritun 24, 25, 56
hefðbundinn 24
texti ritaður. Sjá textainnsláttur.
tónlistarspilari
hlustað á tónlist 87
safn 86
tölvupóstur
eyða 31
pósthólf 30
stillingar 28
sækja 30

## U

umreiknari 50
upplýsingar um vottun. Sjá SAR.
upptaka 41
USB. Sjá gagnasnúra.

## V

vafri símans. Sjá Vefur.
vafri. Sjá Vefur.
valmynd
breyta útliti 18
opna aðgerðir 18
Vefur
bókamerki skoðuð 43
rjúfa tengingu 45
skoða vistaða síðu 45
stillingar 42
stillingar vafra 46
tenging 43
vafra 44
vista síðu 45
öryggi tenginga 44
vekjaraklukka. Sjá klukka.
verkefni 49
virkur biðskjár 16
Visual Radio
kveikja á 88
skoðun sjónræns efnis 90
stilla á stöð 88
stillingar 90
stöðvalisti 89
stöðvaskrá 91
uppsetning útvarpsstöðvar 90
vista stöð 88
vísar 17
vottorð 63

## Þ

þemu 46
þjónusta. Sjá Vefur.